
ÚRKLIPPUBÓK
TABLE TENNIS
IS MY GAME

1974

Frétt frá Borðtennissambandi Íslands.

Landsleikur í borðtennis verður í Færeyjum í nóvember og fer borðtennis-landsliðið til Færeyja sunnudaginn 17.nóvember og kemur aftur 24.nóvember.

Stjórn BTÍ hefur valið þá sem fara til Færeyja.

Karlar: Ólafur H. Ólafsson Örninn
Hjálmar Aðalsteinsson K.R.
Ragnar Ragnarsson Örninn
Jón Sigurðsson Í.B.K.
Björgvin Jóhannesson Gerpla
Auk þess í tvíliðaleik: Birkir Þ. Gunnarsson Örninn
Varamaður: Jóhann Örn Sigurjónsson Örninn

Konur: Sveina S. Sveinbjörnsdóttir Gerpla
Guðrún Einarsdóttir Gerpla
Karólína Guðmundsdóttir Örninn

Eldri unglingar: Gunnar Þór Finnbjörnsson Örninn
Jónas Kristjánsson Örninn
Hjörtur Jóhannsson Í.B.K.

Yngri unglingar: Hjálmtýr Hafsteinsson K.R.
Guðmundur Jóhannsson Gerpla
Tómas Guðjónsson K.R.

Fararsjóri verður Sigurður Guðmundsson.

Fréttir frá Borðtennissambandi Íslands.

Opið fjáröflunarmót í borðtennis fór fram sunnudaginn 13.oktober í Íþróttahúsinu í Njarðvík. Úrslit urðu að Gunnar Þór Finnbjörnsson Erninum sygraði. Í öðru sæti varð Hjálmar Aðalsteinsson K.R. Mótið var haldið af borðtennisdeild Í.B.K. og var Birgir Árnason mótstjóri.

S.O.C. eða opna sænska mótið verður haldið í Karlshamn í Svíþjóð 28.nóv - 1.des. Þátttaka tilkynnist Sveini Áka Lúðvíkssyni í síma 19577 á kvöldin.

Ársþing Borðtennissambands Íslands verður haldið 9.nóvember kl.14,oo á [struck out]. Hotel Loftleiðum Leifsbúð

Sunnudaginn 20.október verður formannafundur borðtennissambanda Norðurlanda haldinn í Osló . Formaður BTÍ Sveinn Áki Lúðvíksson situr fundinn af Íslands hálfu.

Fundur verður með Færeyjarförum mánudaginn 21.október kl.20,oo á skrifstofu BTÍ í Íþróttamiðstöðini Laugardal nýja húsið 1.hæð.

Aríðandi er að allir mæti eða boði forföll til fararstjóra í síma:21511 eða 81810.

1976



Hjálmar tapaði tveimur fyrstu lotunum í úrslitaleiknum,en lék síðan af öryggi og sigraði í þremur næstu.

# Hjálmar sigraði glæsilega

Hjálmar Aðalsteinsson KR sigraði í borðtennismóti Arnarins, Arnarmótinu, í annað sinn. Hjálmar keppti til úrslita við Jón Sigurðsson UMFN og sigraði hann 3-2 eftir að Jón hafði verið kominn í 2-0. Jón vann fyrstu tvær loturnar 21-16 og 21-19, en síðan vann Hjálmar þrjár í röð, 21-17, 21-18, 21-17 og sigraði í mótinu.

Hjálmar sigraði sterka menn á leið sinni í úrslitaleikinn, þá Gunnar Finnbjörnsson, sem vann mótið '75, og Ólaf H. Ólafsson Íslandsmeistarann frá því í fyrra. Í undanúrslitum sigraði Jón Tómas Guðjónsson KR, en þar á undan Hjört Jóhannsson UMFN, en þeir eru báðir mjög góðir.

Með þessum sigri flyst Hjálmar upp í annan flokk, og sannar að sami maðurinn geti unnið mótið tvisvar, en engum hefur tekist það til þessa.

G.Jóh

Þjóðviljinn
27 janúar 1976

## Reykjavíkurmótið í borðtennis:

# Gunnar Finnbjörnsson tvöfaldur meistari!

Hinn ungi og fjölhæfi íþróttamaður, Gunnar Finnbjörnsson, sonur hins gamalkunna frjálsíþróttamanns Finnbjörns Þorvaldssonar, varð Reykjavíkurmeistari í einliðaleik karla í borðtennis 1976.

Gunnar lék til úrslita í einliðaleiknum við Íslandsmeistarann Ólaf H. Ólafsson í mótinu, sem háð var í Laugardalshöllinni í gær, og sigraði hann 18:21, 21:8, 22:20 og 21:15.

Gunnar varð einnig Reykjavíkurmeistari í tvíliðaleik karla — ásamt Ragnari Ragnarssyni, Erninum — en þar sigruðu þeir þá Hjálmty Hafsteinsson og Tómas Guðjónsson KR í úrslitum 18:21, 21:15 og 21:11.

Reykjavíkurmeistari í einliðaleik kvenna varð Ásta Urbancic, Erninum, en hún sigraði Karolínu Guðmundsdóttur, sama félagi, í úrslitaleiknum 18:21, 21:14 og 21:16. Í tvenndarkeppninni sigruðu þau Bergþóra Valsdóttir og Ólafur H. Ólafsson, en þau léku þar til úrslita við Karólínu Guðmundsdóttur og Birki Þ. Gunnarsson.

Í tvíliðaleik unglinga léku til úrslita Hjálmtýr Hafsteinsson og Tómas Guðjónsson KR á móti Óskari Bragasyni og Ágústi Hafsteinssyni KR, og sigruðu þeir Hjálmtýr og Tómas 21:11 og 21:12. Í einliðaleik unglinga léku þeir félagar Hjálmtýr og Tómas til úrslita og sigraði Hjálmtýr í þeirri viðureign 21:14, 11:21 og 21:15

Í flokki pilta 13 til 15 ára sigraði Óskar Bragason KR — vann Ágúst Hafsteinsson KR í úrslitaleiknum 21:6 og 21:9, og í flokki pilta 13 ára og yngri sigraði Stefán Þórisson Kristján Jónsson í úrslitum 23:21 og 21:15.

—klp—

Reykjavíkurmót
1976

# ARNARMÓTIÐ Í BORÐTENNIS

HIÐ árlega Arnarmót í borðtennis fer fram í Laugardalshöllinni laugardaginn 15. janúar n.k. og hefst kl. 16.00 Mótið verður punktamót og verður keppt um Arnarbikarinn í 2. flokki, en einnig verður keppt í 3. flokki.

Eftirtaldir borðtennismenn hafa unnið sér rétt til þess að keppa í 2. flokki:

| | punktar |
|---|---|
| Gunnar Finnbjörnss., Erninum | 30 |
| Jón Sigurðsson, UMFK | 21 |
| Stefán S. Konráðss., Gerplu | 10 |
| Hjálmtýr Hafsteinsson, KR | 6 |
| Hjálmar Aðalsteinsson, KR | 5 |
| Björgvin Jóhanness., Gerplu | 3 |
| Tómas Guðjónsson, KR | 2 |
| Ragnar Ragnarsson, Erninum | 1 |
| Einar O. Ólafsson, Ernimun | 0 |
| Ólafur H. Ólafsson, Erninum | 0 |
| Sighvatur Karlsson, Gerplu | 0 |
| Sveinbjörn Arnarson, Erninum | 0 |



Gunnar Finnbjörnsson við öllu búinn í úrslitaleiknum í Reykjavíkurmótinu í borðtennis í gær. Ljósmynd Einar..




# Borðtennis



— Takmarkið hjá mér núna er að komast á heimsmeistaramótið í Englandi á næsta ári en til þess að ná því þarf ég að verða í hópi 4 efstu manna á úrtökumóti í janúar", sagði borðtennismaður ársins Hjálmtýr Hafsteinsson er Íþróttablaðið spjallaði við hann. Þessi ungi KR-ingur, 17 ára, hefur aðeins æft borðtennis í 3 ár en á þeim tíma náð þeirri snilli að hann í ár hlýtur þessa miklu viðurkenningu borðtennismanna. Hjálmtýr segist vongóður um að ná tilsettum árangri í úrtökumótinu, en þó ekki vera alveg viss, því að keppnin um toppinn sé hörð.

Hann segir okkur að hann hafi byrjað að æfa borðtennis í Hagaskóla, þar hafi verið borðtennisborð og strákarnir spilað daglega í öllum frímínútum. Síðan kom að því að hann langaði til að spreyta sig í keppni og þá gekk hann í KR og byrjaði að æfa reglulega og taka þátt í mótum. Hann hefur nú tekið þátt í um 20 mótum að því er hann telur og sigrað í þeim flestum eða verið í námunda við toppinn. Aðspurður um hvað þurfi til að slíkum árangri segir Hjálmtýr: — Það eina sem dugir er að æfa af kappi, helzt 1—2 klukkustundir á dag, þegar ég byrjaði að æfa borðtennis var ég líka í fótbolta, en ég varð að hætta, því að ég gat ekki æft hvorutveggja ef ég ætlaði að ná einhverjum árangri."

Hjálmtýr segir það sem helzt vanti sé þjálfari. Hjálmar Aðalsteinsson hafi þjálfað fyrst er hann byrjaði í KR, en eftir að hann hætti hafi þeir engan þjálfara haft og æfingarnar aðeins verið fólgnar í því að menn spiluðu saman. Hjálmtýr segir að það sé auðvitað ókostur, því að það komi að því að mönnum hætti að fara fram þegar þeir gerþekki orðið hvern andstæðing. Núna séu þeir 5—6, sem séu svipaðir að styrkleika í KR og haldi mest hópinn á æfingum.

Í sumar fór nokkur hópur borðtennismanna í æfingabúðir í Svíþjóð og ætlaði Hjálmtýr með, en kom því síðan ekki við, en hefur fullan hug á að láta verða af því sem fyrst og þá annaðhvort að komast til Svíþjóðar eða einhvers annars Evrópulands.

Við spyrjum hann hvort að það sé eitthvað sérstakt í borðtennis, sem hann sé sterkastur í og hann segir að mörgum andstæðingum finnist erfitt að spila á móti sér, því hann sé örvhentur, en að öðru leyti telur hann sig hafa nokkuð alhliða tök á íþrótt sinni.

Hjálmtýr segir að erfiðasti andstæðingur sinn sé Hjálmar Aðalsteinsson, sem kenndi honum undirstöðuatriðin og þjálfaði hann til að byrja með. Hjálmtý hefur þó tekist að sigra hann nokkrum sinnum og segist engu kvíða að leika gegn meistaraflokksmönnunum, en hann leikur í fyrsta skipti í meistaraflokki á Íslandsmótinu á næsta ári. Hann átti að spila í þeim flokki á síðasta Íslandsmóti, en reglur, sem banna að unglingar spili í meistaraflokki komu í veg fyrir það þá.

Hjálmtý Hafsteinssyni liggur þó ekkert á, hann er aðeins 17 ára og þegar búinn að vinna sér sæmdartitilinn „Borðtennismaður ársins". Framtíðin blasir við honum og um leið og Íþróttablaðið óskar þessum unga og geðþekka manni til hamingju vonar það að árangurinn næstu ár verði í samræmi við árangur síðustu ára.

# Hjálmtýr Hafsteinsson

| ÁR | ÚRKLIPPUR. | bls. |
| --- | --- | --- |
| 1974. | Færeyjarför | 1 |
| 1975. | Ísl. mót | 2. |
| 1976. | Ísl mót | 3 |
| | Rvík mót | |
| | ARNARMÓT | |
| | GUNNAR F. viðtal | |
| | BIRKIR Þ.G. VIÐTAL. | 4 |
| | Hjálmtýr H. VIÐTAL | |
| 1977. | UNGL. MÓT KR | 5 |
| | RVÍK MÓT | |
| | HM '77 | |
| | LANDSL. Færeyjar | |
| | Ísl.-mót | 6. |
| | Stefán K. viðtal | |
| | ÚRKLIPPA ÚR ÍÞRÓTTABL. | 7. |
| 1978. | Ísl. mót | |
| | Rvík mót. | |
| | Landsleikur Færeyjar | |
| | AFMÆLISMÓT AKUREYRAR | 8. |
| | ARNARMÓTIÐ | |
| | Vík | |
| | 70 ára afmælismót | 9. |
| | PUNKTAMÓT KR | |
| | AFMÆLISBLAÐ KR | |
| | DÖNSK ÚRKLIPPA | 10 |
| | Íþróttamenn ársins | |
| 1979 | Tómas G. viðtal | |
| | ARNARMÓTIÐ | 11. |
| | RVÍK MÓT | |
| | MARAÞONMET GERPLU | |
| | LANDSLIÐ WALESFÖR-EM | 12 |
| | 80 ára afmælism. KR | |
| | Tvíliðaleiksmót KR | |
| | Landsleikur Færeyjar | |
| | Gunnar Jóh. viðtal | |
| | Tómas G. viðtal | |
| | Ísl. mót | 13. |
| 1980 | BUTTERFLY MÓT. | 15 |
| | Fatlaðir í Eyjum | |
| | Gullspaðinn | |
| | Rvík mót | |
| | Guðný G. viðtal | 16 |


1974

étt frá Borðtennissambandi Íslands.

ennis verður í Færeyjum í nóvember og fer borðtennis-
a sunnudaginn 17.nóvember og kemur aftur 24.nóvember.

alið þá sem fara til Færeyja.
fur H. Ólafsson Örninn
lmar Aðalsteinsson K.R.
nar Ragnarsson Örninn
Sigurðsson Í.B.K.
rgvin Jóhannesson Gerpla
tvíliðaleik: Birkir Þ. Gunnarsson Örninn
Jóhann Örn Sigurjónsson Örninn

ina S. Sveinbjörnsdóttir Gerpla
rún Einarsdóttir Gerpla
ólína Guðmundsdóttir Örninn

ngar: Gunnar Þór Finnbjörnsson Örninn
Jónas Kristjánsson Örninn
Hjörtur Jóhannsson Í.B.K.

ngar: Hjálmtýr Hafsteinsson K.R.
Guðmundur Jóhannsson Gerpla
Tómas Guðjónsson K.R.

verður Sigurður Guðmundsson.

Fréttir frá Borðtennissambandi Íslands.

í borðtennis fór fram sunnudaginn 13.oktober í
vík. Úrslit urðu að Gunnar Þór Finnbjörnsson Erninum
varð Hjálmar Aðalsteinsson K.R. Mótið var haldið
B.K. og var Birgir Árnason mótstjóri.

ska mótið verður haldið í Karlshamn í Svíþjóð 28.nóv - 1.des.
eini Áka Lúðvíkssyni í síma 19577 á kvöldin.

ambands Íslands verður haldið 9.nóvember kl.14,oo á
oftleiðum Leifsbúð

ber verður formannafundur borðtennissambanda Norðurlanda
ður BTÍ Sveinn Áki Lúðvíksson situr fundinn af Íslands hálfu.

æreyjarförum mánudaginn 21.október kl.20,oo á skrifstofu
ni Laugardal nýja húsið 1.hæð.

r mæti eða boði forföll til fararstjóra í síma:21511 eða 81810.

# Yfirburðir í borðtennislandskeppninni

**UM helgina léku Íslendingar og Færeyingar sína 4 landskeppni í borðtennis, áður höfðu Íslendingar unnið tvívegis, en Færeyingar einu sinni, fyrstu keppninni lauk með 14—11 sigri landans, en þá næstu unnu Færeyingar 15—10. Í þeirri þriðju sem leikin var fyrir 2 árum unnu Íslendingar svo stórsigur, 22—3 og eins og sjá má erum við að stinga vini okkar Færeyinga af í þessari íþrótt. Í þetta sinn varð aftur um yfirburðasigur Íslands að ræða, í flokki fullorðinna unnu Færeyingar aðeins 2 leiki en Íslendingar 23.**

Í yngri flokkunum urðu úrslit þau að Íslendingar unnu þar einnig stórsigur. Í flokki 12—15 ára fóru leikar 9—2, landanum í vil, og í flokki 15—17 ára unnu Íslendingar 10—1. Þá var einnig keppt í tvíliðaleik og voru leiknir tveir leikir í fullorðinna flokki og tveir í unglinga flokki og lauk báðum með sigri Íslands svo að í allt tapast aðeins 5 leikir af 50 sem hlýtur að teljast gott.

Landkeppnin fór fram í Laugardalshöllinni og var leikið á 10 borðum og fór keppnin mjög vel fram og var lítið um bið milli leikja og tafir engar. Á sunnudaginn fóru svo landslið beggja þjóðanna til Akranes, þar sem haldið var opið mót og lauk keppni í flokki fullorðinna með sigri Gunnars Finnbjörnssonar sem sigraði Stefán Konráðsson í hörku spennandi úrslitaleik. Færeyingunum gekk fremur illa í þessari keppni sem var með því fyrirkomulagi að menn féllu úr keppninni er þeir höfðu tapað 2 leikjum. Í unglingaflokknum stóðu Færeyingarnir sig mun betur og urðu þeir í 2 til 4 sæti, en sigurvegari varð Gylfi Pálsson.

Eins og áður sagði unnu Íslendingar yfirburðasigur í öllum flokkum í landskeppninni, en því miður er ekki unnt að birta úrslit allra leikja vegna þess hve margir þeir eru, en þeir Ragnar Ragnarsson, Hjálmar Aðalsteinsson, Gunnar Finnbjörnsson og Stefán Konráðsson unnu allir alla leiki sína en Björgvin Jóhannesson vann þrjá en tapaði tveimur. Einu Færeyingarnir sem unnu leik í flokki fullorðinna voru þeir Johan Johannesen og Kristian Christiansen og voru þeir þeirra sterkastir ásamt Alek Beck, sem hefur orðið færeyjameistari síðustu 8 árin og í viðtali við Mbl. sagði Alek að þeim hefði ekki gengið eins vel og þeir höfðu búizt við og sagði hann að þeir hefðu dregist nokkuð aftur úr okkur einkum í snúningum og uppgjöfum og taldi hann að það stafaði af því að þeir kepptu of lítið á erlendum vettvangi og að þá vantaði alla keppnisreynslu. Að lokum sagði hann að færeyingar ættu talsvert af efnilegum unglingum, sem ábyggilega yrðu góðir leikmenn ef þeir fengju næga æfingu og reynslu.

Þá var rætt við aðalfararstjóra færeyska landsliðsins, Niels Júel Arge, en hann er útvarpsstjóri Færeyja. Hann sagði að móttökurnar og öll framkvæmd mótsins væri til fyrirmyndar og sagði hann að þeir væru mjög ánægðir með allar aðstæður. Þá sagði hann að þeir hefðu búizt við betri árangri hjá sínum mönnum, en raun varð á og taldi hann að það stafaði mest af því að Íslendingarnir hefðu náð meiri leikni í uppgjöfum og snúningum og að lokum sagði hann að þeir væru ákveðnir í því að standa sig betur í næstu landskeppni.

Þá var rætt við Þorvald Jónsson sem keppti í yngsta flokknum, en hann er nýlega byrjaður að æfa borðtennis og hefur tekið miklum framförum undanfarið og lék hann nú í fyrsta sinn í landskeppni og aðspurður sagði hann að því fylgdi mikil taugaspenna, en það hefði þó ekki háð honum mikið vegna þess a[...] þegar öðlast nokkra keppnisr[...] um hér heima. Þá sagði hann a[...] byrjað að leika borðtennis í b[...] félaga sínum, en síðan hefði leið[...] æfinga og keppni, sem hann sag[...] mjög skemmtilegt og taldi h[...] tennis væri skemmtilegasta [...]

Að lokum er rétt að ó[...] tennisfólkinu til hamin[...] mikla sigur og með þær[...] sem greinilega hafa átt[...] upp á síðkastið.



**Stefán Konráðsson er einbeittur á svip í landskeppni Íslands og Færeyja í borðtennis**

ÍSLAND – FÆREYJAR 1977





**Íslenzku keppendurnir sem keppa á heimsmeistaramótinu í borðtennis: Bergþóra Valsdóttir, Hjálmar Aðalsteinsson, Ragnar Ragnarsson, Stefán Konráðsson, Björgvin Jóhannesson, Hjálmtýr Hafsteinsson og Ásta Urbancic.**

# Sjö Íslendingar taka nú þátt í heimsmeistaramótinu í borðtennis

**SJÖ íslenzkir borðtennismenn taka þátt í heimsmeistarakeppninni í borðtennis sem hófst í Brimingham í Englandi í gærkvöldi. Er þetta jafnframt í fyrsta sinn sem Íslendingar taka þátt í heimsmeistarakeppni í borðtennis, og er því varla að vænta að þeir nái að vinna þar marga sigra. Keppir Ísland í C-riðli í liðakeppninni ásamt Wales, Kenya, Noregi, Kýpur, Trinidad og Tobago og Túnis í karlaflokki og Spáni, Ghana, Finnlandi, og Ecuador í kvennaflokki. Talið er að okkar fólk eigi nokkra möguleika á því að vinna landsleik í þessari keppni, og jafnvel að vinna sig upp um flokk.**

Auk þess munu íslenzku keppendurnir taka þátt í einstaklingskeppninni, og hefur verið dregið um hvað mótherjar þeir fá: Ragnar Ragnarsson á að keppa við Hollendinginn H. Lingen, Hjálmtýr Hafsteinsson við Trykjann O. Cimen, Hjálmar Aðalsteinsson við R. Javor frá Astralíu, Björgvin Jóhannesson við C. Sealy frá Barbados og Stefan Konráðsson við A. Evans frá Wales.

Í einliðaleik kvenna mun svo Bergþóra Valsdóttir keppa við K. Rogers frá Englandi og Ásta Urbancic mun keppa við H. Amankwas frá Ghana.

Í tvíliðaleik karla munu Hjálm-

Framhald á bls 22.

## Íslandsmótið í borðtennis:

# Keflvíkingarnir töpuðu í oddaleik

Islandsmótið i borðtennis hófst i gær með keppni í tvíliðaleik og tvenndarleik. Var það fyrri hluti Islandsmótsins, en siðari hlutinn fer fram nk. fimmtudag og verður þá keppt í einliðaleik.

Keppnin i gær var mjög hörð og skemmtileg — sérstaklega þó úrslitaleikurinn i tvíliðaleik karla. Þar áttust við Gunnar Finnbjörnsson og Ragnar Ragnarsson, Erninum og keflvíkingarnir Jón Sigurðsson og Hjörtur Jóhannsson. Lauk leiknum með sigri Gunnars og Ragnars eftir oddaleik — 3:2 — og endaði síðasta hrinan — eða oddurinn — með sigri þeirra 27:25....

I tvíliðaleik kvenna urðu Islandsmeistarar Guðrún Einarsdóttir, Gerplu og Karólina Guðmundsdottir, Erninum. Þær sigruðu Bergþóru Valsdóttur, Erninum og Astu Urbancic, Erninum i úrslitaleiknum.

Tvenndarleikinn unnu þau Stefán Konráðsson, Gerplu og Guðrún Einarsdóttir, Gerplu — hennar annar Islandsmeistaratitill i gær. Þau sigruðu Olaf H. Olafsson og Bergþóru Valsdóttur, Erninum i úrslitaleiknum. I gær var einnig keppt i tvíliðaleik unglinga. Þar sigruðu i eldri flokknum Hjálmtýr Hafsteinsson og Tómas Guðjónsson KR og þeir Hermann Kristjánsson og Olafur Olafsson Gerplu i yngri flokknum.




Islandsmeistararnir í tvíliðaleik karla í borðtennis: Gunnar Finnbjörnsson og Ragnar Ragnarsson. Ljósmynd Einar.



BORÐTENNISMAÐUR ÁRSINS 1976

ÍÞRÓTTABLAÐIÐ 6. tölubl. 1976

# Heimsókn frá Færeyjum og þátttaka í heimsmeistaramótinu helztu verkefni á næsta ári



*Birkir Gunnarsson verzlunarmaður*

Birkir Gunnarsson var formaður Borðtennissambands Íslands sl. ár, en gaf ekki kost á sér til endurkjörs í lok nóv. og var Gunnar Jóhannesson kjörinn formaður. Þá hafði Íþróttablaðið rætt við Birki og sagði hann um félagsstarfið að þrátt fyrir að borðtennisiðkun væri með nokkrum blóma hefði þátttakan minnkað nokkuð frá því sem hún var, er borðtennis var hvað vinsælast fyrir nokkrum árum. Það sem helzt hefði háð félagsstarfinu hefði verið hve erfitt væri að fá menn til starfa eins og víða er hjá íþróttasamböndum, þar sem allt starfið er unnið í sjálfboðavinnu. Til hafði staðið í sumar, að Færeyingar kæmu í heimsókn til sambandsins til að endurgjalda heimsókn íslenzkra borðtennismanna, en þeir hefðu ekki getað komið því við. Borðtennissambandið sendi keppnisflokk til Færeyja 1974 og er taka átti á móti Færeyingum 1975 treysti Borðtennissambandið sér ekki til þess af fjárhagsástæðum og fékk að fresta heimsókninni þar til í ár, en þá komust Færeyingarnir ekki sem fyrr segir og er nú stefnt að því að þeir komi hingað næsta sumar.

Borðtennissambandið hefur tekið þátt í þremur Norðurlandamótum og fyrir 4 árum hafði verið ákveðið að mótið 1977 skyldi fara fram á Íslandi, en þegar á reyndi treystu borðtennismenn sér ekki til að leggja út í það fyrirtæki, svo fámennir sem þeir voru, og verður mótið að sögn Birkis því miður haldið í Svíþjóð. Birkir sagði að nú væri talið að 7—800 skráðir félagar væru innan sambandsins, en borðtennis er einkum stundaður hjá borðtennisfélaginu Erninum í Reykjavík, KR, Víking, Aftureldingu í Mosfellssveit, Kópavogi, Keflavík, Hveragerði og Borgarnesi.

Aðspurður um ástæðurnar fyrir minnkandi þátttöku sagði Birkir að erfitt væri að segja um það, en hafa bæri í huga að borðtennisíþróttin hefði komið mjög ört upp hér á landi, sem vinsæl keppnis- og tómstundaíþrótt og hefði þar heimsókn kínversku snillinganna haft mikil áhrif. Sagði hann að hugsanlega væri skýringin sú, að þeir sem hefðu gripið íþróttina á lofti sem dægurflugu helltust úr úr lestinni, en þeir sem alvarlegri áhuga hefðu héldu nú áfram.

Birkir sagði að upp úr áramótum færu mótin að hefjast og væri Arnarmótið fyrst í janúar, þá kæmi Reykjavíkurmót í febrúar og Íslandsmótið í apríl. Þá eru einnig haldin punktamót innan félaganna. Þá sagði Birkir að fyrirhugað væri að senda keppendur á heimsmeistaramótið, sem haldið verður í Englandi á næsta ári. Sagði Birkir að borðtennismenn væru bjartsýnir um starf hinnar nýju stjórnar Borðtennissambandsins þar væru ungir og hressir menn í hverju rúmi og m.a. hefði nú í fyrsta skipti verið kjörinn blaðafulltrúi sambandsins, Sigurður Guðmundsson, sem mun annast samskipti við fjölmiðla.



4

# ÍÞRÓTTABLAÐIÐ

## ÍÞRÓTTIR & ÚTILÍF

6. TÖLUBLAÐ 1977 — 37. ÁRGANGUR





# Borðtennismaður ársins



## Stefán Konráðsson

Stefán Konráðsson, 18 ára piltur úr Íþróttafélaginu Gerplu í Kópavogi var að þessu sinni valinn „Borðtennismaður ársins“. Þótt Stefán sé ungur að árum hefur hann um árabil verið í fremstu röð íslenzkra borðtennismanna og náði hann mjög góðum árangri á síðasta keppnistímabili. Hann sigraði t.d. í hinu svokallaða Arnarmóti, og varð þriðji í afmælismóti Borðtennissambands Íslands í haust á eftir tveimur útlendingum sem kepptu á því móti. Þá stóð Stefán sig einnig framar vonum í heimsmeistarakeppninni í Birmingham í Englandi sl. sumar og veitti oftast keppinautum sínum þar harða keppni.

– Borðtennisíþróttin hér er fremur stutt á veg komin, sagði Stefán, er Íþróttablaðið ræddi við hann. – Slíkt er í raun og veru eðlilegt, þar sem skammt er síðan að farið var að stunda íþróttina sem keppnisíþrótt hér, og okkur hefur einnig skort þá tilsögn og leiðbeiningu hæfra þjálfara, sem er nauðsynleg, ef unnt á að vera að gera sér vonir um góðan árangur í íþróttinni. Við höfum orðið að búa algjörlega að okkar og æfa sjálfir – búa til okkar eigin kerfi, sem ekki standast þegar út í keppni við útlendinga er komið. En þetta stendur sem betur fer til bóta, þar sem nú er afráðið að Finninn sem keppti hér á afmælismóti borðtennissambandsins muni koma hingað næsta sumar og sjá um þjálfun fimm íslenzkra borðtennismanna. Er ætlunin að æfa á hverjum degi meðan hann dvelur hér.

Eins og kunnugt er sendi borðtennissambandið sveit keppenda á heimsmeistaramótið í Birmingham í Englandi sl. sumar. Þar vegnaði borðtennisfólkinu yfirleitt ekki vel og tapaði flestum leikjum sínum. Stefán var spurður álits um hvaða tilgang það hefði að senda keppendur á mót sem þetta.

– Ég er sannfærður um að við höfðum mjög gott af því að fara á mótið, jafnvel þótt við kæmum ekki heim með sigra. – Það, að fara á mót sem þetta er nánast eini skólinn sem við eigum möguleika á að sækja í borðtennisíþróttinni og ég leyfi mér að fullyrða að allir þeir er fóru á mótið lærðu þar mjög mikið. Frammistaða okkar á mótinu var vitanlega ekki til þess að hrópa húrra fyrir – við því bjóst heldur enginn. En því má þó ekki gleyma að þótt við töpuðum leikjum okkar, þá stóðum við oftast mjög vel í keppinautunum. Margir leikirnir töpuðust mjög naumt, og þá fyrst og fremst vegna þess að við höfðum ekki þá reynslu sem þarf til þess að keppa í slíku móti. Sé um jafna og harða leiki að ræða, sker oft reynslan úr hvoru megin sigurinn lendir.

– Er mikill áhugi ríkjandi á borðtennisíþróttinni?

– Mér virðist vera nokkur tröppugangur á því. Öðru hverju virðist ríkjandi geysilega mikill áhugi, en svo dettur hann niður á milli. Því verður þó sennilega ekki á móti mælt, að þegar á heildina er litið þá er útbreiðsla íþróttarinnar að aukast, og fleiri og fleiri æfa með keppni fyrir augum. Borðtennis hefur raunar þá sérstöðu að það er víða unnt að æfa íþróttina, t.d. í félagsheimilunum úti á landi og í íþróttasölum skólanna.

Um takmarkið á næsta ári sagði Stefán:

– Ég stefni auðvitað að því að standa mig enn betur á næsta ári, en ég gerði á þessu. Ég hef verið slæmur í öxlinni að undanförnu, en er nú að ná mér, og fyrsta takmarkið á næsta ári er að verja Arnarbikarinn nú í janúar. Hvað síðan verður er ekki gott um að segja, – kannski tekst manni að hreppa Íslandsmeistaratitilinn!

**„Hlakka til þess að fá erlendan þjálfara næsta sumar“**



íþróttir íþróttir íþróttir

Íslandsmótið í borðtennis

# Tómas vann einliðaleik-inn létt

## Sigraði félaga sinn úr KR Hjálmtý Hafsteinsson 3:1 í úrslitaleiknum



Sigurvegarar á Islandsmótinu í borðtennis talið frá vinstri: Ragnhildur Sigurðardóttir, Stefán Konráðsson, Guðrún Einarsdóttir, Hjálmtýr Hafsteinsson og Tómas Guðjónsson

KR-ingurinn Tómas Guðjónsson vann nokkuð óvæntan sigur í einliðaleik Islandsmótsins í borðtennis sem fram fór í Laugardalshöllinni dagana 22. og 23. þessa mánaðar. Hann lék gegn félaga sínum Hjálmtý Hafsteinssyni og sigraði í hörkuleik 21-11, 14-21, 21-10 og 21-16 . Þar með hafnaði Hjálmtýr Hafsteinsson í öðru sæti en Gunnar Finnbjörnsson Erninum í þviðja.

I einliðaleik kvenna sigraði Ragnhildur Sigurðardóttir UMSB Ástu Urbancic í úrslitum 15-21, 21-16, 21-16 og 21-18. I þriðja sæti hafnaði Sigrún Bjarnadóttir UMSB.



I tvíliðaleik karla sigruðu þeir sem léku til úrslita í einliðaleiknum þeir Hjálmtýr Hafsteinsson og Tómas Guðjónsson þá Gunnar Finnbjörnsson og Ragnar Ragnarsson Erninum í úrslitum, 17-21, 21-15, 21-17, 16-21 og 21-17. Þeir Stefán Snær Konráðsson Gerplu og Hjálmar Aðalsteinsson fyrrverandi Islandsmeistari í einliðaleik höfnuðu í þriðja sæti.

Tvíliðaleik kvenna unnu þær stöllur úr Gerplu Guðrún Einarsdóttir og Sólveig Sveina Sveinbjörnsdóttir þær Ástu Urbancic og Hafdísi Ásgeirsdóttur í úrslitum 21-12, 21-15 og 21-16.

Úrslit í öðrum flokkum urðu sem hér segir:

**1. flokkur karla.**
Brynjólfur Þórisson Gerplu
**Unglinga 15-17 ára.**
Ómar Yngvarsson UMFK
**Unglingar 13-15 ára.**
Bjarni Kristjánsson
**Unglingar yngri en 13 ára.**
Einar Einarsson Víkingi

**Tvíliðaleikur unglinga 15-17 ára.**
Gylfi Pálsson og Ómar Yngvarsson UMFK
**Tvíliðaleikur unglinga yngri en 15 ára.**
Finnur Guðbjartsson og Ólafur Birgisson UMFK
**Stúlkur 17 ára og yngri**
Ragnhildur Sigurðardóttir UMSB

**OLD BOYS**
Þórður Þorvarðarson Erninum.

# Tómas sýndi mikið öryggi

## — þegar hann tryggði sér Íslandsmeistara titilinn í borðtennis

KR-ingurinn Tómas Guðjónsson tryggði sér Islandsmeistaratitilinn í borðtennis, þegar hann vann öruggan sigur (3:1) yfir félaga sínum Hjálmtýr Hafsteinssyni í úrslitaleik. Þessi efnilegi borðtennisspilari lék af miklu öryggi í mótinu og var sigur hans aldrei í hættu.

Tómas lék af mikilli snilld í úrslitaleiknum gegn Hjálmtý og sigraði — 21:11, 14:21, 21:10 og 21:16. Tómas varð einnig sigurvegari í tvíliðaleik, ásamt Hjálmtý — þeir unnu (3:2) Arnar-leikmennina Ragnar Ragnarsson og Gunnar Finnbjörnsson í úrslitum 17:21, 21:15, 21:17, 16:21 og 21:17.

Ragnhildur Sigurðardóttir (UMSB) varð Islandsmeistari í einliðaleik kvenna — sigraði Ástu Urbancic úr Erninum í úrslitum með 15:21, 21:16, 21:16 og 21:18.

Guðrún Einarsdóttir úr Gerplu varð tvöfaldur meistari — hún varð sigurvegari í tvíliðaleik kvenna ásamt Sveinu Sveinbjörnsdóttur og í tvenndarkeppni, þar sem hún lék með Stefáni Konráðssyni úr Gerplu.



GUÐRÚN EINARSDÓTTIR...varð tvöfaldur meistari Islandsmeistaramótinu í borðtennis.

Tíminn
Föstudagur 31. marz 1978

# Í fyrsta sinn í heimsmeistaramót

Þrátt fyrir að borðtennisíþróttin standi allvel að vígi hérlendis hvað aðstöðu snertir, virðist hún eiga allerfitt uppdráttar og enn sem komið er hefur íslenzku borðtennisfólki ekki vegnað sem bezt á þeim mótum sem það hefur tekið þátt í erlendis. Er raunar ekki við því að búast, þar sem íþróttin er tiltölulega ný sem keppnisíþrótt hér, og áralanga þróun þarf til þess að ná upp sterku liði í svo tæknilegri íþróttagrein.

Íslenzka borðtennislandsliðið var sent til þátttöku í heimsmeistaramótinu sem fram fór í Birmingham í Englandi í sumar. Þangað sótti liðið enga sigra, en ekki er að efa að keppendurnir komu heim reynslunni ríkari, og ferðin á því eftir að skila árangri, þótt hann liggi ekki á borðinu. Þar sem mikill skortur hefur verið á þjálfurum í borðtennis hér, er nánast eini möguleikinn fyrir íslenzkt borðtennisfólk til þess að kynnast nýjungum og tækni að fara til móts sem þessa, og menn verða að hafa þolinmæði til þess að bíða eftir árangri en á það virtist nokkuð skorta þegar fréttir birtust um úrslit í leikjum Íslendinga á móti þessu. Flestir keppendur í borðtennismótum hérlendis eru ungir að árum og tvímælalaust á uppleið. Háðu þeir oft skemmtilega keppni sín á milli og oft mátti sjá góð tilþrif hjá íslenzku borðtennismönnunum. Í þeim meiriháttar mótum sem haldin voru hér innanlands skiptust nokkrir menn á um að sigra.

Gunnar Finnbjörnsson varð Íslandsmeistari í einliðaleik karla annað árið í röð, en Stefán Konráðsson úr Gerplu náði einnig ágætum árangri á árinu.

Sigraði hann t.d. í hinu árlega Arnarmóti, og varð þriðji í afmælismóti borðtennissambandsins – næstur á eftir tveimur útlendingum sem boðið var til þess móts. Annar þeirra var hinn heimsfrægi Svíi Kjell Johannsson, og var það mikil upplyfting fyrir unnendur íþróttarinnar að sjá hann leika listir sínar.

## Af úrslitatöflunni

**Arnarmót**

15/1 Úrslit: Stefán Konráðsson, Gerplu sigraði Hjálmtý Hafsteinsson, KR í úrslitaleik.

**Landskeppni Ísland — Færeyjar:**

12/2 í Laugardalshöll
Flokkur fullorðinna: Ísland – Færeyjar 23-2
Flokkur unglinga: Ísland – Færeyjar 10-1
Flokkur yngri unglinga: Ísland – Færeyjar 9-2.

**Íslandsmeistaramót:**

30/4–1/5 Sigurvegarar í einstökum flokkum:
Einliðaleikur karla: Gunnar Finnbjörnsson, Erninum
Einliðaleikur öldunga: Emil Pálsson, KR
Einliðaleikur kvenna: Ásta Urbancic, Erninum
Einliðaleikur unglinga: Hjálmtýr Hafsteinsson, KR
Einliðaleikur stúlkna: Ragnhildur Sigurðardóttir, UMSB
Unglingar 13–15 ára einliðaleikur: Gylfi Pálsson, UMFK
Unglingar yngri en 13 ára: Ólafur Birgisson, UMFK.
Tvíliðaleikur karla: Gunnar Finnbjörnsson og Ragnar Ragnarsson, Erninum
Tvíliðaleikur kvenna: Ásta Urbancic, Erninum og Bergþóra Valsdóttir, Erninum
Tvíliðaleikur 15–18 ára piltar: Óskar Bragason og Árni Kristjánsson, KR
Tvenndarleikur: Ásta Urbancic, Erninum og Tómas Guðjónsson, KR.

**Afmælismót Borðtennissambands Íslands:**

12/11 Til úrslita í einliðaleik karla léku Svíinn Kjell Johannsson og Michale Grünsten frá Finnlandi og sigraði Kjell í leiknum. Þriðji varð Stefán Konráðsson, Gerplu.




*Gunnar Finnbjörnsson Íslandsmeistari í borðtennis.*





AFMÆLISBLAÐ KR
80 ÁRA.

## Borðtennis

# Borðtennisdeild KR Íslandsmeistari þrjú ár í röð!



Tómas Guðjónsson

Frá stofnun Borðtennisdeildar KR, sem er elsta borðtennisdeild á landinu, stofnuð 1. júlí 1969, og þar til fyrir um það bil fimm árum, var starf deildarinnar að miklu leyti hobbý þeirra, sem í deildinni voru, enda var þá ekki um neina keppni að ræða, lítið um önnur félög. Með stofnun BTÍ rofaði til, og er meiri áhuga tók að gæta á borðtennis, voru fleiri félög stofnuð. Með komu kínversku borðtennissnillinganna, sem sýndu hér, jókst áhuginn til muna, og fólk fór að stunda íþróttina. Menn fóru í æfingabúðir ytra, lærðu þar mikið, og kenndu er heim kom. Þó var ekki um neina keppni að ræða fyrr en BTÍ efndi til Íslandsmóts í liðakeppni og sér í lagi með tilkomu punktamóta. Á punktamótum fá menn punkta, þeir efstu flesta, mismunandi marga eftir fjölda þátttakenda. Félögin halda mótin, og er oftast mikill fjöldi keppenda. Frá upphafi hafa KR-ingar staðið sig með miklum ágætum, þó best undanfarin tvö til þrjú ár. Deildin hefur nú orðið Íslandsmeistari í liðakeppni þrjú ár í röð, þar af eitt árið með fullu húsi stiga. Í punktakeppninni á deildin



Hjálmtýr Hafsteinsson og Tómas Guðjónsson

helming þeirra punktahæstu á landinu, og segir það sína sögu.

Hvað árangur einstakra manna varðar, má nefna sigur Hjálmtýs





Hafsteinssonar í Reykjavíkurmótinu 1977 og í unglinga og karlaflokki og í tvíliðaleik unglinga ásamt Tómasi Guðjónssyni og sigur karla og unglingaliðs í liðakeppni Íslandsmótsins 1977.

Arnarmótið 1978 vann hollensk stúlka, Hanneke Knol, í sínum flokki, en hún kom til liðs við KR er hún starfaði hér í fyrra.

Reykjavíkurmótið 1978 sigraði Tómas Guðjónsson í karlaflokki og í tvíliðaleik karla ásamt Hjálmtý Hafsteinssyni, Tómas vann einnig í tvenndarkeppni ásamt Ástu Urbancic, Erninum. Á Íslandsmótinu 1978 urðu KR-ingar Íslandmeistarar í tvíliðakeppni karla og kvenna. Íslandmeistari í karlaflokki varð Tómas Guðjónsson. Hann sigraði einnig í tvíliðaleik ásamt Hjálmtý Hafsteinssyni.

Tvíliðaleiksmót KR 1978, sigruðu Tómas Guðjónsson og Hjálmtýr Hafsteinsson. Punktamót Keflavíkur 1978 vann Tómas Guðjónsson og hann vann einnig punktamót Gerplu 1978. Mörg fleiri mót mætti nefna, t. d. fjölda punktamóta, en þessi upptalning gefur góða mynd af frækleik KR-inga.

Uppistöðuna í hinu sigursæla karlaliði mynda Tómas Guðjónsson, Hjálmar Aðalsteinsson og Hjálmtýr Hafsteinsson en margir aðrir hafa komið við sögu. Liðið er nú efst í liðakeppni Íslandsmótsins, og bendir flest til sigurs. Unglingaliðið er einnig efst í sínum flokki og einnig þar bendir flest til sigurs. Höfuðpaurarnir í unglingaliðinu nú eru Ágúst Hafsteinsson, Örn Franzson og Tómas Sölvason.

KR hefur ætíð átt menn í landsliði í borðtennis. Nefna má það, að Hjálmtýr Hafsteinsson og Hjálmar Aðalsteinsson fóru til Englands, ásamt öðrum, til að taka þátt í síðustu

### Landsleikur við Færeyinga

heimsmeistarakeppni í borðtennis, og stóðu sig vel miðað við reynslu. Síðastliðið haust tóku Hjálmtýr Hafsteinsson, Tómas Guðjónsson og Kristján Magnúss þátt í Norðurlandameistaramótinu í borðtennis, sem haldið var í Svíþjóð, og stóðu sig vel. Að Norðurlandameistaramótinu loknu, fór KR-liðið til Danmerkur til að taka þátt í Evrópukeppni meistaraliða, fyrst íslenskra liða, og var keppt við dönsku meistarana Virum. KR tapaði, þó ekki illa, og lærðu menn mikið á ferðinni.

Í febrúar síðastliðinn kom færeyska landsliðið í heimsókn, og kepptu Hjálmar Aðalsteinsson, Hjálmtýr Hafsteinsson og Tómas Guðjónsson gegn þeim með landsliðinu, og unnu alla sína leiki. Af þessu sést, að árangur KR-liðsins er mjög góður við

Íþróttablaðið '79

# Sækjum hægt og bítandi á brattann

Tómas Guðjónsson, 19 ára KR-ingur, sem stundar nám í Menntaskóla Reykjavíkur var valinn „Borðtennismaður ársins 1978" og var hann vel að þeim titli kominn. Tómas hefur verið atkvæðamikill á borðtennismótum undanfarinna ára, og stóð sig frábærlega vel á síðasta Íslandsmóti, þar sem hann hreppti Íslandsmeistaratitilinn í einliðaleik og tvíliðaleik. Í úrslitaleik einliðakeppninnar sigraði hann Stefán Konráðsson, Gerplu, en Stefán var einmitt valinn „Borðtennismaður ársins" í fyrra og í tvíliðaleiknum sigraði Tómas og félagi hans Hjálmtýr Hafsteinsson þá Gunnar Finnbjörnsson og Ragnar Ragnarsson í úrslitaleik.

— Ég komst fyrst í kynni við borðtennisíþróttina er ég var nemandi í Hagaskólanum í Reykjavík, sagði Tómas í viðtali við Íþróttablaðið. — Borðtennis var þá vinsælasta tómstundaiðja nemenda þar, og fenginn var þjálfari til þess að leiðbeina okkur. Sá var Hjálmar Aðalsteinsson, sem lengi hefur verið einn bezti borðtennismaður á Íslandi. Þarna fékk ég áhugann, og þegar námi í Hagaskólanum lauk gekk ég í KR og byrjaði að æfa borðtennis þar. Venjulega æfi ég 4-5 sinnum í viku, en fyrir mót, eða þegar eitthvað sérstakt er um að vera herði ég á æfingunum og kemur þá fyrir að ég æfi allt að 12 sinnum í viku. Þannig er t.d. núna, íslenzka landsliðið á að taka þátt í Evrópukeppninni sem hefst í Wales 4. febrúar n.k. og fram að þeim tíma æfum við mjög vel.

## Tómas Guðjónsson, borðtennismaður

— Hver er staða íslenzkra borðtennismanna, miðað við aðrar þjóðir?

— Við erum óneitanlega töluvert langt á eftir, enda er það ekki furða. Borðtennis sem íþróttagrein er ekki nema tíu ára hérlendis, og því alls ekki hægt að gera kröfur til þess að við stöndum jafnfætis þeim þjóðum sem stundað hafa íþróttagreinina í áratugi og byggja á traustum grunni. Annars er erfitt að meta hver staða okkar er, en við fáum góðan samanburð í keppninni í Wales. Það verður eiginlega í fyrsta sinn sem Íslendingar senda fullskipað landslið í keppni, og verður fróðlegt að sjá hvar við stöndum. Sjálfur er ég þeirrar skoðunar að við sækjum á brattann, hægt og bítandi og drögum á hinar þjóðirnar.

Tómas sagði að það sem stæði borðtennisíþróttinni helzt fyrir þrifum hérlendis væri þjálfaraskortur. — Við eigum engan sérmenntaðan borðtennisþjálfara, og gefur auga leið hvaða áhrif það hefur, sagði hann. — Ýmislegt hefur þó áunnist í þessum efnum að undanförnu. Í sumar var hér finnskur landsliðsmaður í borðtennis sem sá um þjálfun landsliðsins og æfðum við mjög vel undir hans stjórn og lærðum mikið af honum. Á næstunni mun svo koma hingað danskur borðtennisþjálfari og halda námskeið fyrir þjálfara, og er óhætt að binda miklar vonir við komu hans.

Tómas sagði að þeim færi fjölgandi sem stunduðu borðtennisíþróttina með keppni fyrir augum. — Borðtennis hefur lengi verið vinsælt tómstundagaman víða, sagði hann, — og er t.d. mikið stundað í fyrirtækjum og stofnunum. Æfingar félaganna hafa verið mjög vel sóttar undanfarin ár, og margt efnilegt borðtennisfólk er nú að koma fram á sjónarsviðið. Það sem helzt hefur fælt fólk frá því að þjálfa þessa íþróttagrein reglulega er það hvað það hefur haft fá tækifæri til þess að fá skipulega tilsögn.

Um aðstöðuna til æfinga, sagði Tómas m.a.

— Borðtennis er íþróttagrein sem krefst ekki mikillar aðstöðu í sjálfu sér. Þeir sem farnir eru að ná sæmilegum árangri í íþróttinni þurfa þó að hafa töluvert rými. Ég held, að það megi segja, að aðstaða íslenzkra borðtennismanna til æfinga, sé yfirleitt fullnægjandi og að yfir engu sé að kvarta í þeim efnum.

Að lokum sagði Tómas Guðjónsson:

— Borðtennis er íþrótt sem byggist mjög mikið upp á tækni, og því er nauðsynlegt að þeir sem iðka íþróttina fái mikla og góða tilsögn. Eins og áður segir hefur hana skort hérlendis. Þá háir það íslenzkum borðtennismönnum ekki síður hversu reynslulausir þeir eru. Hér heima erum við alltaf að keppa við sömu mennina, og erum farnir að þekkja þá út og inn. Þegar við keppum svo við útlendinga sem hafa ef til vill öðru vísi hreyfingar og tækni, kemur það oftsinnis fyrir að við töpum fyrir þeim, jafnvel þótt við séum í sjálfu sér ekki verri í íþróttinni en þeir. Okkur er því mikil nauðsyn að fá fleiri tækifæri til keppni við útlendinga, ekki bara að fara á mót erlendis, heldur ekki síður að fá útlendinga til að keppa hér. Ég tel að slíkt sé raunar forsenda þess að um verulegar framfarir í borðtennisíþróttinni verði að ræða.




*Tómas Guðjónsson, borðtennismaður ársins 1978*

VÍSIR íþróttaBLAÐ
Þriðjudagur 28. mars 1978

**Allt um íþróttaviðburði helgarinnar í dag**



Íslandsmeistarar í borðtennis: frá vinstri eru Ragnhildur Sigurðardóttir UMSB, Stefán Konráðsson Gerplu, Guðrún Einarsdóttir Gerplu, Hjálmtýr Hafsteinsson KR og Tómas Guðjónsson KR. — Vísis mynd G. Jóhannsson..

# Tómas sigraði Hjálmtý í úrslitaviðureigninni

**Tómas Guðmundsson KR varð Íslandsmeistari í borðtennis er hann sigraði félaga sinn úr KR, Hjálmtý Hafsteinsson í úrslitaviðureign einliðaleiksins.**

Tómas vann fyrstu lotuna 21:11 en síðan sigraði Hjálmtýr í næstu lotu 21:14. Þá var komið að Tómasi á ný, og hann vann næstu tvær hrinur, 21:10 og 21:16 og leikinn þar með 3:1.

Ragnhildur Sigurðardóttur UMSB sigraði í kvennaflokki. Hún vann Ástu Urbancic, Erninum í úrslitum með 15:21-21:16,-21:16 og 21:18.

Í tvíliðaleik urðu sigurvegarar þeir Tómas Guðjónsson KR og Hjálmtýr Hafsteinsson, kapparnir sem léku til úrslita í einliðaleiknum. Þeir unnu í úrslitum tvíliðaleiksins þá Gunnar Finnbjörnsson og Ragnar Ragnarsson, Erninum, í hörkuviðureign.

Fyrstu lotuna unnu Gunnar og Ragnar 21:17, þá unnu Tómas og Hjálmtýr næstu lotu 21:15 og síðan þá þriðju 21:17. Þá kom sigur hjá Gunnari og Ragnari í fjórðu lotu 21:16 og staðan var 2:2. Í „oddaleik" unnu svo Tómas og Hjálmtýr 21:17.

Í tvíliðaleik kvenna unnu Guðrún Einarsdóttir, Gerplu, og Sólveig S. Sveinbjörnsdóttir, Gerplu. Þær unnu Ástu Urbancic, Erninum, og Hafdísi Ásgeirsdóttur, KR, í úrslitum 21:12-21:15 og 21:16.

Í tvenndarkeppninni sigruðu Guðrún Einarsdóttir, Gerplu og Stefán Konráðsson, Gerplu, þau unnu Ástu Urbancic Erninum og Tómas Guðjónsson KR með 22:20, 21:19 og 21:16 í skemmtilegum leik. Þetta var í 6. skipti sem Guðrún verður Íslandsmeistari í tvenndarkeppni.

gk-.

## Englendingur í borðtennis

Borðtennisdeild Víkings gengst fyrir borðtennismóti í tilefni af 70 ára afmæli félagsins og verður mótið haldið í Laugardalshöll miðvikudaginn 25. október og hefst mótið klukkan 20.

Sérstakur gestur mótsins er Alan Hydes frá Englandi, margfaldur Englands- og Samveldismeistari í greininni og meðal annars má nefna að hann var í úrvalsliði Evrópulanda sem fór í hina frægu friðarför til Kína árið 1968. Að öðru leyti er leiktaflan birt hér í heild, en dráttur fór fram í gær.

1. Alan Hydes Englandi.
2. Gylfi Pálson UMFK
3. Kristján Jónasson Vík
4. Brynjólfur Þórisson Gerplu
5. Hjálmtýr Hafsteinsson KR
6. Jón Sigurðsson UMFK
7. Bjarni Kristjánsson UMFK
8. Gunnar Finnbjörnsson Örninn
9. Stefán Konráðsson Vík.
10. Guðmundur Halldórsson KA
11. Björgvin Jóhannsson Gerplu
12. Hilmar Konráðsson Vík.
13. Þorfinnur Guðmundsson Vík.
14. Vignir Kristmundsson Örninn
15. Hjálmar Aðalsteinsson KR
16. Tómas Guðjónsson KR

## MEISTARINN Í ÞRIÐJA SÆTI

**UM HELGINA fór fram punktamót KR í borðtennis. Það sem vakti einna helst athygli var að nýbakaður íslandsmeistari Tómas Guðjónsson hafnaði í þriðja sæti í karlaflokki, annars urðu úrslit sem hér segir.**

KARLAR
1. OG2. FLOKKUR
Stefán Konráðsson Gerplu
Hjálmtýr Hafsteinsson KR
Tómas Guðjónsson KR
Hilmar Konráðsson Vík.
KARLAR 3. fl.
Örn Fransson KR
Ómar Ingvarsson UMFK
Magnús Eiríksson Erninum.
Hafliði Kristjánsson UMFK
KVENNAFLOKKUR
Ragnhildur Sigurðard
Ásta Urbancic
Sigrún Bjarnadóttir

UNGLINGAMÓT KR
ÚRSLIT:
15 ÁRA OG
Bjarni
sson. KR
ergsson UMFK
NAFLOKKUR
Ragnhildur Sigurðardóttir
Sigrún Bjarnadóttir
Kristín Njálsdóttir.

MORGUNBLAÐIÐ, ÞRIÐJUDAGUR 4. APRÍL 1978

# Gunnar og Tómas í meistaraflokk

## — Tómas vann Arnarmótið



Gunnar Finnbjörnsson sést hér í keppni.

Hið árlega Arnarmót Borðtennisfélagsins Arnarins var haldið í Laugardalshöllinni á laugardaginn og mættu hvorki fleiri né færri en 89 keppendur til mótsins. Keppt var sameiginlega í 1. og 2. flokki með tvöföldum útslætti.

Sigurvegari í mótinu varð hinn ungi og bráðefnilegi Tómas Guðjónsson úr KR sem vann Stefán S. Konráðsson úr Víkingi 21:14 og 21:13 í úrslitaleiknum. Í þriðja sæti varð Gunnar Finnbjörnsson Erninum.

Í 3. flokki sigraði Emil Pálsson Erninum Birki Þ. Gunnarsson Erninum í úrslitaleik með 21:15 og 22:20. Í 3.-4. sæti lentu þeir Sigurður Guðmundsson Erninum og Ágúst Hafsteinsson KR.

Í kvennaflokki sigraði Ragnhildur Sigurðardóttir UMSB. Í öðru sæti varð Guðbjörg Stefánsdóttir úr Fram og sú sem varð í 3. sæti var Nanna Harðardóttir Víkingi.

Þetta var punktamót og með árangri sínum í því náðu þeir Gunnar Finnbjörnsson og Tómas Guðjónsson þeim merka áfanga að komast fyrstir allra borðtennismanna hérlendis í meistaraflokk. Þá náðu þeir Birkir Þ. Gunnarsson, Emil Pálsson, og Sigurður Guðmundsson þeim áfanga að komast í 2. flokk. Þeir eru allir úr Erninum.

— SSv —



VÍSIR Þriðjudagur 16. janúar 1979

# Öruggt hjá Tómasi

Borðtennisklúbburinn Örninn hélt sitt árlega Arnarmót um helgina, og mættu til leiks 89 keppendur. Keppt var sameiginlega í 1. og 2. flokki og voru keppendur úr leik eftir að þeir höfðu tapað tvívegis.

Sigurvegari varð Tómas Guðjónsson KR, en hann vann Stefán Konráðsson í úrslitum 21:14 og 21:13

Í 3. flokki sigraði Emil Pálsson, Erninum, en hann vann Birki Þ. Gunnarsson, Erninum ,í úrslitum 21:15 og 22:20.

Ragnhildur Sigurðardóttir UMSB sigraði í kvennaflokki, önnur varð Guðbjörg Stefánsdóttir Fram og þriðja Nanna Harðardóttir Víkingi.

Mótið var jafnframt punktamót, og tveir keppendur náðu þeim áfanga að komast í punktamót. Það voru þeir Tómas Guðjónsson KR og Gunnar Finnbjörnsson, Erninum. Þeir eru fyrstu borðtennisleikarar okkar sem komast í meistaraflokkinn.

ÞÞ

# Tómas Guðjónsson KR sigurvegari

Borðtennisleikarinn ungi úr K.R., Tómas Guðjónsson, varð hinn öruggi sigurvegari á hinu árlega borðtennismóti Arnarins. Hann sigraði Stefán S. Konráðsson, Víkingi í úrslitaleik 21-14 og 21-13. Í þriðja sæti varð sigurvegarinn frá því í fyra, Gunnar Finnbjörnsson, Erninum.

Í 3. flokki sigraði Emil Pálsson, Erninum, Birki Þ. Gunnarsson, Erninum 21-15 og 22-20. Í 3. — 4 sæti urðu Sigurður Guðmundsson, Erninum og Ágúst Hafsteinsson, KR.

Í kvennaflokki sigraði Ragnhildur Sigurðardóttir, UMSB. Í öðru sæti varð Guðbjörg Stefánsdóttir, Fram og í 3. sæti Nanna Harðardóttir, Víkingi.

Með þessu punktamóti náðu þeir Tómas Guðjónsson og Gunnar Finnbjörnsson þeim marka áfanga að komast fyrstir borðtennismanna í meistaraflokk. Þá náðu þrír að komast í 2. flokk, Emil Pálsson, Birkir Þ. Gunnarsson og Sigurður Guðmundsson, en þeir eru allir úr Erninum.



REYKJAVÍKURMÓT
1979

# Hilmar vann Hjálmar í úrslitaleiknum

## — í Reykjavíkurmótinu í borðtennis

Reykjavíkurmeistaramótið í borðtennis var haldið á sunnudaginn. Reyndar vantaði nokkra af bestu borðtennismönnum landsins, þar eð þeir héldu til Wales til þátttöku í Evrópumeistaramótinu þar í vikunni. Alls mættu 78 keppendur til leiks á mótið og var keppni víða mjög jöfn og spennandi.

**Einliðaleikur karla**

Hilmar Konráðsson, Víkingi, vann Hjálmar Aðalsteinsson KR 17:21, 21:19, 21:17 og 21:19.

**Tvíliðaleikur karla**

Ragnar Ragnarsson og Gunnar Finnbjörnsson, Erninum unnu Hilmar Konráðsson, Víkingi.

**Old Boys**

Jósep Gunnarsson KR vann Þórð Þorvarðarson, Erninum, 21:2, 21:13 og 21:12.

**Einliðaleikur kvenna**

Nanna Harðardóttir, Víkingi, vann Guðbjörgu Stefánsdóttur, Fram.

**Tvíliðaleikur kvenna**

Guðbjörg Stefánsdóttir og Hrafnhildur Jónsdóttir, Fram, unnu.

**Tvenndarleikur**

Hilmar Konráðsson, og Nanna Harðardóttir, Víkingi, unnu Hrafnhildi Jónsdóttur og Gunnar Andrésson, Fram.

**Einliðaleikur 15-17 ára**

Örn Fransson KR vann Þorfinn Guðmundsson, Víkingi.

**Tvíliðaleikur 15-17 ára**

Vignir Kristmundsson, Erninum, og Þorfinnur Guðmundsson unnu Örn Fransson og Tómas Sölvason, KR.

**Einliðaleikur 13-15 ára**

Jóhannes Hauksson KR vann Einar Einarsson, Víkingi.

**Tvíliðaleikur 13-15 ára**

Einar Einarsson og Guðmundur Guðmundsson, Víkingi, unnu Jóhannes Hauksson og Jónatan Þórðarson, KR.

**Einliðaleikur yngri en 13 ára**

Birgir Sigurðsson, KR, vann Stefán Birkisson, Erninum.

—SSv—

VÍSIR Mánudagur 26. feb. 1979



Þeir settu Íslandsmet í maraþontennis. Vísismynd GVA.

# Maraþonmet

Íslandsmet í maraþonknattspyrnu var slegið um helgina. Meistaraflokkur í knattspyrnu á Selfossi lék í þrjátíu og hálfa klukkustund um helgina og er það um það bil hálfri klukkustund lengur en fyrra Íslandsmet. Selfyssingarnir eru á aldrinum átján til tuttugu og sjö ára.

Þá lék borðtennisdeild Gerplu í Kópavogi maraþontennis um helgina, en það hefur ekki verið gert áður hérlendis. Voru leikmenn á aldrinum fjórtán til átján ára, sex talsins og léku í tuttugu klukkustundir. Að sögn Lárusar Ástvaldssonar, formanns sambandsins, er heimsmetið þrír og hálfur sólarhringur.

—J.M.

borðtennisborðið, á annarri vígstöð er árangurinn heldur slakari.

Frá upphafi hefur borðtennisdeildin verið hálfgerð hornreka í KR, mest vegna lélegrar fjárhagsútkomu. Hefur deildin oft þurft að leita styrkja hjá KR, og er það ekki vel séð, sem von er. Hafa ber það í huga, að deildin var að stíga sín fyrstu spor, og hefur deildin þurft að leggja út í mörg kostnaðarsöm en þó nauðsynleg byrjunarverkefni. Nú er deildin í viðbragði og vonast til að brautin sé bein og hnökralaus framundan, því að á síðasta ári varð í fyrsta skipti umtalsverður gróði af starfinu. Vonast stjórn deildarinnar til að geta fylgt eftir góðu viðbragði og sprett úr spori.

Þótt íslenskir borðtennismenn hafi ekki gert neinar rósir í keppni við erlend lands og félagslið, nema helst það færeyska, hefur frammistaðan yfirleitt verið góð. Hafa ber það í huga, að borðtennisíþróttin er mjög ung hér á landi, og menn kunna enn sem komið er lítið fyrir sér. Keppni við erlend lið er ekki til þess ætluð að bera af þeim sigurorð, heldur hugsuð sem nokkurs konar skóli, þar sem menn læra af því að spila við sér betri menn og fá reynslu. Reynslu, sem síðan er hægt að miðla öðrum og stuðla þannig að framförum í borðtennis á Íslandi. Þetta hafa menn einmitt gert, og staðreyndin er sú, að með hverri nýrri keppni færist íslenska borðtennisíþróttin feti nær takmarki sínu: að standa jafnfætis góðum erlendum þjóðum. Þetta er framtíðartakmark og næst ekki nema með þrautseigju, skilningi og þolinmæði. K.M.

NÚVERANDI STJÓRN BORÐTENNISDEILDAR KR SKIPA:

SVEINN ÁKI LÚÐVÍKSSON
formaður
TÓMAS ÓSKAR GUÐJÓNSSON
varaformaður
JÓN KRISTINN JÓNSSON
gjaldkeri
KRISTJÁN E. MAGNÚSS
ritari
HJÁLMTÝR HAFSTEINSSON
meðstjórnandi.

Í VARASTJÓRN SITJA:

ODDUR SIGURÐSSON
ÁGÚST HAFSTEINSSON
TÓMAS SÖLVASON

## De vinder ikke et sæt

Peter Smidts afbud giver Karsten Flemin chancen på holdet med Niels Ramberg og Jannik Larsen i Europa Cup-kampen i bordtennis kl. 17 i Virum-Hallen mellem Virum-Sorgenfri og Raykjavik.

De internationalt svage islændinge har trænet i Virum hele ugen efter NM i Stockholm og vinder næppe et sæt i dag.

Instruktøren Kornell, manden bag Polens store fremgang de seneste år, kommer 14 dage til Danmark.

I efterårsferien skal han sam- , men med Steen Kyst lede træningen af 14 af dansk bordtennis' største talenter i Idrættens Hus, og den følgende uge skal han instruere i lokalunionerne.

*Fred*








# Íþróttamenn ársins

**ÍÞRÓTTASAMBAND Íslands tilkynnti í gærkvöldi val sitt á íþróttamönnum ársins 1978, en sambandið velur í samráði við Íþróttablaðið íþróttamenn ársins í hverri íþróttagrein.**

Tilkynnt var um valið í hófi á Hótel Loftleiðum í gær þar sem íþróttafólkið var samankomið og tók á móti glæsilegum bikurum við útnefninguna.

Eftirtaldir voru valdir íþróttamenn ársins 1978:

**Blakmaður**, Jóhanna Guðjónsdóttir, Völsungi, Húsavík. **Fimleikamaður**, Berglind Pétursdóttir, Gerplu. **Frjálsíþróttam.**, Óskar Jakobsson ÍR. **Lyftingamaður**, Skúli Óskarsson ÚÍA. **Glímumaður**, Eyþór Pétursson HSÞ. **Golfmaður**, Gylfi Kristinsson, Golfkl. Suðurnesja. **Knattspyrnum.**, Karl Þórðarson ÍA. **Körfuknattl.m.**, Jón Sigurðsson KR. **Badmintonmaður**, Jóhann Kjartansson TBR. **Borðtennismaður**, Tómas Guðjónsson KR. **Skíðamaður**, Steinunn Sæmundsdóttir Á. **Júdómaður**, Bjarni Friðriksson Á. **Siglingamaður**, Jóhann M. Nielsson Ýml. **Handknattleiksm.**, Árni Indriðason Víkingi. **Íþróttam. fatlaðra**, Arnór Pétursson ÍFR. **Sundmaður**, Þórunn Alfreðsdóttir Ægi.

Morgunblaðið
**íþróttir**




● Íþróttafólkið sem hlaut útnefninguna með verðlaunabikara sína. Ljósm. Emil[...]

VÍSIR Þriðjudagur 17. apríl 1979. 3

íþróttir

# Borðtennisfólkið í mikilli framför

,,Ég er þess fullviss að íslenskt borðtennisfólk er í mikilli framför og Íslandsmótið hjá okkur um páskana sannaði þetta'', sagði Gunnar Jóhannsson, formaður Borðtennissambands Íslands, er Vísir ræddi við hann í gær um Íslandsmótið 1979, sem lauk í Laugardalshöll á laugardaginn.

Metþátttaka var í mótinu, keppendur um 250 talsins og margar viðureignir, sem boðið var upp á, voru mjög jafnar og skemmtilegar. Þá sáust mjög góð tilþrif, en hámarki náði þetta í úrslitaviðureign þeirra Tómasar Guðjónssonar KR og Hjálmars Hafsteinssonar KR. Þeir léku hreinan úrslitaleik, og lauk honum með sigri Tómasar, 21:19, 19:21, 21:17, 10:21 og 21:18 svo sannarlega var hart barist. En aðrir Íslandsmeistarar urðu þessir:

13 ára og yngri:
Stefán Birkisson Erninum.
13-15 ára:
Einar Einarsson Víkingi
15-17 ára:
Tómas Sölvason KR
Tvíliðaleikur yngri en 15 ára:
Jóhannes Hauksson og Jónatan Þórðarson KR.
Tvíliðaleikur 15-17 ára:
Bjarni Kristjánsson og Gylfi Pálsson UMFK.
Stúlknaflokkur:
Ragnhildur Sigurðardóttir UMSB.
,,Old boys'':
Jósep Gunnarsson KR.
Tvíliðaleikur kvenna:
Ragnhildur Sigurðardóttir og Kristín Njálsdóttir UMSB.
Tvíliðaleikur karla:
Tómas Guðjónsson og Hjálmar Hafsteinsson KR.
Tvenndarleikur:
Ragnhildur Sigurðardóttir UMSB og Hjálmtýr Hafsteinsson KR.
2. flokkur karla:
Bjarni Harðarson Víkingi.
1. flokkur karla:
Sighvatur Karlsson Gerplu.
Meistaraflokkur kvenna:
Ragnhildur Sigurðardóttir UMSB.
Meistaraflokkur karla:
Tómas Guðjónsson KR.

VÍSIR Laugardagurinn 12. janúar 1980

í eldlínunni

# Allir þeir bestu mæta í Arnarmótið

## Þar meðal er Íslandsmeistarinn Tómas Guðjónsson, sem er ósigraður í mótum hérlendis í meir en ár

,,Þetta verður örugglega erfitt, því það mæta flestir ef ekki allir þeir bestu í Arnarmótið'' sagði Íslandsmeistarinn í borðtennis, Tómas Guðjónsson er við töluðum við hann í gær.

Tómas verður í ,,ELDLÍNUNNI'' í Laugardalhöllinni í dag, en þá fer stærsta borðtennismótið fyrir utan Íslandsmótið, þar fram. Það er Arnarmótið, en Tómas varð sigurvegari í því í fyrra.

,,Maður gerir sitt besta til að verja titilinn'' sagði hann er við spjölluðum við hann. ,,Ég þarf að gæta mín á nokkrum mönnum, og eru þar fremstir í flokki Hjálmar Hafsteinsson KR, Stefán Konráðsson Víkingi, og Gunnar Finnbjörnsson Erninum.

Aðrir geta að sjálfsögðu blandað sér inn í þetta, því ekkert er öruggt í borðtennis frekar en öðrum íþróttagreinum. Það verður einnig keppt í öðrum flokkum á þessu móti — þar á meðal í kvennaflokki, og getur keppnin þar einnig orðið spennandi. Þar reikna ég með að þær Ragnheiður Sigurðuardóttir UMSB, Guðrún Einarsdóttir Gerplu og Ásta Urbancic Erninum keppi um fyrsta sætið''.

Tómas ætti að standa vel að vígi í meistaraflokki ef miðað er við árangur hans í vetur. Hann hefur hlotið langflest stigin á punktamótunum það sem af er þessu keppnistímabili — eða 42 talsins — og er það rúmlega 20 stigum meira en næsti maður. Hefur heldur engum Íslendingi tekist að sigra hann í opinberu móti nú í liðlega eitt ár.

Eitt er víst að það er vel þess virði að sjá Tómas og félaga hans keppa á þessu móti, sem og öðrum mótum. Hefur marga rekið í rogastans yfir hvað þeir kunna og geta í íþrótt sinni, sem sjá þá keppa í fyrsta sinn. Er þar ekki um að ræða neitt sem heitir kjallara eða fyrirtækjaborðtennis. — Heldur leik sem ekkert er langt frá því besta sem þekkist í löndum víða um heim...

— klp.



Íslandsmeistarinn í borðtennis Tómas Guðjónsson KR. Hvað gerir hann á Arnarmótinu í Laugardalshöllinni í dag?... Vísismynd B.G.

ÍÞRÓTTIR

# Borðtennislandslið til Wales

## — keppir þar í Evrópukeppni landsliða



Frá vinstri: Stefán Snær Konráðsson, Ragnhildur Sigurðardóttir, Tómas Guðjónsson og Hjálmtýr Hafsteinsson. Á myndina vantar Ástu Urbancic, sem er ekki á landinu eins og er.

Íslenska landsliðið í borðtennis var valíð fyrir töluverðum tíma en það mun nú á laugardaginn halda til Wales, þar sem það keppir á Evrópukeppni landsliða og síðan á opna welska meistaramótinu.

Með ísl. landsliðinu í C-riðli verða 9 þjóðir, sumar hverjar mjög sterkar, en aðrar miklum mun lakari. Rúmenar, Danir, Svisslendingar, Norðmenn og Walesbúar eru allir nokkuð framarlega í íþróttinni, sérstaklega Rúmenar. Lakari þjóðirnar eru hins vegar smáríkin Jersey og Guernsey, Portúgal og Malta. Við ættum að eiga ágæta möguleika gegn lakari þjóðunum, en ekki er eins víst hvernig okkur reiðir af gegn þjóðum eins og t.d. Rúmenum.

Eftir Evrópukeppnina, mun landsliðið taka þátt í opna welska meistaramótinu hafa nú þegar 26 þjóðir boðað þátttöku sína í mótinu og ætti það að geta orðið mjög skemmtilegt því þar verða ekki lakari þjóðir en t.d. Kínverjar, Ungverjar, Svíar og Júgóslavar svo einhverjar þjóðir séu nefndar. Landslið Íslands skipa eftirtaldir: Tómas Guðjónsson, Hjálmtýr Hafsteinsson, Ragnhildur Sigurðardóttir, Ásta Urbancic og Stefán Kornráðsson fyrirliði.

— SSv —

# Fimm manna landslið valið

Landsliðsnefnd BTÍ hefur valið landslið Íslands í borðtennis til þátttöku í Evrópukeppni landsliða — C-riðli. Níu þjóðir eru í riðli með Íslendingum og verður að teljast að við eigum meiri möguleika nú en oftast áður á góðri frammistöðu. Þær þjóðir, sem auk okkar eru í þessum riðli eru: Rúmenía, Sviss, Portúgal, Noregur, Danmörk, Wales, Guernesey, Jersey og Malta.

Í þessum hópi eru „veikar" þjóðir og ættum við að eiga þokkalega möguleika á sigri a.m.k. gegn Guernsey, Jersey, Möltu og Portúgal. Landsliðið er þannig skipað:

Tómas Guðjónsson, KR !<br>
Stefán S. Konráðsson, Vík<br>
Hjálmtýr Hafsteinsson, KR<br>
Ragnhildur Sigurðardóttir, UMSB<br>
Ásta Urbancic, Erninum

Mótið fer fram dagana 5.-13. febrúar og verður nánar greint frá úrslitum þess hér í Tímanum.

—SSv—



ÍÞRÓTTIR

# Sigur gegn Möltu ljósi punkturinn

## — á EM í borðtennis í Wales

Þegar við höfðum samband við Gunnar Jóhannsson fararstjóra borðtennislandsliðsins í Wales í gærkvöldi voru góðu fréttirnar þær, að landinn hafði unnið Möltu 6:1, en þær slæmu voru hins vegar þær að við töpuðum fyrir Portúgal og Danmörku 0:7. — Það var því aðeins einn sigur hjá okkur að þessu sinni, en þó margar tölurnar séu ljótar er ekki nokkur vafi á því að við erum í mikilli framför.

### Ísland — Portúgal

Barroso — Stefán 18:21, 21:14 og 21:10<br>
Alvoeira — Tómas 21:14 og 21:8<br>
Menezes — Ragnhildur 15:21, 21:15 og 21:18<br>
Barroso/Marguez — Tómas/Hjálmtýr 23:21 og 21:19<br>
Marguez/Menezes — Tómas/Ásta 21:13 og 21:11<br>
Barroso — Tómas 21:10 og 21:6<br>
Alvoeira — Stefán 21:12 og 21:17

— Portúgalarnir voru miklu sterkari en við bjuggumst við og því fór, sem fór. — Í eftirmiðdaginn lékum við við Dani, en þeir berjast um efsta sætið við Wales, og áttum ekki mikla möguleika en nokkrir leikjanna voru mjög skemmtilegir, sérstaklega leikur Tómasar gegn Pedersen, en sá er atvinnumaður. Úrslit leikjanna:

Pedersen — Tómas 21:11, 18:21 og 21:12<br>
Grimstrup — Hjálmtýr 21:16 og 21:17<br>
Jacobsen — Ásta 21:7 og 21:9<br>
Pedersen/Rud — Stefán/Hjálmtýr 22:20 og 21:15<br>
Pedersen/Larsen — Tómas/Ásta 21:5 og 21:12<br>
Pedersen — Hjálmtýr 21:4 og 21:17<br>
Grimstrup — Tómas 21:16 og 21:15

Leikur Stefáns og Hjálmtýrs gegn þeim Rud og Pedersen vakti mikla athygli, en Danirnir eru 3. sterkasta par á Norðurlöndum, sagði Gunnar.

— Í kvöld lékum við svo gegn Möltu og þá loks vannst sigur 6:1. — Úrslitin eru þannig:

Stefán — A.Borg-Cardona 21:18 og 21:18<br>
Tómas — C.Borg-Cardona 21:19 og 21:18<br>
Ragnhildur — Pullithino 21:10 og 21:19<br>
Hjálmtýr/Tómas — A.Borg-Carodna/C. Borg-Cardona 21:16 og 22:20<br>
Tómas/Ásta — A.Borg-Cardona/Pullithino 21:16 og 21:17<br>
C.Borg-Cardona — Stefán 21:19 og 21:17<br>
Tómas — A.Borg-Cardona 21:18, 18:21 og 21:15

Á laugardaginn leikum við gegn sjálfum Júgóslövum í Opna velska meistaramótinu.

10-12-79

# Tómas sigraði

80 ÁRA afmælismót KR í borðtennis fór fram í Laugardalshöllinni í fyrrakvöld. Allir bestu borðtennismenn landsins tóku þátt í mótinu. Sigurvegari varð Tómas Guðjónsson KR en hann sigraði Stefán Konráðsson Víking 3—2. Enduðu loturnar 21—14, 22—20, 14—21, 10—21 og 21—19. Í þriðja sæsti varð Hjálmtýr Hafsteinsson KR og Ragnar Ragnarsson Erninum.

—þr.

# Öruggur sigur í borðtennis gegn Færeyjum

## — Færeyingar unnu ekki leik í karlaflokki

**Ísland hefur alveg stungið Færeyinga af í borðtennisíþróttinni. Þetta kom berlega í ljós þegar Ísland og Færeyjar leiddu saman hesta sína í landskeppni um helgina. Ísland sigraði Færeyjar 9—0 í flokki karla.**

Sama varð uppi á teningnum í flokki eldri unglinga, þar var sigur 9—0. Hins vegar sigruðu Færeyingar í flokki yngri unglinga, 6—3.

Þá fór fram opið mót á laugardag í íþróttahúsi Gerplu. Úrslit urðu þar: Hjálmtýr Hafsteinsson, KR sigraði Jens Carlsen 3—0. Hjálmar Aðalsteinsson KR sigraði Hilmar Konráðsson Viking 3—2. Stefán Konráðsson Viking sigraði Gunnar Finnbjörnsson Erninum 3—1. Tómas Guðjónsson KR sigraði Vigni Kristmundsson Erninum 3—0.

Í undanúrslitum áttust við Hjálmtýr og Hjálmar, og Hjálmtýr sigraði, 21—17, 21—15, 21—18. Tómas sigraði Stefán 23—21, 22—20, 18—21, 21—21 — hörð barátta þar. Þeir Tómas Guðjónsson og Hjálmtýr Hafsteinsson léku til úrslita og Tómas sigraði 3—0, 21—18, 21—15, 21—16.

# Öruggur sigur ur meistara

HIÐ árlega tvíliðaleiksmót KR í borðtennis fór fyrir nokkru fram í KR-heimilinu. Röð efstu manna varð sú sama og á Íslandsmótinu á dögunum. KR-ingarnir ungu, Tómas Guðjónsson og Hjálmtýr Hafsteinsson, unnu örugglega, en í úrslitum mættu þeir Gunnari Finnbjörnssyni og Ragnari Ragnarssyni, Erninum. Í þriðja sæti urðu Stefán Konráðsson, Gerplu, og Hjálmar Aðalsteinsson, KR.

12



Hin 16 ára gamla blómarós úr Borgarfirðinum, Ragnhildur Sigurðardóttir, sigraði í öllum flokkum, sem hún tók þátt í á Íslandsmótinu í borðtennis um helgina. Vísismynd, Friðþjófur.





TÓMAS GUÐJÓNSSON.. borðtennisspilarinn snjalli úr KR. (Tímamynd Tryggvi)

# Tómas meistari þriðja árið í röð

## Ragnhildur hlaut 5 gullverðlaun á meistaramótinu í borðtennis

— Ég er í sjöunda himni. Þetta er þriðja árið í röð, sem ég verð Íslandsmeistari og fjórða árið, sem ég vinn þrenn gullverðlaun á Íslandsmótinu sagði Tómas Guðjónsson, hinn snaggaralegi borðtennismaður úr KR, sem vann öruggan sigur 3:0(21:16-21:15-21:15) yfir Gunnari Finnbjörnssyni úr Erninum í úrslitaleiknum í einliðaleik karla.

— Tómas er okkar besti borðtennisspilari — hann leikur vel og er mjög öruggur leikmaður, sagði Gunnar, eftir úrslitaleikinn. — Ég átti satt best að segja, ekki von á því að komast í úrslit. Þetta er miklu betri árangur, en ég átti von á, sagði Gunnar.

— Gunnar er alltaf sterkur mótherji sem gaman er að leika gegn. Það er aldrei hægt að slaka á gegn honum, þar sem hann gefst ekki upp, fyrr en í fulla hnefana, eins og sást, sagði Tómas, eftir leikinn.

Gunnar sýndi mikla baráttu — hann lagði marga fræga kappa að velli, eins og Stefán Konráðsson Víkingi, sem menn reiknuðu með að léki í úrslitum gegn Tómasi, og Hjálmtý Hafsteinsson úr KR.

Tómas Guðjónsson varð sigurvegari í tvíliðaleik karla, lék ásamt Hjálmtý Hafsteinssyni. KR-liðið var einnig sigurvegari í flokkakeppninni.

### 5 gull til Ragnhildar

Ragnhildur Sigurðardóttir, UMSB, tryggði sér fimm gullverðlaun á mótinu — varð sigurvegari í einliðaleik kvenna og stúlkna. Ragnhildur og vinkona hennar, Kristín Njálsdóttir, UMSB, urðu sigurvegarar í tvíliðaleik kvenna og Ragnhildur varð sigurvegari í tvenndarleik, ásamt KR-ingnum Hjálmtý Hafsteinssyni. Fimmta gullið hla[...] Ragnhildur í liðakeppninni, [...] Borgarfjarðarsveitin varð si[...] vegari í kvennaflokki. —

1980



Hvíld fyrir lokaátökin. Þeir Tómas Guðjónsson til vinstri og Gunnar Finnbjörnsson „slappa af" fyrir úrslitaleikinn í einliðaleik karla í gær. Tómas sigraði í þeim leik 3:0 og vann þar með sín þriðju gullverðlaun á Íslandsmótinu í borðtennis í ár. Vísismynd Friðþjófur.

# Ragnhildur og Tómas sópuðu að sér gulli

## Hún varð fimmfaldur og hann þrefaldur meistari á Íslandsmótinu í borðtennis um helgina

„Jú, ég er mjög ánægður með þetta. Ég get heldur ekki verið annað en ánægður, því að ég vann þrenn gullverðlaun og það í fjórða sinn í röð", sagði Tómas Guðjónsson KR eftir sigurinn í einliðaleik karla á Íslandsmótinu í borðtennis, sem lauk í Laugardalshöllinni í gærkvöldi.

Þessi þrenn gullverðlaun, sem Tómas vann í mótinu, voru í einliðaleik karla, tvíliðaleik karla og í flokkakeppninni. Í einliðaleiknum lék hann til úrslita við Gunnar Finnbjörnsson, Erninum, og sigraði hann 3:0 — eða 21:16, 21:15 og 21:15.

Gunnar kom mjög á óvart í þessu móti, en honum hefur vegnað fremur illa á borðtennismótum í vetur. Sló hann hvern meistarann af öðrum út úr keppninni og voru það t.d. þeir Bjarni Kristjánsson UMFK, KR-ingana Hjálmar Aðalsteinsson og Hjálmtý Hafsteinsson og Stefán Konráðsson, Víkingi, sem flestir veðjuðu á að yrði í úrslitum á móti Tómasi í einliðaleiknum.

Í tvíliðaleiknum varð Tómas Íslandsmeistari ásamt félaga sínum úr KR, Hjálmtý Hafsteinssyni, eftir harða keppni við Stefán Konráðsson og Hilmar Konráðsson, Víkingi. Þar urðu í 3ja sæti þeir Tómas Sölvason KR og Gunnar Finnbjörnsson, Erninum.

Þriðja titilinn fékk svo Tómas í flokkakeppninni, þar sem hann lék fyrir KR. Þar varð Víkingur í öðru sæti og sveit UMF Keflavíkur í því þriðja.

### Ragnhildur fékk 5 gull

Þótt Tómas hafi sópað vel að sér gullinu í keppninni, var hin 16 ára gamla Ragnhildur Sigurðardóttir, UMSB enn atkvæðameiri. Hún vann fimm gullverðlaun á mótinu, þar af tvenn í einliðaleik. Þau fyrri í einliðaleik stúlkna, en þar varð Sigrún Bjarnadóttir UMSB í öðru sæti og Erna Sigurðardóttir UMSB — tvíburasystir Ragnhildar — í þriðja. Þá keppti hún í einliðaleik kvenna og sigraði léttilega — tapaði aðeins einni lotu, en sigraði í tólf. Ásta Urbancic, Erninum, varð í 2. sæti í kvennaflokknum og Guðrún Einarsdóttir, Gerplu, þriðja.

Í tvíliðaleik kvenna sigraði Ragnhildur ásamt Kristínu Njálsdóttur UMSB og þar urðu þær Ásta Urbancic og Guðrún Einars í öðru sæti. Í tvenndarkeppninni lék Ragnhildur með Hjálmtý Hafsteinssyni KR og fóru þau heim með sigur þar. Tómas Guðjónsson og Ásta Urbancic fengu silfrið og þau Stefán Konráðsson og Guðrún Einarsdóttir bronsið. Fimmta gullið tók svo Ragnhildur í liðakeppninni, þar sem Borgarfjarðarsveitin varð sigurvegari í kvennaflokki.

### Einn rekinn úr húsinu

Á mótinu var keppt í 18 flokkum og voru skráðir til leiks í þá um 140 keppendur. Var hörð keppni í þeim öllum og í sumum slík, að bæði tunga og taugar gáfu sig hjá sumum keppendum. Einum keppenda var t.d. vísað alla leið út úr húsinu, en hann missti alveg vald á sér eftir eitt tapið og dóm, sem féll honum ekki í géð, og sló hann þá til eins af hinum ötulu keppnisstjórum mótsins.

Aðrir létu sér nægja að bölva og stappa niður fótum, en einstaka lét þó skapið bitna á borðfótunum og spöðunum, sem þá fengu gjarnan að fljúga um salinn. Bar mest á þessu hjá hinum minni spámönnum, en þeir bestu höfðu flestir gott vald á sér, þótt eitthvað blési á móti.

Í öðrum flokkum á Íslandsmótinu urðu úrslit þau, að í 1. flokki karla sigraði Þorfinnur Guðnason, Víkingi, í einliðaleik karla. Kristján Jónasson, Víkingi, varð annar og Jónas Kristjánsson, Erninum, þriðji. Í einliðaleik í 2. flokki sigraði Davíð Pálsson, Erninum, Magnús Jónsson, Erninum, varð annar og Guðmundur Í. Guðmundsson, Víkingi, þriðji. Í einliðaleik í 1. flokki kvenna sigraði Sigrún Sverrisdóttir, Víkingi, Helga Jóhannsdóttir Íþróttafélagi fatlaðra varð önnur og Hafdís Ásgeirsdóttir KR þriðja. Þá sigraði Jóhann Örn Sigurjónsson, Erninum, í flokki „Old boys". Þórður Þorvarðarson, Erninum, varð þar í 2. sæti og Halldór B. Jónsson RR/Fram þriðji.

### Margir efnilegir

Mjög margir efnilegir borðtennismenn komu fram í yngri flokkunum á mótinu. Í yngsta flokknum — 13 ára og yngri — sigraði Bergur Konráðsson, Víkingi, í einliðaleik og þar varð Skarphéðinn Ívarsson HSÞ annar. Í flokki 13-15 ára sigraði Björgvin Björgvinsson KR, en Einar Einarsson, Víkingi, varð annar. Í flokki 15-17 ára sigraði Bjarni Kristjánsson UMFK og þar varð Kristján Jónasson, Víkingi, annar.

Keppt var í tveim aldursflokkum í tvíliðaleik unglinga. Í flokki 15 ára og yngri sigruðu þeir Björgvin Björgvinsson KR og Einar Einarsson, Víkingi, en þeir Kristján Már Emilsson KR og Stefán Birkisson, Erninum urðu í öðru sæti. Í flokki 15-17 ára sigruðu þeir Jóhannes Hauksson og Jónatan Þórðarson KR, en Guðmundur Maríasson KR og Bjarni Kristjánsson UMFK höfnuðu í öðru sæti. KR-ingar sigruðu svo í liðakeppni unglinga, en þar var þátttaka mjög góð og keppnin eldfjörug og skemmtileg eins og í flestum öðrum flokkum á þessu Íslandsmóti.

—klp—

ÍSLANDSMÓT 1980

13



● Tómas Guðjónsson tapaði ekki leik á mótinu og varð öruggur Íslandsmeistari. Ljósmyndir Mbl. Kristján.



● Ragnhildur Sigurðardóttir varð fjórfaldur Íslandsmeistari.

## Íslandsmótið í borðtennis:

# Enginn ógnaði Tómasi – Ragnhildur einnig sterk

**Tómas Guðjónsson úr KR varð hinn öruggi sigurvegari í meistaraflokki karla á Íslandsmótinu í borðtennis sem fram fór í Laugardalshöll um helgina. Keppni var þannig hagað í þessum flokki, að keppandi taldist ekki vera úr leik fyrr en hann hafði tapað tvívegis, en á það reyndi ekki með Tómas, hann vann alla leiki sína með nokkrum yfirburðum, þar á meðal úrslitaleikinn gegn Gunnari Finnbjörnssyni. Öðru máli gegndi með Gunnar, mikið hlaut hann að vera orðinn þreyttur er í úrslitaleikinn kom, því að flestir leikja hans voru fimm lotur þar sem hann marði 3—2 sigur. Stefán Konráðsson veitti Gunnari hörðustu keppnina, háðu þeir mikla rimmu um úrslitasætið, en Gunnar vann 3—2.**

Gunnar byrjaði alls ekki illa í úrslitunum gegn Tómasi, hann komst í 3—0, en þó að Tómas hafi jafnað snarlega og komist yfir, var enn jafnt 12—12. Úr því stakk Tómas af og vann örugglega 21—16. Í annarri lotunni var aldrei spurning, Tómas náði strax öruggri forystu og sleppti henni ekki, sigraði 21—15. Í þriðju lotunni fór Gunnar aftur geyst af stað og hafði síðast forystu 9—7. Tómas kvað hann þá endanlega í kútinn og vann 21—15. Úrslitakeppni þeirra félaga bauð oft upp á skemmtileg tilþrif og þó að sýnt væri fljótlega að Gunnar ætti litla möguleika gegn Tómasi, þá barðist hann vel allan tímann.

Í meistaraflokki kvenna léku allir við alla og með fullt hús vinninga úr þeirri orrahríð kom Ragnhildur Sigurðardóttir UMSB. Ragnhildur lét mjög að sér kveða á móti þessu, því hún sigraði einnig í stúlknaflokki, í tvíliðaleik kvenna ásamt Kristínu Njálsdóttur UMSB og í tvenndarleik ásamt Hjálmtý Hafsteinssyni. Í meistaraflokki kvenna varð Ásta Urbancic í öðru sæti.

Sem fyrr segir sigruðu þær Ragnhildur Sigurðardóttir og Kristín Njálsdóttir í tvíliðaleik kvenna. Í öðru sæti þar urðu þær Ásta Urbancic og Guðrún Einarsdóttir. Og í tvenndarleik sigruðu sem fyrr sagði Ragnhildur og Hjálmtýr, en í öðru sæti höfnuðu Ásta og Íslandsmeistarinn Tómas. Þriðju voru Guðrún Einarsdóttir og Stefán Konráðsson.

Tómas lét sér ekki nægja Íslandsmeistaratitilinn í einliðaleik karla, hann varð einnig Íslandsmeistari í tvíliðaleik karla ásamt Hjálmtý Hafsteinssyni. Þeir sigruðu Hilmar og Stefán Konráðsson en í þriðja sæti urðu þeir Tómas Sölvason KR og Gunnar Finnbjörnsson Erninum.

Áður var getið sigurvegarans í stúlknaflokki, það var Ragnhildur Sigurðardóttir. En í öðru sæti í þeim flokki var Sigrún Björnsdóttir UMFB og þriðja varð Erna Sigurðardóttir tvíburasystir Ragnhildar.

Í 1. flokki karla sigraði Víkingurinn Þorfinnur Guðmundsson, bar hann sigurorð af félaga sínum Kristjáni Jónassyni. Þriðji í þessum flokki varð Jónas Kristjánsson úr Erninum. Davíð Pálsson úr Erninum sigraði í 2. flokki karla.

Sigrún Serrisdóttir sigraði í 1. flokki kvenna, Sigrún er úr Víkingi. Erna Sigurðardóttir varð í öðru sæti, Erna er í UMSB.

Björgvin Björgvinsson úr KR og Einar Einarsson úr Víkingi urðu hlutskarpastir í tvíliðaleik unglinga, skutu þeir þar aftur fyrir sig þeim Kristni Emilssyni og Stefáni Birkissyni úr Erninum. Í tvíliðaleik drengja sigruðu hins vegar þeir Jóhannes Hauksson og Jónatan Þórðarson úr KR, í öðru sæti höfnuðu þeir Bjarni Kristjánsson UMFK og Guðmundur Maríasson KR. Í þriðja sæti voru Kristján Jónasson Víkingi og Hafliði Kristjánsson UMFK.

Bjarni Kristjánsson úr Keflavík sigraði í flokki 15—17 ára drengja, Kristján Jónasson Víkingi varð annar og Guðmundur Maríasson varð þriðji. Og enn skal hrúgað niður nöfnum, Björgvin Björgvinsson KR sigraði í flokki 13—15 ára drengja, Einar Einarsson varð annar og Haukur Stefánsson Víkingi varð þriðji. Í einliðaleik 13 ára og yngri sigraði Bergur Konráðsson Víkingi, Skarphéðinn Ívarsson HSP varð annar og Bjarni Bjarnason Gerplu varð þriðji.

Loks skal litið á sigurvegara í Old Boys, eða gamlingjaflokki. Jóhann Örn Sigurjónsson Erninum sigraði, Þórður Þorvaldsson Erninum varð annar og Halldór B. Jónsson Fram varð í þriðja sæti.

— gg.



● Stefán Konráðsson var hársbreidd frá úrslitaleiknum en varð frá að hverfa eftir hörkuleik gegn Gunnari Finnbjörnssyni.

# Ragnhildur varð ferfaldur Íslandsmeistari í borðtennis

## — á landsmóti borðtennismanna, sem lauk um helgina. Tómas Guðjónsson sigraði örugglega í karlaflokki og hélt titli sínum



Tómas Guðjónsson, KR, var hinn öruggi sigurvegari í karlaflokki.
DB-mynd Hörður.

**Tómas Guðjónsson úr KR sigraði örugglega í meistaraflokki karla á Íslandsmótinu í borðtennis, sem lauk í Laugardalshöllinni á tíunda tímanum í gærkvöld. Tómas vann alla andstæðinga sína mjög örugglega og þegar komið var í úrslitaleikinn í gærkvöld var hann sá eini er ekki hafði tapað leik. Gunnar Finnbjörnsson, sem var mótherji hans í úrslitunum, hafði tapað einum leik og varð því að tvísigra Tómas til þess að eiga möguleika á titilinum. Í mótinu voru menn ekki úr leik fyrr en eftir tvö töp. Svo virtist í upphafi fyrstu lotunnar, sem Gunnar ætlaði að velgja Tómasi undir uggum því hann komst í 3—0. Tómas jafnaði síðan 12—12 komst í 16—12 og sigraði 21—16 í fyrstu lotunni. Í annarri lotunni komst Tómas strax í 8—3 og hélt þeim mun út alla lotuna án mikilla erfiðleika. Lokatölur urðu 21—15. Í þriðju og síðustu lotunni gerði Gunnar aftur harða hríð að Tómasi. Hann leiddi t.d. 14—12 en þar með var sagan öll. Tómas tók geysilegan kipp og komst í 19—14 og sigraði síðan 21—15. Mjög öruggur og glæsilegur sigur Tómasar en hann varð einnig Íslandsmeistari í fyrra.**

Í þriðja sæti í mótinu varð Stefán Konráðsson. Í meistaraflokki kvenna sigraði Ragnhildur Sigurðardóttir (Guðmundssonar á Leirá í Borgarfirði). Hún sigraði alla sína keppinauta en í kvennaflokknum léku dömurnar allar við alla. Engri tókst að hafa við Ragnhildi, sem sigraði létt. Ásta Urbancic varð önnur og þriðja varð Guðrún Einarsdóttir. Ragnhildur er í UMSB, Ásta í Erninum og Guðrún í Gerplu.

Í 1. flokki karla sigraði Þorfinnur Guðmundsson úr Víkingi félaga sinn Kristján Jónasson, 21—16 og 21—17, eftir skemmtilega keppni. Þriðji varð svo Jónas Kristjánsson úr Erininum.

Í 1. flokki kvenna sigraði Sigrún Sverrisdóttir, Víkingi. Önnur varð Helga Jóhannsdóttir, ÍFR og þriðja varð svo Hafdís Ásgeirsdóttir úr KR en hún er fötluð. Í 2. flokki karla sigraði Davíð Pálsson úr Erninum félaga sinn Magnús Jónsson úr Erninum 18—21, 22—20 og 21—17 í hörkuspennandi úrslitaleik. Magnús hafði betur í fyrstu lotunni en Davíð vann þá aðra eftir upphækkun og sigraði síðan í þeirri þriðju nokkuð örugglega. Þriðji varð Guðmundur I. Guðmundsson úr Víkingi.

Í tvíliðaleik karla sigruðu þeir Tómas Guðjónsson, KR og Hjálmtýr Hafsteinsson KR. Stefán Konráðsson, Víkingi og Hilmar Konráðsson, Víkingi urðu í 2. sætinu og í 3. sæti urðu þeir Tómas Sölvason, KR og Gunnar Finnbjörnsson Erninum. Í tvíliðaleik kvenna sigruðu þær Ragnhildur Sigurðardóttir og Kristín Njálsdóttir, báðar UMSB og Ásta Urbancic Erninum og Guðrún Einarsdóttir Gerplu urðu í 2. sætinu. Í 3. sæti komu svo Hafdís Ásgeirsdóttir, KR og Guðbjörg Stefánsdóttir, Fram.

Í tvenndarkeppninni sigruðu þau Ragnhildur Sigurðardóttir og Hjálmtýr Hafsteinsson og í 2. sæti urðu þau Tómas Guðjónsson og Ásta Urbancic. Guðrún Einarsdóttir, og Stefán Konráðsson urðu svo í 3. sætinu. Í keppni „old-boys" sigraði Jónas Örn Sigurjónsson en í 2. sæti varð Þórður Þorvarðarson. Þeir eru báðir úr Gerplu. Þriðji varð Halldór Jónsson úr Fram.

Ragnhildur bætti enn einni skrautfjöðrinni í hattinn er hún sigraði í stúlknaflokki á mótinu en hún er aðeins 17 ára gömul. Sigrún Bjarnadóttir varð önnur og tvíburasystir Ragnhildar, Erna, varð í 3. sætinu.

Í flokki 15—17 ára unglinga sigraði Bjarni Kristjánsson, UMFK, og annar varð Kristján Jónasson, Víkingi. Þriðji varð svo Guðmundur Maríusson, KR. Í flokki 13—15 ára unglinga sigraði Björgvin Björgvinsson úr KR og annar varð Einar Einarsson úr Víkingi. Þriðji varð síðan Haukur Stefánsson úr Víkingi.

Í flokki 13 ára og yngri sigraði Bergur Konráðsson, en hann er bróðir Hilmars, sem er í meistaraflokki. Skarphéðinn Ívarsson, HSÞ varð annar og Bjarni Bjarnason, Gerplu þriðji.

Í tvíliðaleik 15—17 ára sigruðu Jóhann Hauksson og Jónatan Þórðarson KR en í öðru sætinu urðu þeir Bjarni Kristjánsson og Guðjón Marteinsson, UMFK. Kristján Jónasson, Víkingi og Hafliði Kristjánsson, UMFK urðu í 3. sætinu. Í tvíliðaleik 15 ára og yngri sigruðu þeir Björgvin Björgvinsson KR og Einar Einarsson Víkingi. Kristján Emilsson, KR og Stefán Birkisson, Erninum urðu í 2. sæti og Kristján Haraldsson og Skúli Skúlason úr HSÞ urðu í 3 sætinu.

Í félagakeppni í karlaflokki urðu KR-ingar hlutskarpastir fimmta árið í röð og að þessu sinni varð Víkingur í 2. sæti. Í félagakeppni unglinga sigraði KR einnig en borgfirzku stúlkurnar sigruðu í félagakeppni kvennanna og kemur engum á óvart.

Þátttakendur í mótinu voru um 140 og var keppt í 15 flokkum. Mótið gekk í alla staði mjög vel fyrir sig og leikjaniðurröðun og tímasetning stóðst mjög vel. Í stuttu spjalli við DB í gærkvöld sagði Gunnar Jóhannsson, formaður Borðtennissambands Íslands að mjög ánægjulegt væri að sjá hversu víða að af landinu keppendur kæmu nú og benti það ótvírætt til þess að mikil gróska væri að færast í borðtennis hérlendis.

-SSv.



[illegible]dóttir, UMSB, sigraði mjög örugglega í kvennaflokki í landsmótinu í borðtennis um helgina og fór heim
DB-mynd Hörður.



Gunnar Finnbjörnsson varð að gera sér annað sætið að góðu þrátt fyrir góða frammistöðu á mótinu um helgina.
DB-mynd Hörður.











Butterfly mótið í borðtennis:

# Oddur í nær öllum leikjum

Þau Tómas Guðjónsson KR og Ragnhildur Sigurðardóttir UMSB urðu sigurvegarar í meistaraflokki karla og kvenna í „Butterfly" borðtennismótinu, sem háð var um helgina.

Í mót þetta mættu yfir 70 keppendur og var háð á milli þeirra mjög spennandi og skemmtileg keppni í fimm flokkum. Voru flestir á því, að þetta hefði verið eitt jafnasta og besta borðtennismót, sem hér hefði farið fram, enda þurfti oddaleiki eða framlengingu í flestum leikjunum.

Þeir Tómas Guðjónsson og Stefán Konraðsson Víkingi léku hreinan úrslitaleik í meistaraflokki karla. Sigraði Tómas í fyrri hrinunni 21:15 og einnig í þeirri síðari, en þar urðu lokatölurnar 32:30, sem er mjög óvenjulegt í borðtennis.

Ragnhildur sigraði í meistaraflokki kvenna, og þar varð sovéski landsliðsþjálfarinn, Susan Zakarian Gerplu, í öðru sæti. Í 1. flokki kvenna sigraði Sigrún Bjarnadóttir UMSB, en í 1. flokki karla varð Björgvin Björgvinsson KR sigurvegari...

—klp—

REYKJAV. MÓT
1980

# Tómas vann þrefalt

Tómas Guðjónsson KR varð Reykjavíkurmeistari í einliðaleik karla í borðtennis er hann sigraði Hjálmtý Hafsteinsson KR í úrslitaleik mótsins í gær.

Þurfti þar fjórar lotur til — Tómas sigraði í þeirri fyrstu 21:12 en síðan Hjálmtýr 21:16 en Tómas tók næstu tvær í röð 21:19 og 21:17. Þeir urðu saman Reykjavíkurmeistarar í tvíliðaleik — sigruðu þar þá Gunnar Finnbjörnsson og Stefán Konráðsson 3:0. Þriðja titilinn tók svo Tómas í tvenndarleik, þar sem hann sigraði ásamt Ástu Urbancic.

Ásta varð einnig þrefaldur meistari, því að hún sigraði auk þess í einliðaleik, þar sem hún lék gegn Guðbjörgu A. Stefánsdóttur Fram til úrslita og saman urðu þær Reykjavíkurmeistarar í tvíliðaleik kvenna.

Um 60 keppendur voru í mótinu og þar keppt í mörgum aldursflokkum. Þar urðu þessi Reykjavíkurmeistarar: Sigrún Sverrisdóttir Víkingi í einliðaleik í stúlknaflokki, Bergur Konráðsson Víkingi í einliðaleik pilta yngri en 13 ára. Einar Einarsson Víkingi í einliðaleik 13—15 ára og hann ásamt Björgvin Björgvinssyni KR í tvíliðaleik í sama aldursflokki.

Jóhannes Hauksson KR sigraði í einliðaleik 15—17 ára — sigraði þar Guðmund Maríusson KR, en hann varð aftur á móti meistari í tvíliðaleik í þessum flokki ásamt Kristjáni Jónssyni, Víkingi.

Í mótinu var að vanda keppt í „öldungaflokki" og var þar har[...] barist eins og venja er. Til úrslit[...] þar léku Jósef R. Gunnarsso[...] Fram og Þórður Þórðarson Er[...]inum og lauk þeim leik með sig[...] Jósefs 3:2., eða 21:14, 14:21, 20:2[...] 21:14 og 21:13...

— klp

# ÞAU KEPPA UM „GULLSPAÐANN"

Á meðal þeirra, sem skipa meistaraflokk karla og kvenna í borðtennis, fer fram sérstök keppni þar sem keppt er um „STIGA gullspaðann". Keppt er eftir sérstöku punktakerfi Borðtennissambands Íslands og þau, sem hljóta flesta punkta yfir veturinn, fá verðlaunin til varðveislu í eitt ár.

Eftir Butterfly-mótið í borðtennis, sem fram fór um helgina, er staðan í keppninni um „Gullspaðann" þessi:

**Karlar:**

| | |
|---|---|
| Tómas Guðjónss. KR | 78 |
| Hjálmtýr Hafsteinss. KR | 51 |
| Stefán Konráðs. Vík | 24 |
| Gunnar Finnbj. Erninum | 14 |
| Tómas Sölvas. KR | 13 |
| Bjarni Kristjánss. UMFK | 10 |

**Konur:**

| | |
|---|---|
| Ragnh. Sigurðard. UMSB | 21 |
| Guðrún Einarsd. Gerplu | 6 |
| Ásta Urbancic Erninum | 4 |
| Susan Zakarian Gerplu | 4 |
| Kristín Njálsd. UMSB | 2 |
| Guðbjörg Stefánsd. Fram | 2 |

# Keppt um gullspaðann

BORÐTENNISSAMBAND Íslands og STIGA umboðið, hafa komið á keppni um hina svonefndu STIGA gullspaða. Keppnin er í meistaraflokki karla og kvenna og sá einstaklingur sem hefur hlotið flesta punkta samkvæmt punktakerfi BTÍ eftir veturinn hlýtur spaðann til varðveislu í eitt ár.

Keppni þessi er mjög svipuð og er í nágrannalöndum okkar og gefur hún keppendum eitthvað til að keppa að allan veturinn annað en að sigra einstök mót. Í þessari keppni er það hinn jafnbesti sem ber sigur úr býtum ekki sá sem er heppin(n) á einu móti eða tveimur.

Staðan í keppninni um STIGA gullspaðann.

| | |
|---|---|
| **Karlar:** | |
| Tómas Guðjónsson KR | 78 |
| Hjálmtýr Hafsteinsson KR | 51 |
| Stefán Konráðss. Vík | 24 |
| Gunnar Finnbjörnss. Örninn | 14 |
| Tómas Sölvason KR | 13 |
| Bjarni Kristjánss. UMFK | 10 |
| Hilmar Konráðss. Vík | 9 |
| Gylfi Pálsson UMFK | 8 |
| Ragnar Ragnarss. Örninn | 6 |
| Örn Fransson KR | 3 |
| **Konur:** | |
| Ragnhildur Sigurðard. UMSB | 21 |
| Guðrún Einarsd. Gerplu | 6 |
| Ásta Urbancic Örninn | 4 |
| Susan Zakarian Gerplu | 4 |
| Kristín Njálsd. UMSB | 2 |
| Guðbjörg Stefánsd. Fram | 2 |




● Gunnar Finnbjörnsson barðist um hæl og hnakka í úrslitaleiknum en mátti sín lítils gegn Tómasi.



Tómas Guðjónsson KR hefur forustuna í keppni karla um STIGA „Gullspaðann".

VIKUDAGUR 15. APRÍL 1981



„Einbeitnin og keppnisskapið á réttum stað, og þá ekki síður kúlan," sagði Sigurgeir Jónasson ljósmyndari í Vestmannaeyjum, sem tók þessa mynd. Hún er tekin fyrir nokkru á íþróttamóti fatlaðra í Eyjum af keppanda í borðtennis.

Morgunblaðið

íþróttir

# Afar jöfn keppni á fiðrildamótinu

**Butterfly-borðtennismótið var haldið í Íþróttahúsi Gerplu Kópavogi sunnudaginn 9. mars. Í mótið voru skráðir 91 keppandi en 75 mættu til leiks. Keppni fór fram í fimm flokkum og urðu sigurvegarar í flokkunum þessir:**

Meistaraflokkur karla:
1. sæti Tómas Guðjónsson KR
2. sæti Stefán Konráðsson Víking
3.—4. sæti Hilmar Konráðs. Vík.
Hjálmtýr Hafsteinsson KR

Keppnin í flokknum var mjög jöfn og spennandi og þurfti í flest öllum leikjum oddalotu til að fá úrslit. Tómas og Stefán þurftu að leika tvo úrslitaleiki til að skera úr um úrslitin því keppendur máttu tapa tveimur leikjum til að falla úr keppni. Þegar að síðasta leiknum kom var Stefán taplaus, hann hafði unnið Tómas nokkru áður, Tómas sigraði í fyrri viðureign þeirra í úrslitunum 2—1 eftir harðar og mjög vel leiknar lotur og í hreinum úrslitaleik sigraði hann 21—15 og 32—30.

Meistaraflokkur kvenna:
1. sæti Ragnhildur Sig.d. UMSB
2. sæti Susan Zakarian Gerplu
3.—4. sæti Guðbj. Stefánsd. Fram
Guðrún Einarsdóttir Gerplu

Í flokknum kepptu allar við allar og sigraði Ragnhildur alla keppinauta sína:

1. flokkur karla:
1. sæti Jóhannes Hauksson KR
2. sæti Hjörtur Jóhanns. UMFK
3.—4. sæti Guðm. Maríusson KR
Þorfinnur Guðmunds. Víking

Jóhannes og Hjörtur þurftu að leika tvo úrslitaleiki eins og Tómas og Stefán og eftir mjög jafna og spennandi keppni sigraði Jóhannes.

1. flokkur kvenna:
1. sæti Sigrún Bjarnad. UMSB
2. sæti Sigrún Sverrisd. Víking
3.—4. sæti Helga Jóhannsd. ÍFR
Guðbjörg Eiríksdóttir ÍFR

Í þessum flokki þurfti einnig tvo úrslitaleiki og í þeim sigraði Sigrún Bjarnadóttir nokkuð örugglega.

2. flokkur karla:
1. sæti Björgvin Björgvinsson KR
2. sæti Jósef Gunnarsson Fram
3.—4. sæti Davíð Pálsson Örninn
Árni Hannesson Örninn

1981

Föstudagur 16. janúar 1981 helgarpósturinn

# frístunda pósturinn

Umsjón: Sigurveig Jónsdóttir

**BORÐTENNIS**



Guðný Guðnadóttir og félagi hennar í tvíliðaleik, Elsa Stefánsdóttir, á Ólympíuleikunum í Hollandi.

## Íþróttaiðkun í hjólastól

### Rætt við Guðnýju Guðnadóttur

„Borðtennis er ágætt sem hobbý, en það verður kannski einum of mikið af því góða, þegar maður er kominn á það stig að geta varla lagt spaðann frá sér," sagði Guðný Guðnadóttir, skrifstofumaður og borðtennisleikari í samtali við Helgarpóstinn.

Guðný er í Íþróttafélagi fatlaðra og hefur aðallega stundað þar borðtennis, þótt aðeins hafi hún tekið þátt í fleiri greinum. Fyrir sjö árum varð hún fyrir því að lamast upp að höndum af völdum bifreiðaslyss og hefur hún síðar verið bundin við hjólastól.

En þrátt fyrir þessa hömlun lifir Guðný að mestu eðlilegu lífi. Hún heldur eigið heimili, ekur sjálf til vinnu og sinnir yfirleitt öllum sínum málum sjálf, þótt vitaskuld þurfi hún oft aðstoð við að komast leiðar sinnar, þar sem ekki er alls staðar gert ráð fyrir umferð hjólastóla.

Guðný hefur náð mjög góðum árangri í borðtennis, eins og verðlaunapeningarnir heima hjá

helgarpósturinn

henni bera vott um. Meðal annars komst hún áleiðis á Ólympíumót fatlaðra í Hollandi á síðasta ári og á Stoke-Mandevilleheimsleikunum vann hún til tveggja verðlauna.

„Eg fór fyrst til útlanda á mót árið 1977 og síðan hef ég farið að minnsta kosti einu sinni á ári," sagði Guðný. „Yfirleitt hittir maður sama fólkið aftur og aftur á þessum mótum, svo allir eru orðnir eins og gamlir kunningjar nú orðið, þótt ekki gangi öllum of vel að skilja hver annan. Utanferðirnar eru einn af kostunum við borðtennisinn og án hans hefði ég örugglega ekki geta ferðast svona mikið, en það kostar mikla vinnu og æfingar, sérstaklega seinni hluta vetrar."

Æfingar Íþróttafélags fatlaðra fara fram í Hagaskóla og Fossvogsskóla, en Guðný kvað æfingarnar hafa verið heldur illa sóttar það sem af er vetrar.

„Við höfum haft einstaklega góða þjálfara en það er sífellt verið að breyta æfingastöðum og það dregur sjálfsagt úr fólki. Eins dettur áhuginn niður þegar lítið er um mót, því það er hægt að fá leiða á að spila alltaf við sama fólkið.

Möguleikar borðtennisfólksins í Íþróttafélagi fatlaðra aukast þó stöðugt, því á síðata ári tók hópurinn þátt í flokkakeppni þar sem spilað var við ófatlaða. Reynslan af því sýndi að fatlaðir geta óhikað keppt við aðra í þessari íþróttagrein.

„Við höfum meiri keppnisreynslu en ófatlaðir," sagði Guðný, „og það ætti að koma okkur til góða, þótt maður sé alltaf jafn taugaóstyrkur fyrir keppni. En alla vega, ef við höldum áfram æfingum af krafti, erum við ekkert lakari."

# Borðtennislandsliðið er tilbúið í slaginn

Landslið Íslands í borðtennis heldur nú næstu daga áleiðis til Júgóslavíu, hvar það mun taka þátt í Heimsmeistaramótinu. Strákarnir leika gegn Kanada, Pakistan, Jórdaníu, Kýpur, Brasilíu, Möltu og Uruguay. Stelpurnar leika gegn Macao, Nígeríu, Kólombíu, Skotlandi og Sómalíu.

Landsliðskrakkarnir hafa æft af kappi upp á síðkastið og á æfingu í þessari viku smellti —gel mynd af þeim: Strákar f.v.: Hilmar Konráðsson, Einar Einarsson og Hjálmtýr Hafsteinsson. Stelpur f.v.: Ragnhildur Sigurðardóttir, Guðbjörg Stefánsdóttir og Ásta Urbancic.





Karlalið KR, talið frá vinstri: Jóhannes Hauksson, Hjálmtýr Hafsteinsson, Guðmundur Maríusson, Tómas Sölvason og Tómas Guðjónsson.

# KR-ingar hafa sigrað 6 ár í röð

LIÐAKEPPNI borðtennissambands Íslands er nýlokið. Sigurvegarar urðu KR-ingar. Hafa þeir þá unnið þennan eftirsótta bikar sex ár í röð og töpuðu þeir aðeins einu stigi. Kjarninn í sigurliði KR 1981 eru: Tómas Guðjónsson, Hjálmtýr Hafsteinsson og Tómas Sölvason. Einnig kepptu Guðmundur Maríusson, Jóhannes Hauksson og Björgvin Björgvinsson.

KR sigraði einnig í unglingaflokki, svo ekki ættu KR-ingar að kvíða framtíðinni.

Unglingalið KR skipuðu: Kristinn Már Emilsson, Birgir Sigurðsson, Ásgeir Guðmundsson og Karl Karlsson.



● SVERRIR HJALTASON... lét sitt ekki eftir liggja í „metakapphlaupinu". (Vísismynd Friðþjófur)

# Metunum „rigndi" í Laugardalshöll

## – þegar kraftajötnarnir kepptu þar á Íslandsmótinu í kraftlyftingum um helgina



● JÓN PÁLL SIGMARSSON... „Hver er sterkastur á Íslandi?" (Vísismynd Friðþjófur)

„Þetta er langbesta mótið sem við höfum haldið og það voru sett, hvorki fleiri eða færri en 27 Íslandsmet", sagði Björn Lárus- son stjórnarmaður hjá Lyftinga- sambandi Íslands eftir að Íslandsmótinu í kraftlyftingum lauk í Laugardalshöll í gærkvöldi. Eins og Björn sagði var mótið sérlega glæsilegt og um geysileg- ar framfarir er að ræða hjá kraft- lyftingamönnum okkar og virðast lítil takmörk fyrir því hvað hægt er að bæta sig í þessari íþrótt.

Metaregnið hófst strax í flokki léttustu manna er borðtennis- meistarinn Tómas Guðjónsson gerði sér lítið fyrir og setti 8 Íslandsmet en samanlagður ár- angur hans var 330 kg.

Eitt Norðurlandamet var sett, Skúli Óskarsson ÚÍA gerði það er hann lyfti 315 kg. í hnébeygju. Hann lét ekki þar við sitja heldur setti Íslandsmet í réttstöðulyftu, lyfti í þeirri grein 310 kg.

Geysilegt einvígi var í hnebeygjukeppninni í 100 kg. flokki. Fyrst kom Hörður Magnusson og setti met er hann lyfti 305 kg. og síðan bætti hann það met rétt á eftir með því að lyfta 310 kg. Þá kom Halldór E. Sigurbjörnsson og hirti metið með því að lyfta 312.5 kg. og setti síðan punktinn yfir i-ið er hann lyfti 320 kg. Halldór varð síðan Íslandsmeistari með samanlögðu 787.5 kg.

Í 90 kg. flokki var Sverrir Hjaltason sá sterki. Hann setti Íslandsmet í hnébeygju er hann lyfti 310 kg. síðan annað met í bekkpressu er hann lyfti 190.5 kg og samanlagt var hann með 820 kg. sem er Íslandsmet og um 20 kg. yfir eldra metinu sem hann átti sjálfur.

gk—.







## Norðurlandamót í borðtennis í Reykjavík

Norðurlandamótið í borðtennis verður haldið í Reykjavík í fyrsta sinn í október 1983. Undirbúningur er þegar hafinn og stefnt er að því að mótið verði veglegt og glæsilegt.

ÍSLANDSMÓT Í KRAFTLYFTINGUM 1981



■ Skúli Óskarsson er í góðu formi um þessar mundir og setti kappinn Norðurlandamet á Íslandsmótinu sem haldið var um helgina.

# Algjört metaregn í kraftlyftingum

## Skúli setti Norðurlandamet og alls voru sett 27 Íslandsmet

■ Það má með sanni segja, að varla hafi lyfta verið tekin á Íslandsmótinu í kraftlyftingum, sem haldið var í Laugardalshöllinni um helgina, nema sett væri Íslandsmet.

Alls voru sett 27 Íslandsmet og eitt Norðurlandamet. Heiðurinn af því átti Skúli Óskarson er hann bætti eigið Norðurlandamet um 5 kg.

Skúli átti Norðurlandametið í hnébeygju sem var 310 kg., og virtist hann ekki eiga í miklum erfiðleikum með að lyfta 315 kg.

En það var borðtenniskappinn Tómas Guðjónsson KR, sem kom mest á óvart á mótinu, en hann keppti í fluguflokki, 52 kg. flokknum.

Tómas setti þar Íslandsmet í flestum tilraunum sem hann reyndi. Í hnébeygju lyfti hann 100 kg, 70 kg í bekkpressu og í réttstöðulyftu lyfti hann 160 kg. Samanlagt lyfti Tómas því 330 kg sem einnig er Íslandsmet.

Úrslitin á kraftlyftingamótinu urðu annars þau, að í 56 kg flokki sigraði Gísli Valur Einarsson KR, lyfti samtals 337,5 kg.

Birgir Þorsteinsson sigraði í 60 kg flokknum, lyfti samanlagt 320 kg og í 67,5 kg flokknum sigraði Kári Elísson. Hann lyfti samtals 572,5 kg en Kári keppir fyrir IBA.

Daníel B. Olsen KR sigraði í 75 kg flokknum, lyfti samanlagt 602,5 kg og Sigurður Gestsson IBA varð annar, lyfti 527,5 kg.

Flestir keppendur voru í 82,5 kg flokknum og þar hafði Skúli Óskarsson mikla yfirburði yfir aðra keppendur, byrjunarþyngd hans var yfirleitt 100 kg meiri en annarra.

Skúli sigraði í þessum flokki, í hnébeygju lyfti hann 315 kg sem eins og áður sagði er Íslandsmet, — í bekkpressu lyfti hann 140 kg og í réttstöðulyftu lyfti Skúli 310 kg og notaði hann aðeins eina tilraun, var að spara sig fyrir Evrópumótið.

Samanlagt lyfti Skúli því 765 kg, en annar varð Kristján Falsson IBA, með 550 kg., og Þorsteinn Leifsson KR lyfti sömu þyngd, en þar sem Kristján reyndist léttari er þeir voru vigtaðir fyrir keppni hlaut hann silfurverðlaunin.

Sverrir Hjaltason varð hlutskarpastur í 90 kg flokknum. Hann lyfti 310 kg í hnébeygju sem er Íslandsmet og Sverrir setti einnig Íslandsmet er hann lyfti 190,5 kg í bekkpressu, Sverrir lyfti síðan 325 kg í réttstöðulyftu og samtals því 820 kg.

Ólafur Sigurgeirsson KR varð annar, lyfti samanlagt 675 kg, og þriðji varð Guðgeir Jónsson KR, lyfti 645 kg.

Halldór E. Sigurbjörnsson KR varð sigurvegari í 100 kg flokknum. Halldór lyfti samanlagt 787,5 kg., annar varð Hörður Magnússon KR, lyfti 772,5 kg og Jóhannes Hjálmarsson IBA, varð þriðji, lyfti 645 kg.

Guðmundur Eyjólfsson KR sigraði í 110 kg flokknum, lyfti samanlagt 710 kg.

Jón Páll Sigmarsson var í algjörum sérflokki í 125 kg. flokknum. Jón Páll setti Íslandsmet í hnébeygju er hann lyfti 342,5 kg og einnig setti hann Íslandsmet í bekkpressu, lyfti 222,5 kg, en gamla metið átti Óskar Jakobsson.

Jón Páll lyfti 347,5 kg í réttstöðulyftu og því samanlagt 912,5 kg, en Evrópumetið í þessum flokki á Finni, og er það 925 kg.

Víkingur „heimskautabangsi" Traustason sigraði auðveldlega í 125 kg flokki og þar yfir og setti hann tvö Íslandsmet. Víkingur lyfti 330 kg í hnébeygju sem er Íslandsmet og einnig setti hann Íslandsmet í bekkpressu er hann lyfti 222,5 kg. Víkingur lyfti 257,5 kg í réttstöðulyftu og því samanlagt 810 kg.

Annar varð Guðni Halldórsson KR, lyfti samanlagt 680 kg og þriðji Óskar Jakobsson ÍR lyfti 622,5 kg.

Á Íslandsmótinu í kraftlyftingum var einnig keppt um besta afrek mótsins og hlaut Jón Páll Sigmarsson KR, það hnoss fyrir samanlagðan árangur sinn.

Mót þetta var einnig stigamót og sigruðu KR-ingar þar með miklum yfirburðum, hlutu 56 stig, IBA fékk 16 stig, UIA fékk 5 stig, Ármann 3 stig og ÍR 1 stig.

röp—.

REYKJAVÍKURMÓT 1981



● TÓMAS GUÐJÓNSSON..... borðtenniskappinn sterki.

# Þrefalt hjá Ástu og Tómasi

Það er skammt stórra högga á milli hjá Tómasi Guðjónssyni í KR. Um helgina varð hann Íslandsmeistari í kraftlyftingum í Laugardalshöll og setti þá alls 8 Íslandsmet og á mánudagskvöldið var hann þar mættur til að leika borðtennis á Reykjavíkurmótinu.

Tómas hélt síðan heimleiðis sem Reykjavíkurmeistari í þeirri grein, en hann er margfaldur Íslandsmeistari eins og þeir vita sem fylgjast með borðtennis.

Meistarar í öðrum flokkum urðu Ásta Urbancic, Erninum, í kvennaflokki, og Ásta og Tómas sigruðu í tvenndarleik. Tómas lét ekki þar við sitja, heldur bætti hann þriðja titlinum við, er hann sigraði ásamt Hjálmtý Hafsteinssyni, félaga sínum úr KR, í tvíliðaleik karla. Í tvíliðaleik kvenna sigruðu þær Ásta og Guðbjörg Stefánsdóttir Fram, og vann Ásta því þrefalt eins og Tómas.

-gk.

Íþróttablaðið
1 tbl. 1982

borðtennis — borðtennis — borðtennis — borðtennis — borðtennis



# „Ég vann enga stóra sigra"

**„Góð eða ekki góð, ég vinn þau að minnsta kosti oftast," sagði borðtennismaður ársins, Ragnhildur Sigurðardóttir, þegar við Íþróttablaðsmenn spurðum hana hvort systkin hennar væru eins góð og hún sjálf í borðtennis. Það er nefnilega þannig með þessa 18 ára gömlu stúlku, sem á heima í Heiðaskóla í Suður-Borgarfirði, að hún æfir eiginlega ekkert borðtennis, nema þannig að hún leikur við tvíburasystur sína og eldri bróður. Hún hefur aldrei haft neinn þjálfara, nema hvað pabbi hennar, Sigurður Guðmundsson skólastjóri í Heiðaskóla og landsþekktur áhugamaður um allar íþróttir, kom þeim systkinum af stað, þegar þau voru lítil.**

— Kom pabbi þinn áhuganum inn hjá þér?

„Já, ég fékk áhugann frá pabba. Svo er aðstaðan í skólanum til borðtennisiðkunar mjög góð. Það er ekki hægt að kvarta undan henni."

— Áttirðu von á að verða valin borðtennismaður ársins?

„Ég pældi ekkert í því og reiknaði ekki með því."

— Hvernig varð þér við, þegar þér var tilkynnt um val þitt?

„Ég hrökk hálfpartinn við, ég frétti þetta ekki fyrr en daginn sem verðlaunin voru afhent."

— Hvað er þér minnisstæðast frá síðasta ári?

„Ég veit það eiginlega ekki, ekkert sérstakt. Jú það er ferðin til Júgóslavíu. Það var skemmtileg ferð og gaman að sjá alla þessa færu kappa."

— Hvernig gekk þér í keppni þar?

„Mér gekk ágætlega. Ég vann samt enga stóra sigra þar."

— Hvernig æfirðu núna?

„Ég reyni að æfa tvisvar til þrisvar í viku, en get það ekki alltaf."

— Æfa keppinautar þínir ekki reglulega með þjálfara?

„Jú, þeir gera það."

— Þú mátt þá vera töluvert stolt af því að verða fyrir valinu.

„Já, ég er það líka."

— Verður þetta til þess að þú reynir að verða þér úti um meiri þjálfun?

„Ætli það verði ekki svipað og verið hefur."

— Hvernig eru áætlanir þínar fyrir þetta ár?

„Þær eru engar. Borðtennisliðið er að fara til Whales, en ég gef ekki kost á mér að fara með þangað."

— Hvernig standa Íslendingar gagnvart öðrum Evrópuþjóðum í borðtennis?

„Kannski heldur neðan við miðju, en þó ekki neðst."

Ragnhildur Sigurðardóttir, borðtennismaður ársins, stundar nám í íþróttadeild Fjölbrautarskólans á Akranesi. Hún ætlar sér að verða íþróttakennari. En þegar við spyrjum hana hvort hún ætli að sérhæfa sig í að þjálfa borðtennisleikara, segir hún:

„Ég hef ekki hugsað út í það, geri það þegar þar að kemur."





# Fatlaðir á Evrópumeistaramót í Sviss

ÍÞRÓTTAFÉLAG fatlaðra hefur
sent tvo keppendur á Evrópumeist-
aramótið í borðtennis, sem fram
fer í Basel í Sviss um helgina. Er
þetta í annað skiptið sem Evrópu-
meistaramót þetta er haldið, en
fyrsta skiptið sem Ísland á þar
keppendur. Fulltrúar Íslands verða

Elsa Stefánsdóttir og Viðar Guðna-
son, en þjálfari þeirra og farar-
stjóri verður Tómas Guðjónsson,
sem er fremsti borðtennisleikari
landsins. Meðfylgjandi mynd tók
Emilía af íslenska liðinu rétt fyrir
bröttförina til Sviss.



● Þessir félagar í Íþróttafélagi fatlaðra fóru í morgun áleiðis til Sönderborg
í Danmörku, þar sem haldið verður um helgina afmælismót Íþróttasambands
fatlaðra í Danmörku. Keppt verður í borðtennis. Íslenska liðið er skipað:
Kristínu Halldórsdóttur, Hafdísi Gunnarsdóttur, Hafdísi Ásgeirsdóttur, Guð-
björgu Eiríksdóttur, Böðvari Böðvarssyni og Einari Malmberg. Fararstjóri og
hjálfari er Tómas Guðjónsson.



Skúli Óskarsson setti Norðurlandamet í hnébeygju en það dugði honum ekki til að vinna bezta afrek mótsins.

# Eitt Norðurlandamet og 27 Íslandsmet voru sett

**Eitt Norðurlandamet og hvorki fleiri né færri en 27 Íslandsmet voru sett á Íslandsmeistaramótinu í kraftlyftingum, sem lauk í Laugardalshöll í gær. Voru þeir sterkustu þó að hlífa sér fyrir Evrópumótið í Parma á Ítalíu, sem fram fer um næstu helgi.**

Geysileg keppni var um ,,bezta afrekið'' og mátti vart á milli sjá. Skúli Óskarsson stóð með pálmann í höndunum þar til Sverrir Hjaltason bætti afrek hans. Jón Páll Sigmarsson þurfti að lyfta samtals 912,5 kg til að hljóta fleiri stig en Sverrir og það gerði hann — hreint ótrúlegur keppnismaður, Jón Páll. Það er því ekki hægt að segja annað en mótið hafi tekizt vonum framar og framfarirnar í þessari íþrótt geysilegar.

Úrslitin á kraftlyftingameistaramótinu fara annars hér á eftir í heild sinni. Fyrsta talan er hnébeygja, þá kemur bekkpressa og loks réttstöðulyfta. Lokatalan sýnir samanlagðan árangur.

## 52 kg flokkur

Tómas Guðjónsson, KR
110+70+160=330

Tómas, sem til þessa hefur aðallega vakið á sér athygli fyrir hæfni í borðtennis,,,var drifinn beint af götunni'' eins og Sverrir Hjaltason orðaði það og setti hvorki fleiri né færri en 8 Íslandsmet. Hann lyfti 110 kg í hnébeygjunni í aukatilraun og bætti þar met Þórhalls Hjartarsonar frá Akureyri um 5 kg. Í bekkbressunni bætti hann met Gísla Vals Einarssonar, KR, um 2,5 kg og í réttstöðulyftunni bætti hann met Gísla Vals um heil 30 kg. Þríbætti það og um leið þríbætti hann Íslandsmetið í samanlögðu. Glæsilegur árangur Tómasar.

## 56 kg flokkur

Gísli Valur Einarsson, KR
110+75+152,5=337,5
Þorkell Þórisson, Á
125+75+137,5=337,5

Þrátt fyrir 15 kg forskot Þorkels í hnébeygjunni gaf Gísli sig hvergi og tókst að jafna metin við hann í réttstöðulyftunni. Þeir lyftu báðir sömu þyngd en þar sem Gísli er 800 grömmum léttari telst hann sigurvegari. Í öllum tilvikum voru þeir nokkuð frá Íslandsmetum.

## 60 kg flokkur

Birgir Þorsteinsson, KR
110+70+140=320

Birgir var eini keppandinn og langt frá metum í öllum greinunum.

## 67,5 kg flokkur

Kári Elísson, ÍBA
215+130+227,5=572,5

Kári var einnig eini keppandinn í þessum flokki. Hann var nokkuð frá metum sínum að þessu sinni en þurfti ekkert að hafa fyrir sigrinum þar sem enginn veitti honum keppni.

## 75 kg flokkur

Daniel Olsen, KR
240+117,5+245=602,5
Sigurður Gestsson, ÍBA
180+117,5+230=527,5
Flosi Jónsson, ÍBA
180+105+200=485
Hallgrímur Marinósson, Á
150+90+180=420

Daniel Olsen var í algerum sérflokki þarna en átti ekki neinn möguleika á að bæta metin í þessum flokki, sem eru öll í eigu Skúla Óskarssonar.

## 82,5 kg flokkur

Skúli Óskarsson, UÍA
315+140+310=765
Kristján Falsson, ÍBA
195+125+230=560
Þorsteinn Leifsson, KR
210+120+230=560
Sigurður Pálsson, ÍBA
177,5+105+210=492,5
Jóhannes Jóhannesson, ÍBA
160+92,5+190=442,5

Skúli fór létt með þyngdirnar í þessum flokki og lyfti meiri þyngd í bekkpressunni en hann hefur gert sl. 5—6 ár. Þó hann sparaði sig fyrir Evrópumótið í Parma á Ítalíu um næstu helgi setti hann nokkur Íslandsmet. Hann bætti eigið met í hnébeygjunni um 5 kg, met Sverris Hjaltasonar í réttstöðulyftunni um 2,5 kg og Íslandsmetið í samanlögðu bætti hann um heil 20 kílógrömm. Baldur Borgþórsson hefði nælt sér í 2. sætið ef hann hefði farið upp með 200 kílóin í réttstöðunni. Það tókst honum hins vegar ekki og missti því algerlega af lestinni. Það gleymdist að geta þess hér að framan að afrek Skúla í hnébeygjunni er jafnframt Norðurlandamet.

## 90 kg flokkur

Sverrir Hjaltason, KR
310+185+325=820
Ólafur Sigurgeirsson, KR
242,5+182,5+250=675
Guðgeir Jónsson, KR
235+160+250=645
Magnús Óskarsson, Á
220+150+250=620
Sigmar Knútsson, ÍBA
225+127,5+247,5=600

Sverrir setti met í hnébeygjunni, réttstöðulyftunni og í samanlögðu og Ólafur setti met í aukatilraun í bekkpressunni, 190,5 kg — bætti metið um hálft kg.

## 100 kg flokkur

Halldór Sigurbjörnsson, KR
320+177,5+290=787,5
Hörður Magnússon, KR
310+170+292,5=772,5
Stefán Svavarsson, KR
240+142,5+262,5=645
Jóhannes Hjálmarsson, ÍBA
190+110+235=535

Þeir Halldór og Hörður settu met á víxl í hnébeygjunni — alls fjögur talsins.

## 110 kg flokkur

Guðmundur Eyjólfsson, KR
275+155+280=710

Birgir Þór Borgþórsson, KR, átti við lítilsháttar meiðsl að stríða og keppti því bara upp á stigin og fékk silfrið þar sem Viðar Sigurðsson náði ekki tilskilinni þyngd er vigtað var.

## 125 kg flokkur

Jón Páll Sigmarsson, KR
342,5+222,5+347,5=912,5

Jón Páll Sigmarsson setti met á öllum vígstöðvum þrátt fyrir að hann væri að hlífa sér fyrir Evrópumótið um næstu helgi. Hann bætti samanlagt met sitt um heil 20 kíló og virðast hreint engin takmörk fyrir því sem maðurinn getur lyft.

## +125 kg flokkur

Víkingur Traustason, ÍBA
330+180+300=810
Guðni Halldórsson, KR
240+190+250=680
Óskar Jakobsson, KR
200+222,5+200=622,5

Víkingur setti nýtt met í hnébeygjunni og Óskar setti met í bekkpressunni og bætti met Jóns Páls um 12,5 kg þar.

-SSv.



1982

## Evrópukeppni landsliða í borðtennis:

# Liðið utan í morgun

## — Keppnin hefst um næstu helgi á Jersey




■ Íslenska landsliðið í borðtennis sem tekur þátt í Evrópukeppni landsliða á Jersey um næstu helgi f.v. Stefán Konráðsson, Gunnar Finnbjörnsson, Ásta Urbancic, Tómas Guðjónsson og Hjálmar Aðalsteinsson þjálfari.
Tímamynd Ella.

■ Landsliðið í borðtennis hélt utan til Jersey í morgun þar sem það tekur þátt í Evrópukeppni landsliða í borðtennis.

Þetta er í fjórða skipti sem íslenska landsliðið tekur þátt í þessu móti. Aðeins fjórar þjóðir auk Íslands taka þátt í þessu móti en það eru Guernsey, Portúgal, Tyrkland og Jersey.

Íslenska landsliðið sem hélt utan í morgun er þannig skipað:
Tómas Guðjónsson, KR
Gunnar Þ. Finnbjörnsson, Erninum
Stefán Konráðsson, Víking
Ásta Urbancic, Erninum.

Þjálfari og farastjóri er Hjálmar Aðalsteinsson.

Tómas Sölvason var valinn í landsliðið en hann meiddist fyrir nokkrum dögum og gat því ekki keppt. Í stað hans hefur Stefán Konráðsson verið valinn.

Árangur landsliðsins á undanförnum Evrópukeppnum hefur verið frekar slakur en einna skástur var hann þó 1979 en þá sigraði Ísland m.a. Möltu 6—1.

Í fyrra og hitteðfyrra töpuðust aftur á móti allir leikirnir, en landsliðsfólkið er staðráðið í að gera betur nú á þessu móti.

Ísland keppti gegn Portúgölum á heimsmeistaramótinu sem háð var í haust í Portúgal og tapaði Ísland þeim leik 2—5 og landsliðið er staðráðið í því að hefna fyrir þann leik og sigra Portúgala nú.

Eins og áður sagði verður mótið haldið á Jersey og hefst það á laugardaginn og því lýkur á sunnudagskvöldið.

röp-

# Gunnari ekki fisjað saman!

**Á NÝAFSTÖÐNU þingi Borðtennissambands Evrópu (ETTU) sem haldið var í Búdapest í Ungverjalandi kom berlega í ljós að hvert atkvæði er mikilvægt, hvort heldur sú þjóð sem með það fer er stór eða smá. Ekki hafði verið gert ráð fyrir að fulltrúi færi héðan til að taka þátt í þingstörfunum, en þegar ljóst var að kosningar yrðu jafnar og spennandi var ákveðið að nýta atkvæði Íslands.**

Formaður BTÍ, Gunnar Jóhannsson, fór því nær fyrirvaralaust á þingið og þetta eina atkvæði reyndist ansi mikilvægt. Fulltrúi Englands, sem Norðurlöndin studdu, hlaut kosningu í Evrópustjórn á einu atkvæði, fulltrúar V-Þýskalands og Finnlands náðu báðir kjöri með samstöðu Norðurlandanna, og fulltrúi Finnlands, Esa Ellonen formaður Borðtennissambands Norðurlands, og fulltrúi V-Þýskalands hlutu báðir kosningu í ráð alþjóðasambandsins, ITTF-Counsil, á einu atkvæði. Ísland studdi báða þessa menn. Auk þess náði fulltrúi Svía, Sven-Olaf Hammerlund, kjöri sem varaforseti ETTU og Gunnar var kosinn í Unglinganefnd Evrópusambandsins og er hann fyrsti fulltrúi Íslands sem gegnir trúnaðarstöðu hjá ETTU.

Forseti ETTU er Ungverjinn Georgy Lakatos.

# Tannlæknarnir góðir

**FYRIRTÆKJA- og stofnanakeppni BTÍ var haldin í Fossvogsskóla um síðustu helgi. Sigurvegari varð Tannlæknastofa Einars Magnússonar, Keflavík, en fyrir hana kepptu Bjarni Kristjánsson og Ómar Ingvarsson, en þeir unnu HP-húsgögn í úrslitum 3—2. Fyrir HP-húsgögn kepptu Hilmar Konráðsson og Trausti Kristjánsson. Kjötborg varð í þriðja sæti, keppendur þeir Kristján Jónasson og Bjarni Bjarnason. Búnaðarbankinn hafnaði í fjórða sæti.**



PORTIÐ heitir nýlegur skemmtistaður fyrir unglinga og er hann til húsa að Laugavegi 28, 2. hæð. Þar geta unglingar leikið borðtennis og í setustofu er unnt að hlusta á tónlist. Þá eru ennfremur myndlistasýningar fyrirhugaðar í húsakynnunum. Myndin er tekin í Portinu.

# Útlendingarnir léku til úrslita á afmælismótinu

**Útlendu gestirnir á afmælismóti borðtennissambandsins á laugardaginn léku til úrslita í einliðaleik karla eins og flestir áttu von á. Voru það þeir Dave Welsman frá Wales og David McElroy frá Skotlandi. Walesman varð sigurvegari í þeim leik, sem varð fimm lotu leikur og var hann hin ágætasta skemmtun.**

Í karlaflokknum voru 16 keppendur og komu úrslit í fyrstu umferðinni engum á óvart. Í annarri umferð sló Walesman Tómas Sölvason út 3:0 en McIlroy lenti í þó nokkru basli með Gunnar Finnbjörnsson. Vann Skotinn loks — 3:0 og lauk einni lotunni t.d. með sigri hans 25:23.

Í undanúrslitunum sigraði McIlroy Hilmar Konráðsson 3:0 — (21:16, 21:18, 21:13) og Walesman sigraði Stefán Konráðsson einnig 3:0 (21:13, 21:14 og 21:16). Í úrslitaleiknum komst McIlroy í 2:0—21:16 og 21:17, en þá fór Walesmaðurinn í gang og sigraði í næstu þrem lotum — og þar með í leiknum 3:2.

Í kvennaflokki var einnig góð keppni en þar voru 7 dömur — allt íslenskar. Þær Ragnhildur Sigurðardóttir og Ásta Urbancic komust næsta auðveldlega í úrslit, þar sigraði Ragnhildur 3:0 eða 21:17, 21:6 og 21:15.

Mótið var haldið í íþróttahúsi Kennaraháskólans sem er mjög hentugt fyrir mót af þessari stærð. Var mótið mjög vel skipulagt og almenn ánægja með það bæði meðal innlendu og erlendu keppendanna. -klp-

DV. ÞRIÐJUDAGUR 5. APRÍL 1983.

Blað-
auki
um
íþróttir

DV

Tómas varð
fjórfaldur
Íslandsmeistari
— sjá blaðauka
um íþróttir



Tómas Guðjónsson hefur verið nær ósigrandi undanfarin sex ár.

# Tómas Guðjónsson varð fjórfaldur Íslandsmeistari

## — á meistaramótinu í borðtennis

**Tómas Guðjónsson — borðtenniskappi úr KR, er fjórfaldur Íslandsmeistari í borðtennis. Tómas, sem varð meistari með KR-sveitinni, varð einnig meistari í einliðaleik og tvíliðaleik og þá varð hann sigurvegari í tvenndarkeppni. Tómas lék þar með Ástu Urbancic úr Erninum og urðu þau meistarar þriðja árið í röð. Þau unnu sigur yfir Ragnhildi Sigurðardóttur frá Borgarnesi og Hilmari Konráðssyni úr Víkingi í æsispennandi úrslitaleik, sem tók fimm lotur. Úrslit urðu 21—13, 21—11, 16—21, 18—21 og 21—15.**

• Tómas lagði félaga sinn úr KR, Tómas Sölvason, að velli í úrslitaleik í einliðaleik 21—13, 16—21, 21—16 og 21—4. Þetta er í fimmta sinn sem Tómas Guðjónsson verður meistari í einliðaleik.

• Tómas og Hjálmtýr Hafsteinsson léku saman í tvíliðaleik og unnu þeir Tómas Sölvason og Bjarna Kristjánsson í úrslitaleik — 21—11, 23—21 og 21—19. Þetta er í fimmta sinn sem þeir verða meistarar saman.

• Ragnhildur Sigurðardóttir og Kristín Njálsdóttir úr Borgarfirði urðu meistarar í tvíliðaleik kvenna. Þær lögðu Ástu Urbancic og Elísabetu Ólafsdóttur úr Erninum að velli 19—21, 21—14, 21—10 og 21—15 í úrslitaleik.

• Ragnhildur vann einnig einliðaleik kvenna, þar sem hún mætti Ástu Urbancic í úrslitaleik, sem var mjög skemmtilegur. Úrslit urðu 21—16, 21—16, 14—21, 17—21 og 21—16. Þess má geta að Kristín Njálsdóttir var nær búin að leggja Ragnhildi að velli í undanúrslitum. Kristín vann fyrstu tvær loturnar en Ragnhildur jafnaði 2—2. Kristín var síðan yfir 18—13 í úrslitalotunni, en þá var Ragnhildur sterkari á lokasprettinum og náði að tryggja sér sigur, 21—19.

-SOS.



■ Tómas Guðjónsson fjórfaldur Íslandsmeistari í borðtennis.

# TÓMAS MEISTARI Á FJÓRUM VÍGSTÖÐVUM

**■ Tómas Guðjónsson KR varð fjórfaldur Íslandsmeistari í borðtennis í ár, einn titilinn öðlaðist hann nokkru fyrir páska með sveit KR sem sigraði í flokkakeppni karla í borðtennis, og Tómas bætti við þremur titlum um páskana, er síðari hluti Íslandsmótsins fór fram. Þar sigraði Tómas í einliðaleik karla, í tvíliðaleik ásamt Hjálmtý Hafsteinssyni, og í tvenndarleik ásamt Ástu Urbancic. Tómas er eini íslenski karlmaðurinn sem hefur unnið þetta afrek, en hann varð líka fjórfaldur Íslandsmeistari árið 1981. Úrslit urðu annars þessi og gangur mála:**

**Tvíliðaleikur karla:**
1. Tómas Guðjónsson og Hjálmtýr Hafsteinsson KR
2. Bjarni Kristjánsson og Tómas Sölvason Örninn/KR
3. Gunnar Finnbjörnsson og Vignir Kristmundsson Örninn

Hjálmtýr og Tómas sigruðu í úrslitaleiknum 21-11, 23-21 og 21-19. Þeir sigruðu í þessari grein árin 1978-1981, en urðu í öðru sæti í fyrra, töpuðu þá fyrir Stefáni og Hilmari Konráðssyni (þeir eru ekki bræður) úr Víkingi. Stefán tók ekki þátt í mótinu í þetta sinn, en Hilmar varð í fjórða sæti ásamt Kristjáni Jónassyni úr Víkingi.

**Tvíliðaleikur kvenna:**
1. Ragnhildur Sigurðardóttir / Kristín Njálsdóttir UMSB
2. Ásta M. Urbancic / Elísabet Ólafsdóttir Erninum
3. Erna Sigurðardóttir / Rannveig Harðardóttir UMSB

Borgfirsku stúlkurnar sigruðu í úrslitaleiknum 19-21, 21-14, 21-10 og 21-15. Þær sigruðu í tvíleiðaleiknum árin 1978-1981, en urðu í öðru sæti í fyrra, þær töpuðu þá fyrir Ástu og Hafdísi Ásgeirsdóttur úr KR, en hún gat ekki tekið þátt í mótinu í þetta sinn.

**Tvenndarkeppni:**
1. Ásta M. Urbancic / Tómas Guðjónsson Erninum/KR
2. Ragnhildur Sigurðardóttir / Hilmar Konráðsson UMSB/Vík.
3. Kristín Njálsdóttir / Bjarni Kristjánsson UMSB/Erninum

Úrslitaleikurinn var jafn og spennandi, honum lauk 21-13, 21-11, 16-21, 18-21 og 21-15. Þessi tvö pör voru áberandi sterkust í tvenndarleiknum. Þetta er í þriðja skiptið í röð og fjórða sinn í allt sem Ásta og Tómas sigra í tvenndarkeppninni.

**Meistaraflokkur karla:**
1. Tómas Guðjónsson KR
2. Tómas Sölvason KR
3. Hjálmtýr Hafsteinsson KR

Tómas Guðjónsson sigraði í úrslitaleiknum 21-13, 16-21, 21-16 og 21-4 og endurheimti titil sinn, en hann sigraði í þessari grein 1978-1981. Stefán Konráðsson, sigurvegarinn frá því í fyrra, tók ekki þátt í mótinu, eins og áður hefur verið sagt. Gunnar Finnbjörnsson tryggði sér sæti í undanúrslitum á fimmtudag, en gat ekki tekið þátt í úrslitakeppninni á laugardag vegna veikinda.

**Meistaraflokkur kvenna:**
1. Ragnhildur Sigurðardóttir UMSB
2. Ásta M. Urbancic Erninum
3. Kristín Njálsdóttir UMSB

Ragnhildur sigraði Ástu í spennandi úrslitaleik 21-16, 21-16, 14-21, 17-21 og 21-16. Hún sigraði einnig í einliðaleiknum árin 1978-1981. Kristín Njálsdóttir komst nálægt því að vinna Ragnhildi, hún vann tvær fyrstu loturnar í leik þeirra, Ragnhildur vann síðan tvær næstu. Kristín leiddi í oddalotunni 18-13, en gaf eftir á endasprettinum og Ragnhildi tókst að sigra 21-19.

**1. flokkur karla:**
1. Emil Pálsson KR
2. Jónas Kristjánsson Erninum
3. Alexander Árnason Erninum

Emil, Íslandsmeistari öldunga, sigraði einnig í 1. flokki karla, og skaut yngri mönnunum ref fyrir rass. Hann sigraði Jónas í úrslitunum 16-21, 26-24 og 21-16. Alexander vann Sigurbjörn Bragason úr KR í leik um 3. sætið 21-16, 11-21, 21-16.

**1. flokkur kvenna:**
1. Sigrún Bjarnadóttir UMSB
2. Elín Eva Grímsdóttir Erninum
3. María Jóhanna Hrafnsdóttir Víkingi

Sigrún var öruggur sigurvegari í þessum flokki, hún sigraði í úrslitaleiknum 21-17 og 21-14.

**2. flokkur karla:**
1. Lárus Halldórsson Aftureldingu
2. Snorri Briem KR
3. Lárus Jónasson Erninum

Úrslitaleikurinn fór 21-15 og 21-18. Lárus Jónasson vann Valdimar Hannesson, KR, í leik um 3. sætið.

# Þeir spönsku sigruðu alla

■ Spánverjar sigruðu í öllum leikjum sínum í riðlinum í Evrópukeppni drengja í körfuknattleik sem leikinn var á Suðurnesjum og í Reykjavík um páskana. Þeir voru með langsterkasta liðið, og átti ekkert liðanna sem léku með þeim í riðlinum, Íslands, Belgíu og Svíþjóðar möguleika gegn Spánverjum. Enda voru þeir spönsku hamarammir á að líta, rétt um helmingur þeirra yfir 2 metrar á hæð. Úrslit leikjanna urðu þessi:

| | |
|---|---|
| Ísland-Belgía | 49-71 |
| Spánn-Svíþjóð | 74-64 |
| Svíþjóð-Belgía | 76-56 |
| Ísland-Spánn | 65-118 |
| Ísland-Svíþjóð | 68-87 |
| Spánn-Belgía | 84-71 |

Tvö lið komust áfram í úrslitakeppnina sem haldin verður í sumar, Spánn og Svíþjóð. Íslendingar léku fyrsta leik sinn gegn Belgum, og var það þeirra lélegasti leikur. Bestan leik áttu Íslendingar gegn Svíum, en héldu ekki út nema fram í síðari hálfleik.

Fóp/SÖE

Tíminn 6.04 '83



Borðtennisíþróttin er mjög vinsæl hjá unga fólkinu og á Íslandsmótinu voru keppendur rúmlega tvö hundruð talsins. Hér eru yngstu sigurvegarar mótsins með verðlaunagripi sína.



Friðrik Berndssen, Víkingi, var mjög sigursæll á mótinu. Hér er hann með verðlaun sín.

**Borðtennis**



Ljósm. ÞR.

Íslandsmeistararnir í einliðaleik karla og kvenna í borðtennis. Stefán Konráðsson, Víkingi, og Ásta M. Urbancic, Erninum. Bæði voru þau vel að sigrinum komin, búin að vera í fremstu röð borðtennisleikara á Íslandi um nokkurt skeið.



Sigurvegarar í tvíliðaleik karla urðu þeir Stefán Konráðsson og Hilmar Konráðsson, Víkingi, eftir harða baráttu við þá Gunnar Finnbjörnsson og Jónas Kristjánsson, Erninum. Hér eru þeir félagar með hinn glæsilega verðlaunagrip, sem þeir hlutu í verðlaun, á milli sín.

Fyrir skömmu hélt Borðtennissamband Íslands mikið hóf fyrir keppendur á Íslandsmótinu og þar voru afhent verðlaun fyrir mótið. Sú nýbreytni var tekin upp að bjóða foreldrum keppendanna líka, það var því margt um manninn þegar verðlaunin voru afhent. Hér til hliðar má sjá nokkra sigurvegarana með verðlaun sín. →

Þjóðviljinn 29.10 '82



# Borðtennis á bílpalli

Ekið verður um götur borgarinnar í kvöld og á morgun til að minna á landssöfnunina „Þjóðarátak gegn krabbameini". Það er Borðtennissamband Íslands sem stendur fyrir þessum akstri og verður ekið um á vörubíl og numið staðar hingað og þangað um bæinn og spilað borðtennis á bílpallinum.

21.12 '82

# Sigraði nafna sinn

## Tómas Guðjónsson hefur flesta punkta

■ Í síðustu viku fór fram punktamót á vegum Arnarins í borðtennis. Keppt var í meistaraflokki karla og kvenna.

Í karlaflokki sigraði Tómas Guðjónsson KR nafna sinn Sölvason í úrslitaleik. Tómas Guðjónsson sigraði tvær lotur 21-13 og 21-16, en tapaði hins vegar 18-21 í einni lotunni. Í þriðja sæti hafnaði Hilmar Konráðsson Víkingi og fjórði varð Jóhannes Hauksson KR. Í punktakeppninni hefur Tómas Guðjónsson hlotið 30 punkta, Tómas Sölvason 21, Hilmar 7 og Jóhannes Hauksson 7 punkta.

Í meistaraflokki kvenna sigraði Ragnhildur Sigurðardóttir Ástu Urbancic Erninum í úrslitaleiknum. Vann hún 21-17 og 21-18. Í þriðja sæti varð Kristín Njálsdóttir UMSB og fjórða varð Hafdís Ásgeirsdóttir KR.

Ragnhildur hefur hlotið 9 punkta, Ásta 4 og þær Kristína og Hafdís 2 punkta hvor.



Ásta Urbancic

# Tvöfalt hjá Ástu

## — á Reykjavíkurmótinu í borðtennis

Örninn Ásta Urbancic varð tvöfaldur sigurvegari á Reykjavíkurmeistaramótinu í borðtennis, sem fór fram í Laugardalshöllinni á sunnudaginn. Ásta vann sigur í einliðaleik kvenna og þá varð hún sigurvegari í tvíliðaleik, ásamt KR-ingnum Hafdísi Ásgeirsdóttur.

Hjálmtýr Hafsteinsson úr KR vann einnig tvöfaldan sigur — í einliðaleik og síðan í tvíliðaleik, þar sem hann keppti með félaga sínum úr KR, Tómasi Guðjónssyni.

Þórður Þorvaldsson úr Erninum varð sigurvegari í einliðaleik öldunga og þeir Gunnar Hall og Ragnar Ragnarsson úr Erninum í tvíliðaleik öldunga.

Kjartan Briem úr KR varð sigurvegari í einliðaleik unglinga yngri en 13 ára. Friðrik Berndsen úr Víkingi varð meistari í flokki 13—15 ára og Kristinn Már Emilsson úr KR í flokki 15—16 ára unglinga.

Bjarni Bjarnason og Bergur Konráðsson úr Víking urðu meistarar í tvíliðaleik 15—17 ára og þeir Trausti Kristjánsson og Friðrik Berndsen úr Víkingi urðu sigurvegarar í flokki 15 ára og yngri.

-SOS

óttir Íþróttir





Tómas Guðjónsson

# Tómas og Ragnhildur fengu gullspaðana

LOKASTAÐA í stigakeppni BTÍ um STIGA-gullspaðann 1981—1982 er þessi:

**Meistaraflokkur karla**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Tómas Guðjónsson KR | 123 |
| 2. | Hjálmtýr Hafsteinss., KR | 70 |
| 3. | Stefán Konráðsson Vík. | 61 |
| 4. | Tómas Sölvason KR | 50 |
| 5. | Jóhannes Hauksson KR | 47 |
| 6. | Bjarni Kristjánss., UMFK | 44 |
| 7. | Gunnar Finnbj.son ÖRN | 35 |
| 8.—9. | Hilmar Konráðsson Vík. | 27 |
| 8.—9. | Kristján Jónasson Vík. | 2[illegible] |
| 10. | Guðm. Maríusson KR | [illegible] |

**Meistaraflokkur kvenna**

1. Ragnh. Sigurðard., UMSB
2. ÁSta Urbancic Örn
3. Kristín Njálsdóttir UMSB
4. Hafdís Ásgeirsóttir KR
5. Erna Sigurðardóttir UMSB

Punktakerfið er þannig uppbyggt, leikmenn fá punkta á mótum. Leikme[nn] taka þátt í mismörgum mótum.



Ragnhildur Sigurðardóttir bætti enn einum sigrinum í safnið um helgina.

# Ragnhildur og Hilmar sigruðu á Víkingsmótinu

Hilmar Konráðsson, Víkingi, varð sigurvegari í meistaraflokki karla á Víkingsmótinu í borðtennis 1983 sem fram fór um helgina og var opið punktamót. Hilmar lét til úrslita við Tómas Sölvason, KR, og sigraði í hörkuleik, 21 - 10, 20 - 22, 17 - 21, 21 - 18 og 21 - 15. Bjarni Kristjánsson, Erninum, og Tómas Guðjónsson, KR, deildu með sér 3. - 4. sætinu.

Ragnhildur Sigurðardóttir, UMSB, sigraði af miklu öryggi í meistaraflokki kvenna, sem oft áður. Ásta Urbancic, Erninum, varð í öðru sæti og Kristín Njálsdóttir, UMSB, þriðja. Ansi algeng röð þetta í meistaraflokki kvenna.

Friðrik Berndsen, Víkingi, vann félaga sinn, Berg Konráðsson, í úrslitaleik 1. flokks karla, 21 - 8 og 21 - 10. I 3. - 4. sæti urðu Einar Einarsson Víkingi, og Emil Pálsson, Erninum.

Borgfiskur sigur var einnig á dagskrá í neðri kvennaflokknum, Sigrún Bjarnadóttir, UMSB, vann 1. flokk kvenna. Elín Eva Grímsdóttir, Erninum, varð önnur og Fjóla Lárusdóttir, UMSB, þriðja.

Bjarni Bjarnason, Víkingi, sigraði í 2. flokki karla, Sigurbjörn Bragason, KR, varð annar en þriðja sætinu deildu þeir Kjartan Briem og Valdimar Hannesson, báðir KR-ingar.

# Tómas og Ásta eru efst í punktastöðunni

PUNKTASTADAN hjá borðtennisfólkinu í hinum ýmsu flokkum er nú sem hér segir. Tölurnar í sviga sýna fjölda móta sem viðkomandi hefur tekið þátt í:

**Meistaraflokkur karla:**

1. Tómas Guðjónsson KR, 54(2)
2. Tómas Sölvason KR, 45(2)
3. Stefán Konr. Vík., 28(3)
4. Kristinn Már Emilss. KR, 12(3)

5.—6. Bjarni Kristj. UMFK, 10(2)
Jóhannes Haukss. KR, 10(3)
7.—8. Kristján Jónasson Vík., 7(3)
Örn Franzson KR, 7(2)
9.—12. Guðm. Maríusson KR, 4(2)
Hilmar Konráðsson Vík., 4(1)
Hjálmtýr Hafst. KR, 4(1)
Vignir Kristm.son Örn, 4(3)
13. Friðrik Berndsen Vík., 3(3)
14.—16. Davíð Pálsson Örn, 0(1)
Emil Pálsson KR, 0(2)
Gunnar Finnbj.son Örn, 0(1)

**Meistaraflokkur kvenna**

Tölurnar fyrir aftan punktatöluna sýna þá punkta sem keppandinn hlýtur, verði reglur sem samþykktar voru á ársþingi BTÍ látnar gilda aftur fyrir sig, en um það verður tekin ákvörðun bráðlega.

1. Ásta M. Urb. Örn, 26(31)(3)
2. Ragnh. Sig.dóttir UMSB, 22(2)

3.—4. Kristín Njálsd. UMSB, 6(3)
3.—4. Sigrún Bjarnad. UMSB, 6(8)(3)
5. Hafdís Ásgeirsdóttir KR, 4(2)
6. Elísabet Ólafsdóttir Örn, 2(2)
7.—8. Erna Sig.dóttir UMSB, 0(0)
Rannveig Harðard. UMSB, 0(1)

**1. flokkur kvenna:**

1. Arna Sif Kærnested Vík. 4(6)

Aðrar hafa ekki hlotið punkta.

**1. flokkur karla:**

1. Jónas Kristjánsson Örn, 21
2. Albrecht Ehmann Örn, 14
3. Kristján V. Haraldsson Vík., 5
4. Kjartan Briem KR, 3
5. Trausti Kristjánsson Vík., 2

6.—7 Bergur Konráðsson Vík, 1
Bjarni Bjarnason Vík, 1

Aðrir í 1. flokki karla hafa ekki hlotið punkta.

**2. flokkur karla:**

1. Foucher Pascal Vík., 18
2. Óskar Ólafsson Vík., 11
3. Valdimar Hannesson KR, 10
4. Snorri Briem KR, 6

5.—7. Eyþór Ragnarsson KR, 2
Halldór Steinsen Örn, 2
Ögm. M. Ögmundss. UMFK, 2

Aðrir hafa ekki hlotið punkta.



● Ásta Utbancic

24.03.84, mal

## Spilaðir verða 200 leikir:

# 97 taka þátt í Íslandsmótinu í borðtennis

**Íslandsmótið í borðtennis í flokkum fullorðinna verður haldið í Laugardalshöll 24. og 25. mars nk. Tímaseðillinn er þannig:**

**Laugardagur 24. mars:**

**kl. 12.50** Húsið opnað.
**kl. 14.00** Keppni hefst í tvíliðaleik karla og tvíliðaleik kvenna.
**kl. 15.00** Einliðaleikur í 2. flokki karla.
**kl. 17.00** Tvenndarkeppni.

**Sunnudagur 25. mars:**

**kl. 12.00** Húsið opnað.
**kl. 13.00** Keppni hefst í einliðaleik í 1. flokki kvenna og í meistaraflokki kvenna. Úrslit í flokkakeppni unglinga.
**kl. 16.30** Keppni hefst í einliðaleik í 1. flokki karla og í meistaraflokki karla.

Skráðir keppendur eru 97 talsins frá 5 félögum í Reykjavík og 6 félögum og héraðssamböndum utan af landi. Alls verða leiknir yfir 200 leikir á mótinu, þannig að borðtennisunnendur ættu að geta skemmt sér vel, enda verða oft óvænt úrslit á Íslandsmótum.

Allir bestu borðtennismenn landsins eru skráðir til keppni. Í meistaraflokki karla er Íslandsmeistarinn Tómas Guðjónsson skráður, en hann hefur aðeins tapað einu móti í vetur, sem hann hefur tekið þátt í. Þó eru margir sem hafa áhuga á að ná titlinum af Tómasi, svo sem Tómas Sölvason, sem er punktahæstur, og Gunnar Finnbjörnsson, sem sigraði í Víkingsmótinu um síðustu helgi, en þá tapaði Tómas fyrir Stefáni Konráðssyni, sem vafalaust blandar sér í toppbaráttuna.

Í meistaraflokki kvenna munu þær líklega berjast í úrslitum þær Ragnhildur Sigurðardóttir og Ásta Urbancic, en þær hafa leikið alla úrslitaleiki frá 1977 að undanskildu 1979, þegar Ásta var ekki með. Ragnhildur hefur sigrað 5 sinnum á Íslandsmóti en Ásta 4 sinnum.

Í tvíliðaleik karla ætla Tómas Guðjónsson og Hjálmtýr Hafsteinsson að verja titil sinn, en þeir hafa sigrað 5 sinnum. Líklegt er að helstu keppinautar þeirra verði Gunnar Finnbjörnsson/ Tómas Sölvason, Hilmar Konráðsson/ Kristján Jónasson, en þeir unnu þá Tómas og Hjálmtý í 1. deildinni um daginn. Einnig er líklegt að Stefán Konráðsson/ Friðrik Berndsen og Jóhannes Hauksson/ Kristinn Már Emilsson blandi sér í baráttuna.

Í tvíliðaleik kvenna er líklegt að baráttan standi á milli Íslandsmeistaranna í fyrra, Ragnhildar Sigurðardóttur/ Kristínar Njálsdóttur og meistaranna í hitteðfyrra, Ástu Urbancic/ Hafdísar Ásgeirsdóttur.

Í tvenndarkeppni munu þau líklega berjast um titilinn þau Ásta Urbancic og Tómas Guðjónsson annars vegar, en þau hafa sigrað síðustu 3 ár, hins vegar eru Ragnhildur Sigurðardóttir og Hjálmtýr Hafsteinsson sem unnu næstu 2 ár þar á undan.



● Það verða spilaðir 200 leikir á borðtennismótinu um helgina. Allt besta borðtennisfólk landsins keppir þar.





# Ásta, Tómas og Hjálmtýr á förum

**— erlendis. Léku kveðjuleiki sína að sinni á Íslandsmeistaramótinu í borðtennis. Gunnar Finnbjörnsson ætlar að hætta**

Eins og undanfarin ár voru þau Asta Urbancic, Tómas Guðjónsson, Ragnheiður Sigurðardóttir og Hjálmtýr Hafsteinsson sigursæl á Islandsmeistaramótinu í borðtennis sem lauk í Laugardalshöllinni í gærkvöldi. Allt bendir til að þau Asta, Tómas og Hjálmtýr hafi hlotið sína síðustu Islandsmeistaratitla að sinni þar sem þau eru á leið til náms erlendis. Þá gaf Gunnar Finnbjörusson út þá yfirlýsingu eftir mótið í gærkvöldi að þetta hefði verið hans síðasta Islandsmót en hann hefur keppt um Islandsmeistaratitila síðan 1972.

Tómas og Hjálmtýr fengu þrjá gullpeninga og þær Asta og Ragnheiður tvo.

Tómas, (KR) varð sigurvegari í einliðaleik karla — vann Stefán Konráðsson, Víkingi, í úrslitaleik 16—21, 26—24, 21—13 og 21—13.

Asta (Erninum) varð sigurvegari í einliðaleik kvenna — vann Ragnheiði (UMSB) í úrslitaleik 18—21, 21—16, 21—19 og 21—15.

Asta og Hafdís Asgeirsdóttir urðu sigurvegarar í tvíliðaleik kvenna. Unnu þær Ragnheiði og Kristínu Njálsdóttir frá Borgarfirði í úrslitaleik.



Tómas Guðjónsson — var sigursæll.

Tómas Guðjónsson og Hjálmtýr Hafsteinsson úr KR urðu sigurvegarar í tvíliðaleik karla — unnu þá Gunnar Finnbjörnsson og Tómas Sölvason í úrslitaleik.

Hjálmtýr og Ragnheiður urðu sigurvegarar í tvenndarleik — unnu þau Astu og Tómas Guðjónsson í úrslitaleik.

Stúlkurnar úr Borgarfirði urðu sigurvegarar í sveitakeppni kvenna og strákarnir úr KR fóru með sigur af hólmi í sveitakeppni karla.

Bergur Konráðsson úr Víkingi varð sigurvegari í 1. flokki karla — vann hinn efnilega 13 ára KR-ing Kjartan Brime í úrslitaleik, 21—12, 15—21 og 21—15.

Anna Sif Kjærnested úr Víkingi varð sigurvegari í 1. flokki kvenna. Lagði Elínu E. Grímsdóttir úr Erninum í úrslitaleik 21—8 og 21—15.

-SOS



Asta Urbancic — fékk tvenn gullverðlaun á Islandsmótinu í borðtennis.
DV-mynd: Óskar Örn Jónsson.



Ragnhildur Sigurðardóttir



Tómas Guðjónsson

# Tómas og Ragnhildur Íslandsmeistarar

Tómas Guðjónsson, KR, og Ragnhildur Sigurðardóttir, UMSB, urðu Íslandsmeistarar í einliðaleikjum karla og kvenna í borðtennis á Islandsmótinu sem fram fór í Laugardagshöllinni um páskana. Tómas vann nafna sinn Sölvason úr KR í úrslitum í karlaflokki og Ragnhildur sigraði Ástu Urbancic, Erninum, í úrslitaleik kvennaflokksins.

Þau Tómas Guðjónsson og Ásta léku síðan saman í tvenndarkeppni og sigruðu. Ragnhildur og Kristín Njálsdóttir, UMSB, urðu hlutskarpastar í tvíliðaleik kvenna og Tómas G. og Hjálmtýr Hafsteinsson í tvíliðaleik karla.

– VS

Þjóðv. 6.04'83

29.6.83 MBL



● Formaður KR, Sveinn Jónsson, (t.h.) afhendir Tómasi Guðjónssyni hinn glæsilega verðlaunagrip sem fylgir nafnbótinni Íþróttamaður KR.

# Tómas Guðjónsson valinn Íþróttamaður KR

**Á aðalfundi Knattspyrnufélags Reykjavíkur 25. maí var Tómas Guðjónsson valinn Íþróttamaður KR. Sem rökstuðning fyrir tilnefningu sinni, vill stjórnin benda á eftirtalin afrek sem Tómas hefur náð með frábærum leik sínum, og kemur þó ekki fram í titlum; hans íþróttamannslega framkoma sem hefur ávallt verið til fyrirmyndar á öllum mótum og ekki síst æfingum.**

Tómas hefur hlotið eftirtalda Íslandsmeistaratitla:

Meistaraflokkur karla, 1978, 1979, 1980, 1981, 1983.

Meistaraflokkur karla tvíliðal. 1978, 1979, 1980, 1981, 1983.

Tvenndarkeppni, 1977, 1981, 1982, 1983.

Flokkakeppni, 1976, 1977, 1978, 1979, 1980, 1981, 1982, 1983.

Tómas hefur verið Íslandsmeistari oftar en nokkur maður og burðarás síðastliðin 8 ár.

Tómas er eini leikmaðurinn í karlaflokki sem hefur orðið fjórfaldur Íslandsmeistari, en það varð hann árin 1981 og 1983.

Auk alls þess sem er upptalið hefur Tómas orðið margfaldur Íslandsmeistari í unglingaflokki, orðið margfaldur Reykjavíkurmeistari og unnið ótal önnur opin mót.

Tómas hefur ávallt verið meðal punktahæstu manna, í öðru sæti 1978, fyrsta sæti 1979, 1980, 1982 og 1983. 1982 gat Tómas ekki sökum anna tekið þátt í öllum mótum, en vann öll sem hann tók þátt í. Tómas hefur keppt 19 landsleiki fyrir Íslands hönd.

Þess má geta til gamans að Tómas hefur líka hlotið Íslandsmeistaratitil í lyftingum og setti þá mörg Íslandsmet.



● Íslandsmeistari í meistaraflokki kvenna í borðtennis, Ásta M. Urbancic, sýnir góð tilþrif þar sem hún slær kúluna yfir netið. Ásta vann nú sinn fimmta Íslandsmeistaratitil í meistaraflokki kvenna.

# Ásta og Tómas mjög sigursæl

**SÍÐARI hluti Íslandsmótsins í borðtennis fór fram um síðustu helgi í Laugardalshöllinni. Keppt var í flokkum fullorðinna. Þátttaka í mótinu var mjög góð og keppni jöfn og spennandi. Ánægjulegt var að keppendur frá HSÞ og UMSE skyldu mæta til leiks. Stóðu þeir vel fyrir sínu.**

Tómas Guðjónsson, KR, varð Íslandsmeistari í flokki karla og Ásta Urbanic varð Íslandsmeistari í flokki kvenna. Var þetta sjötti Íslandsmeistaratitill Tómasar en Ásta var að vinna sinn fimmta meistaratitil. Er þetta vel af sér vikið hjá þessu snjalla borðtennisfólki. Þá urðu þau líka meistarar í tvíliðaleik. Úrslit á mótinu urðu annars sem hér segir:

**Fyrri dagur:**
**Tvíliðaleikur karla:**
1. Hjálmtýr Hafsteinsson — Tómas Guðjónsson KR
2. Gunnar Finnbjörnsson — Tómas Sölvason Örn/KR
3. Friðrik Berndsen — Stefán Konráðsson Vík.
4. Hilmar Konráðsson — Kristján Jónasson Vík.

Þeir Tómas og Hjálmtýr vörðu titil sinn frá því í fyrra og sigruðu þá Gunnar og Tómas nokkuð örugglega í úrslitaleiknum 21—15, 21—16, 21—23 og 21—14. Þetta var í sjötta sinn sem þeir sigra í tvíliðaleik karla. Hörkuleikur var um þriðja sætið á milli Víkingsparanna og sigruðu þeir Friðrik og Stefán í 5. lotu 18—21, 21—17, 18—21, 21—12 og 21—16.

**Tvíliðaleikur kvenna:**
1. Ásta M. Urbancic — Hafdís Ásgeirsdóttir Örn/KR
2. Kristín Njálsdóttir — Ragnhildur Sigurðardóttir UMSB
3. Rannveig Harðardóttir — Sigrún Bjarnadóttir UMSB
4. Elín Eva Grímsdóttir — Gróa Sigurðardóttir Örn

Ásta og Hafdís, meistarar frá 1982, sigruðu Ragnhildi og Kristínu sem unnu í fyrra, í hörkuspennandi og vel leiknum leik. Borgfirsku stúlkurnar sigruðu í fyrstu tveim lotunum 21—17 og 21—16, en Ásta og Hafdís í tveim næstu 21—17 og 21—16. Æsispennandi oddalotu lauk svo með tveggja stiga sigri Ástu og Hafdísar 21—19, en þær höfðu fimm stiga forskot 17—12, Ragnhildur og Kristín náðu að komast yfir 18—17. Það dugði þó ekki til eins og að framan er sagt.

**Tvenndarkeppni:**
1. Ragnhildur Sigurðardóttir — Hjálmtýr Hafsteins. UMSB/KR
2. Ásta M. Urbancic — Tómas Guðjónsson Örn./KR
3. Sigrún Bjarnadóttir — Kristinn Már Emils. UMSB/KR
4. Elísabet Ólafsdóttir — Vignir Kristmundsson Örn.

Ragnhildur og Hjálmtýr bundu enda á sigurgöngu Ástu og Tómasar sem hafa unnið tvenndarkeppnina síðustu 3 ár. Þau sigruðu í úrslitaleiknum 21—19, 21—16 og 21—15, og töpuðu ekki lotu á mótinu. Leikurinn var nokkuð sveiflukenndur, til dæmis höfðu Ásta og Tómas yfir 19—16 í fyrstu lotunni, en Ragnhildur og Hjálmtýr gáfust ekki upp og skoruðu 5 síðustu stigin. Í síðustu lotunni var staðan jöfn 14—14, en þá skoruðu Ragnhildur og Hjálmtýr 6 stig í röð og unnu svo 21—15 eins og áður sagði.

**2. flokkur karla:**
1. Guðmundur Halldórsson UMSE
2. Gunnar Þór Valsson Örn.
3. Árni Siemsen Örn.
4. Lárus Halldórsson UMSE

Þeir stóðu sig mjög vel bræðurnir úr UMSE, í fyrra sigraði Lárus, en Guðmundur í þetta sinn. Hann sigraði Gunnar (sem er unglingameistari 13—15 ára) örugglega í úrslitaleiknum 21—18 og 21—14. Lárus varð hins vegar að gera sér 4. sætið að góðu í þetta sinn því hann tapaði fyrir Árna í leik um 3. sætið 19—21 og 11—21.

**Seinni dagur:**
**Meistaraflokkur kvenna:**
1. Ásta M. Urbancic Örn.
2. Ragnhildur Sigurðardóttir UMSB
3. Sigrún Bjarnadóttir UMSB
4. Kristín Njálsdóttir UMSB

Ragnhildur, Íslandsmeistari frá fyrra ári, tapaði titli sínum til Ástu, en þessar tvær hafa verið í sérflokki íslenskra borðtenniskvenna síðustu ár. Ásta sigraði í skemmtilegum leik 18—21, 21—16, 21—17 og 21—15, nokkuð öruggur sigur. Hörkubarátta var um 3. sætið, Sigrún vann Kristínu 21—12, 16—21, 21—15, 17—21 og 21—18, en Kristín hefur verið í 3. sæti mörg undanfarin ár.

**1. flokkur kvenna:**

| | | Vinn. |
|---|---|---|
| 1. Arna Sif Kærnested, Vík | | 6 |
| 2. Elín Eva Grímsdóttir, Örn. | | 6 |
| 3. Sigríður Þorsteinsd. UMSB | | 4 |
| 4. Fjóla Lárusdóttir, UMSB | | 4 |
| 5. Gróa Sigurðardóttir, Örn. | | 4 |

Í þessum flokki léku 8 stúlkur og léku þær allar við allar og þegar upp var staðið höfðu tvær jafnmarga vinninga, þær Arna og Elín Eva. Arna vann Evu 21—8 og 21—15 en tapaði fyrir Gróu 21—10, 17—21 og 19—21. En Arna hlaut 1. sæti þar sem hún hafði sigrað Evu. Af sömu ástæðu hlaut Sigríður 3. sætið, hún vann bæði Fjólu og Gróu. Með þessum sigri hefur Arna hlotið tilskilinn punktafjölda til að flytjast upp í meistaraflokk.

**Meistaraflokkur karla:**
1. Tómas Guðjónsson KR
2. Stefán Konráðsson Vík.
3. Hilmar Konráðsson Vík.
4. Bjarni Kristjánsson UMFK

Tómas, Íslandsmeistari frá síðasta ári, náði að verja titil sinn, og hefur hann alls sigrað 6 sinnum í einliðaleik karla. Stefán vann fyrstu lotuna í úrslitaleiknum örugglega 21—16. Í þeirri næstu hafði Tómas yfir 19—14, en Stefán náði að jafna og komast yfir, en það dugði ekki og Tómas náði að sigra eftir mikla baráttu 26—24. Eftirleikurinn var síðan auðveldur og Tómas sigraði í tveimur síðustu lotunum 21—13 og 21—13. Í undanúrslitum lék Tómas við Gunnar Finnbjörnsson úr Erninum og var sá leikur spennandi og vel leikinn af beggja hálfu. Leikurinn fór „í odda" og hafði Tómas yfir 20—14, en Gunnar gafst ekki upp og jafnaði 20—20. Þeir skiptust síðan á um að hafa yfir en Tómas vann síðan 24—22. Gunnar ákvað síðan að leika ekki áfram um 3. sætið. Stefán sló Hilmar félaga sinn úr Víkingi út í undanúrslitum og var sá leikur einnig mjög jafn, Stefán sigraði 27—25, 23—21 og 21—16. Hilmar vann svo Bjarna í leik um 3. sætið 3—0 (23—21, 21—12 og 21—14).

**1. flokkur karla:**
1. Bergur Konráðsson Vík.
2. Kjartan Briem KR
3. Jónas Kristjánsson Örn.
4. Björgvin Jóhannesson Þrótti

Tveir unglingameistarar voru í aðalhlutverkum í 1. flokki karla. Bergur sem er meistari í drengjaflokki vann Kjartan sem er piltameistari (13 ára og yngri) í úrslitaleik 21—12, 15—21 og 21—15. Jónas vann svo gömlu kempuna og fyrrverandi landsliðsmann Björgvin Jóhannesson, formann Borðtennisdeildar Þróttar, í leik um 3. sætið 15—21, 22—20 og 21—15. Þetta var í fyrsta skipti sem keppendur frá Borðtennisdeild Þróttar tóku þátt í Íslandsmótinu, enda er deildin nýstofnuð.

**Úrslitakeppni í flokkakeppni unglinga:**

Hún var haldin á sunnudag, og léku þar til úrslita efstu liðin úr riðlakeppninni sem farið hefur fram í vetur. Úr A-riðli komust KR-A og KR-C í úrslit, en KR-B og Víkingur-B úr B-riðli. B-lið Víkings mætti ekki til leiks í úrslitakeppnina en KR-B og KR-C léku um sæti í úrslitum á móti KR-A og sigraði C-liðið í hörkuleik 3—2. Í úrslitaleiknum sigraði A-lið KR hins vegar 3—0 og fóru leikirnir þannig:

KR-A — KR-C
Valdimar Hannesson — Stefán Garðarsson 13—21, 21—16, 21—11
Kjartan Briem — Ragnar Árnason 21—17, 19—21, 21—12
Kjartan/ Valdimar — Stefán/ Ragnar 21—16, 21—15.

Röð liðanna var því þannig:
1. KR-A (Kjartan Briem og Valdimar Hannesson)
2. KR-C (Ragnar Árnason, Stefán Garðarsson og Reynir Georgsson).
3. KR-B (Eyþór Ragnarsson og Magnús Þorsteinsson).
4. Víkingur-B (Þór Hauksson og Jóhann Guðjónsson).

Þessi frábæri árangur KR-liðanna er alveg einsdæmi, en aldrei áður hefur sama félagið fengið öll verðlaunin í flokkakeppni unglinga.



Morgunblaðið/Júlíus.

Tómas Guðjónsson KR, Íslandsmeistari í einliðaleik, einbeittur á svip í hita leiksins.

---

**Borðtennis:** 31.08.8?

NT

## Skipti um áklæði og steinlá

■ Chi Zhen-Hua frá Kína tapaði fyrsta leik sínum á heimsmeistaramótinu í borðtennis. Hua þessi er talinn vera sá besti í heiminum í borðtennis. Sá er sigraði kappann var Svíi, Ulf Bengtsson að nafni.

Það sem átti ekki hvað stærstan þátt í tapi Kínverjans var að hann þurfti að skipta um áklæðin á spaðanum sínum. Nýjar reglur í borðtennis kveða svo á um að það verði að vera frábrugðnir litir á hvorum helmingi spaðans þannig að andstæðingurinn eigi auðveldara með að „lesa" hvernig snúningur verði á boltanum. Kínverjinn var með sama lit báðum megin og þurfti að breyta. Þetta setti hann alveg út af laginu og tapaði hann leiknum 21-13 og 23-21.

# 1984

14.01.84

## Tómas og Ásta sigruðu

**Borðtennisdeild Víkings gekkst fyrir opnu punktamóti í Fossvogsskóla laugardaginn 14. janúar í fjórum flokkum og urðu úrslit eftirfarandi:**

Meistaraflokkur karla:

| | Punktar |
|---|---|
| Tómas Guðjónsson KR | 24 |
| Kristinn Már Emilsson KR | 12 |
| Stefán Konráðsson Víkingi | 6 |
| Meistaraflokkur kvenna: | |
| Ásta Urbancic Erninum | 15 |
| Ragnhildur Sigurðardóttir UMSB | 7 |
| Sigrún Bjarnadóttir UMSB | 4 |
| 1. flokkur karla: | |
| Jónas Kristjánsson Erninum | 18 |
| Albreich Ehman Erninum | 9 |
| Kristján Viðar Haraldsson Víkingi | 4 |
| Kjartan Briem KR | 4 |
| 2. flokkur karla: | |
| Faucher Pascat Víkingi | 9 |
| Valdimar Hannesson KR | 4 |
| Snorri Briem KR | 2 |
| Halldór Steinssen Erninum | 2 |

# Ísland í úrslit

## í sínum riðli á EM í borðtennis

**ÍSLAND leikur til úrslita við Búlgaríu í dag í sínum riðli 3. deildarinnar í borðtennis. Ísland vann Jersey 4:3 á fimmtudag og í gær vannst svo sigur á Möltu 4:3.**

Í leiknum við Jersey sigraði Tómas Guðjónsson Elliw 2:1, Hjálmtýr tapaði fyrir Hansford 1:2, Soper sigraði Ástu Urbancic, Hjálmar og Tómas sigruðu Herford/Callaghan 2:1, Ásta og Tómas sigruðu Soper og Callaghan 2:1, Hjálmtýr vann Elliw 2:1 og Tómas tapaði fyrir Hansford. Urslitin 4:3 fyrir Ísland og áður sagði.

Gegn Möltu urðu úrslit svo þessi: Tómas tapaði fyrir Gioveece 0:2, Hjálmar vann Cordonna 2:0, Ásta vann Brech 2:0, Tómas og Hjálmtýr töpuðu 0:2 fyrir Cordonna og Gioveece, Ásta og Tómas unnu Brech og Groveece 2:0, Giovece vann Hjálmtý 2:0 og Tómas vann Cordona 2:0. Ísland vann því aftur 4:3.

Ísland varð í þriðja sæti í sínum riðli í fyrra, í fjórða sæti í hitteðfyrra, og nú verður það að líkindum í öðru sæti, en svo langt hefur lið Íslands aldrei náð áður. Búlgarir eru 1. deildarþjóð að getu; en þar sem þeir tóku ekki þátt í Evrópukeppninni í fyrra voru þeir látnir keppa í 3. deild í ár. Því má að öllum líkindum bóka búlgarskan sigur í dag.

—SH.






The Maltese and Bulgarian teams during the opening ceremony yesterday evening at the Hotel Phoenicia Ballroom.

TABLE-TENNIS:

## SUPERIOR BULGARIANS

### Locals also lose to Iceland

● On the opening day of the European Third Division League, Malta yesterday played two matches — going down to Bulgaria 7-0 (as expected) and surprisingly lost 3-4 to Iceland in the evening match.

In the match against Bulgaria, the Maltese simply had no chance as will both Iceland and Jersey, who obviously are not in the same class as the Bulgarians.

The latter are playing in the Third Division just because they were automatically relegated from a to division for having not taken part in last year's competitions. But undoubtedly, their standard is very much higher than that of the locals.

This was in evidence in all the matches yesterday as the Maltese went down heavily 7-0, not even managing to win one set.

The results of this match were the following:

Stoianov bt. Genovese 21-7, 21-11; Lukov bt. Cini 21-7, 21-11; Gergeloheva bt. Grech 21-9, 21-7. Stoianov/Lukov bt. P. Borg Cardona/Genovese 21-9; Lukov bt. Genovese 21-11, 21-9; Stoianov bt. Cini 21-9, 21-5.

In the other match, Iceland and Jersey provided the spectators with a thrilling match which ended in a 4-3 victory for Iceland.

In the evening Iceland surprisingly notched its first ever win against Malta, winning 4-3. Only Genovese in the Maltese side lived up to his reputation, winning all his matches. The results were: Genovese bt. Gudjonsson 21-12, 21-17; Borg Cardona lost to Hafsteinsson 15-21, 14-21; Grech lost to Urbancic 14-21, 12-21; Genovese/Borg Cardona bt. Gudjonsson/Hafsteinsson 21-18, 21-18; Borg Cardona/Grech lost to Gudjonsson/Urbancic 14-21, 15-21; Genovese bt. Hafsteinsson 21-18, 21-18; Borg Cardona lost to Gudjonsson 14-21, 11-21.

The only match today will be between Jersey and Bulgaria which starts at 10 a.m.

1984 3rd DIVISION EUROPEAN LEAGUE
TABLE TENNIS ASSOCIATION
.. MALTA ..

TABLE-TENNIS:

### Another big win for Bulgaria

Bulgaria registered another 7-0 victory over Jersey yesterday morning to top the table with four points after the opening two matches in the European Third Division League.

The tournament comes to an end this afternoon when Iceland meet Bulgaria at 2 p.m. and Malta and Jersey meet at 4 p.m. in a battle to avoid the last place in the group.

Iceland and Bulgaria both have two victories each, while Jersey and Malta have so far suffered two defeats.

MORGUNBLADID, LAUGARDAGUR 22. DESEMBER 1984

Íþróttasamband Íslands og íþróttablaðið tilkynntu í hófi á fimmtudaginn nöfn þeirra 18 íþróttamanna sem útnefndir höfðu verið íþróttamenn ársins 1984 í sinni íþróttagrein. Þetta er í 12. sinn sem þessi útnefning fer fram og veitti Frjálst framtak veglega bikara sigurvegurunum til handa.

Meðfylgjandi mynd var tekin af íþróttafólkinu við þetta tækifæri, en þau eru, talið frá vinstri: Einar Þorvarðarson, handknattleiksmaður ársins, Sigurður Pétursson, golfmaður ársins, Jón Árnason, blakmaður ársins, Bjarni Sigurðsson, knattspyrnumaður ársins, Hulda Ólafsdóttir fimleikamaður ársins, Bjarni Friðriksson, júdómaður ársins, Jónas Óskarsson, íþróttamaður ársins úr röðum fatlaðra, Broddi Kristjánsson, badmintonmaður ársins, . Tómas Guðjónsson, borðtennismaður ársins, Jón Ólafur Pétursson, siglingamaður ársins, Carl J. Eiríksson, skotmaður ársins og Eðvarð Þ. Eðvarðsson, sundmaður ársins. Á myndina vantar Pétur Yngvason, glímumann ársins, Einar Vilhjálmsson, frjálsíþróttamann ársins, Val Ingimundarson, körfuknattleiksmann ársins, Kára Elísson, lyftingamann ársins, og Einar Ólafsson, skíðamann ársins. Einnig vantar Gunnlaug Jónasson en hann var kosinn siglingamaður ársins ásamt félaga sínum, Jóni Ólafi, en þeir félagar keppa á tveggja manna bátum.


Morgunblaðið/Júlíus

1985

MBL 16.01.85

# Borðtennisfólk til Danmerkur

**Í BYRJUN febrúar fer tíu manna hópur úr landsliði Íslands í borð- tennis í keppnisferð til Danmerk- ur fyrir forgöngu Sten Kyst Han- sen sem þjálfað hefur landsliðið í vetur, en hann var áður landsliðs- þjálfari Dana. Leikið verður við danska landsliðið og dönsk fé- lagslið.**

Þessi ferð er liður í undirbúningi landsliðsins fyrir þátttöku í Evr- ópudeildinni í borðtennis, en Ís- land keppir í þriðju deild og verður sú keppni haldin hér á landi 15.—17. febrúar nk. Ekki liggur endanlega fyrir hversu þátttökuþjóðir verða margar.

Landsliðsþjálfari hefur valið eftirfarandi leikmenn til þess að keppa fyrir hönd Íslands í Evrópudeildinni.

Ragnhildur Sigurðardóttir UMSB
Sigrún Bjarnadóttir UMSB
Tómas Guðjónsson KR
Stefán Konráðsson Stjarnan
Tómas Sölvason KR
Jóhannes Hauksson KR

Landsliðið hefur æft stíft í vetur undir stjórn hins snjalla danska þjálfara. Landsliðshópinn skipa 6 konur og 10 karlar og hefur þjálfarinn raðað einstökum keppendum þannig upp eftir mati sínu á styrkleika:

Konur:
1. Ragnhildur Sigurðardóttir UMSB
2. Sigrún Bjarnadóttir UMSB
3. Kristín Njálsdóttir UMSB
4. Hafdís Ásgeirsdóttir KR
5. Arna Sif Kjærnested Víkingi
6. Elísabet Ólafsdóttir KR

Karlar:
1. Tómas Guðjónsson KR
2. Stefán Konráðsson Stjörnunni
3. Tómas Sölvason KR
4. Jóhannes Hauksson KR
5. Kristinn Emilsson KR
6. Kristján Jónasson Víkingi
7. Guðmundur Maríusson KR
8. Vignir Kristmundsson Erninum
9. Hilmar Konráðsson Víkingi
10. Bjarni Kristjánsson UMFK

Heimsmeistaramótið í borðtennis verður haldið í Gautaborg dagana 18. mars til 7. apríl og fara héðan væntanlega 2 konur og 3 til 4 karlar. Ekki er endanlega ákveðið hverjir munu keppa fyrir hönd Íslands.

# Norsk landsliðskona ferst í bílslysi

**TONE Folkesson, 21 árs norsk landsliðskona í borðtennis, lést í umferðarslysi á Spáni á sunnudag. Tone var eð norska landsliðinu sem er í keppnisferð á Spáni.**

Landsliðskonan lést eftir að bíll sem hún var farþegi í fór út af og nti á vegg. Önnur landsliðskona, rika Lafmussen, sem einnig var í bílnum, slasaðist alvarlega. Tveir aðrir farþegar voru í bílnum, bílstjóri og túlkur, og slösuðust þau lítilsháttar. Bíllinn var á leið frá Huelva til Sevilla, þar sem þau áttu að fara að keppa við spænska landsliðið í Evrópumeistaramótinu í borðtennis.

15.01.85

Morgunblaðið
**íþróttir**

DV. 16.01.85 -SK.

# Borðtennismenn í æfingabúðir til Danmerkur

**Sten Kyst Hansen, landsliðsþjálfari Íslands í borðtennis, fyrrum landsliðsþjálfari Dana, hefur valið sex borðtennismenn til að keppa fyrir hönd Íslands í 3. deildarkeppni EM í borðtennis, sem fer fram hér á landi 16.—17. febrúar. Það eru Ragnhildur Sigurðardóttir og Sigrún Bjarnadóttir frá UMSK, Tómas Guðjónsson, Tómas Sölvason og Jóhannes Hauksson úr KR og Stefán Konráðsson úr Stjörnunni.**

Það er ljóst að landslið Yersey og Möltu koma til leiks en spurningin er hvort Rússar, Portúgalir og Spánverjar mæta.

Það hefur verið ákveðið að tíu manna hópur fari í æfinga- og keppnisferð til Danmerkur í byrjun febrúar, þar sem leikið verður við dönsk félagslið og landslið Dana.

Heimsmeistaramótið í borðtennis fer fram í Gautaborg 28. mars til 7. apríl. Væntanlega fara tvær konur og þrír til fjórir karlar frá Íslandi á HM.

-SOS

# Grubba vann 8500 dollara!

**PÓLSKI borðtenniskappinn Andrezej Grubba, sem talinn er næstbesti borðtennismaður í Evrópu, vann á laugardag 8.500 dollara á móti í Wembley á laugardag.**

Grubba sigraði Evrópumeistarann Ulf Bengtsson frá Svíþjóð, 21—9, og 21—10, í hreinum úrslitaleik. Áður hafði Grubba unnið nauman sigur á Frakkanum Jacques Secretin, 22—24, 21—17 og 21—11. Bengtsson vann Bretann Desmond Douglas í undanúrslitum, 21—17, 15—21 og 23—21.

MBL 15.01.85

DV 28.03.84

## Gunnar ætlar ekki að hætta

### — fer utan í nám

Gunnar Finnbjörnsson — borðtennismaðurinn snjalli, sem veitti Tómasi Guðjónssyni, Íslandsmeistara í einliðaleik, harða keppni í undanúrslitum ætlar ekki að hætta að leika borðtennis. Gunnar er á förum til náms erlendis og mun hann að sjálfsögðu æfa borðtennis í þeim skóla sem hann kemur til með að stunda nám í.

Gunnar tapaði 22—24 fyrir Tómasi í oddaleik og var viðureign þeirra æsispennandi — 2—3.

-SOS

## Fyrsta tap KR í sjö ár

Víkingur A-lið vann öruggan sigur 6—2 yfir Íslandsmeisturum KR í borðtennis og töpuðu KR-ingar þar með sínum fyrsta leik í 1. deildarkeppninni í borðtennis frá 1977. KR-ingar (A-lið) eru efstir í deildinni með 12 stig en Víkingur (A) er í öðru sæti með 11 stig. Örninn (A) er með 7 stig, KR (B) 2 og Víkingur (B) 0 stig.



■ Tómas Guðjónsson og Ásta Urbancic voru best í einliðaleik á Íslandsmótinu í borðtennis um helgina, urðu bæði Íslandsmeistarar. Þau misstu aftur á móti Íslandsmeistaratitilinn í tvíliðaleik -þar sem þau leika saman- í hendur Ragnhildar Sigurðardóttur og Hjálmtýs Hafsteinssonar.

Tímamynd Árni Sæberg

Íslandsmótið í borðtennis:

Tíminn 27-03-84

# TÓMAS OG ÁSTA BEST

### — unnu einliðaleikinn - en töpuðu tvíliðaleiknum

■ Um helgina var haldið í Laugardalshöll Íslandsmótið í borðtennis. Keppt var í öllum flokkum fullorðinna og var þátttaka í mótinu mjög góð.

Í einliðaleik karla tókst Tómasi Guðjónssyni KR að verja titil sinn, eftir harða keppni við Stefán Konráðsson Víking. Er þetta í sjötta sinn sem Tómas sigrar í einliðaleik á Íslandsmóti. Stefán lenti í 2. sæti, en Hilmar Konráðsson Víkingi varð þriðji.

Ásta Urbancic Erninum sigraði Íslandsmeistarann frá því í fyrra, Ragnhildi Sigurðardóttur UMSB, í úrslitaleik, í einliðaleik kvenna. Þessar tvær snjöllu borðtenniskonur hafa verið í nokkrum sérflokki undanfarin ár. Í 3. sæti varð Sigrún Bjarnadóttir UMSB.

Þeir félagar úr KR, Hjálmtýr Hafsteinsson og Tómas Guðjónsson vörðu titil sinn í tvíliðaleik karla frá því í fyrra og er þetta í sjötta sinn sem þeir hljóta Íslandsmeistaratitilinn. Í 2. sæti urðu þeir Gunnar Finnbjörnsson Erninum og Tómas Sölvason KR. Í þriðja sæti urðu þeir Friðrik Berndsen og Stefán Konráðsson Víkingi, eftir hörku keppni við félaga sína úr Víkingi, þá Hilmar Konráðsson og Kristján Jónsson.

Í tvíliðaleik kvenna sigruðu þeir Ásta Urbancic Erninum og Hafdís Ásgeirsdóttir KR, meistarana frá því í fyrra, þær Kristínu Nálsdóttur og Ragnhildi Sigurðardóttur UMSB. Þær Ásta og Hafdís sigruðu 1982. Rannveig Harðardóttir og Sigrún Bjarnadóttir UMSB höfnuðu í 3. sæti.

Í tvenndarkeppni bundu þau Ragnhildur Sigurðardóttir UMSB og Hjálmtýr Hafsteinsson KR, enda á þriggja ára sigurgöngu þeirra Ástu Urbancic Erninum og Tómasar Guðjónssonar KR. Í þriðja sæti lentu þau Sigrún Bjarnadóttir UMSB og Kristinn Már Emilsson KR.

Í 1. flokki karla sigraði Bergur Konráðsson Víkingi Kjartan Briem KR, í úrslitaleik.

Í 2. flokki karla sigraði Guðmundur Halldórsson UMSE, en Gunnar Þór Valsson Erninum varð í 2. aæti.

Í 1. flokki kvenna sigraði Arna Sif Kærnested Víkingi, en Elín Eva Grímsdóttir varð í 3. sæti.

Í flokka keppni unglinga sigraði A-lið KR C-lið sama félags í úrslitum...

– BL.

mBL 28.03.84



Morgunblaðið/Júlíus.

● Eitt hundrað keppendur tóku þátt í síðari hluta Íslandsmótsins í borðtennis sem fór fram um síðustu helgi. Hér má sjá Stefán Konráðsson, Víking, í ham með spaðann. Stefán keppti til úrslita við Tómas Guðjónsson KR í meistaraflokki karla.
Sjá bls. 64—65.

Slys á Spáni:

# Norskur íþróttaheimur harmi sleginn...

Frá Arnþrúði Karlsdóttur fréttamanni NT í Noregi:

„Norskur íþróttaheimur er harmi sleginn", eru aðalfyrirsagnir blaðanna hér í Noregi í gær. Ástæðan er hörmulegt slys sem varð í Sevilla á Spáni síðastliðinn sunnudag, er bifreið lenti á brúarstólpa.

Frægasti borðtennisleikari Norðmanna lést, Tona Folkesson, 21 árs gömul stúlka frá Osló sem lék sem atvinnumaður í V-Þýskalandi, og efnilegasti karlborðtennisleikari landsins, Erik Rasmussen, 20 ára frá Bergen, lamaðist fyrir neðan mitti.

Þau Folkesson og Rasmussen voru ásamt þriðja borðtennisleikaranum í norska landsliðinu að keppa við Spánverja. Leikinn unnu hin norsku 6-1, og voru á leið á flugvöllinn og heim, er slysið varð.

Vinstra afturhjól bifreiðarinnar sem þau Folkesson og Rasmussen voru í hvellsprakk. Bíllinn snerist á hlið og afturhluti hans lenti á brúarstólpa. Borðtennisleikararnir sátu aftur í bílnum, og er talið að Folkesson hafi látist samstundis. Rasmussen er lamaður fyrir neðan mitti, en var fluttur með sjúkraflugi í gær frá Sevilla til Bergen þar sem færustu taugalæknar taka við honum. Frammi í bílnum voru bílstjóri og túlkur sem meiddust lítillega. Þriðji leikmaður landsliðsins var í bíl á eftir ásamt þjálfaranum. Tona Folkesson var talin með bestu íþróttamönnum Norðmanna. Hún hafði sex sinnum hlotið svokallaða „Kóngsviðurkenningu", sem er æðsta viðurkenning sem norskir íþróttamenn fá. Hún gerðist atvinnumaður í Vestur-Þýskalandi í ágúst á síðasta ári, og hafði staðið sig mjög vel í þýsku atvinnumannadeildinni í borðtennis. Hún lék með liðinu FV Ahlen. Folkesson kom heim til Noregs um jólin og fór síðan í áðurnefnda keppnisferð með landsliðinu til Spánar.

■ Alþjóðasamtök atvinnutennisleikara karla héldu fund í New York í fyrradag til að ræða „íþróttadóp".

Talsmaður samtakanna, John Hewig, sagði þó að til þessa fundar væri ekki boðað vegna meintrar lyfjanotkunar tennisleikara, ekki væri vitað um neitt slíkt tilfelli.

„Einhvern tíma í náinni framtíð, kannski eftir 6 mánuði eða eitt ár, gætu samtökin farið að ræða lyfjapróf, en ekkert verður ákveðið um slíkt á þessum fundi," sagði talsmaðurinn.

Hann kvað umræðu um lyfjanotkun vera á dagskrá vegna þess að tennis verður ein íþróttagreina sem keppt verður í á ÓL í Seoul 1988 og alþjóða Ólympíunefndin hefur lagt algjört bann á lyfjatöku.

6 SÍÐA – ÞJÓÐVILJINN Laugardagur 16. febrúar 1984



## Tómas á samning

Tómas Guðjónsson, einn fremsti borðtennismaður Íslands um árabil, hefur gert auglýsingasamning við JL-húsið. Tómas hlýtur styrk frá JL-húsinu og skuldbindur sig á móti til að spila með auglýsingu frá fyrirtækinu á keppnisbúningi sínum. Adidas-umboðið á Íslandi, Heildsala Björgvins Schram, hefur enn einu sinni sýnt velvilja sinn í garð íþróttamanna með því að útvega Tómasi allan þann útbúnað sem þarf til æfinga og keppni.

# Stefán og Trausti yfirburðamenn

## — á punktamóti Víkings í borðtennis

**Borðtennisdeild Víkings gekkst fyrir punkta- og unglingamóti um helgina, og var það haldið í Fossvogsskóla.**

Á laugardag var punktamót og þar var keppt í meistaraflokki karla, meistaraflokki kvenna og fyrsta flokki karla.

Stefán Konráðsson Stjörnunni og Trausti Kristjánsson Víkingi voru yfirburðamenn á mótinu.

Úrslit voru sem hér segir:

**Meistaraflokkur karla:**
1. Stefán Konráðsson Stjörnunni
2. Tómas Sölvason KR
3.—4. Davíð Pálsson Erninum
3.—4. Kristinn Már Emilsson KR

**Meistaraflokkur kvenna:**
1. Hafdís Ásgeirsdóttir KR
2. Elísabet Ólafsdóttir KR
3. Arna Sif Kærnested Víkingi

**1. flokkur karla:**
1. Trausti Kristjánsson Víkingi
2. Bjarni Bjarnason Víkingi
3.—4. Kjartan Briem KR
3.—4. Emil Pálsson Víkingi

Á sunnudag var keppt í unglingaflokki.

**13 ára og yngri:**
1. Halldór Björnsson Stjörnunni
2. Einar Guðmundsson Stjörnunni
3.—4. Elías Elíasson Stjörnunni
3.—4. Eiður Örn Ingvarsson Stjörnunni

**13—15 ára drengir:**
1. Kjartan Briem KR
2. Gunnar Valsson Stjörnunni
3.—4. Valdimar Hannesson KR
3.—4. Sigurður Gunnarsson Stjörnunni

**15—17 ára drengir:**
1. Trausti Kristjánsson Víkingi
2. Hermann Bárðarson Víkingi
3.—4. Gunnar Jóhannesson Stjörnunni.
3.—4. Snorri Briem KR

Þetta er í fyrsta sinn sem Stjarnan sendir lið til keppni og kom frammistaða þeirra mjög á óvart.

30-01-85




• Tómas Guðjónsson — Íslandsmeistari í borðtennis. DV-mynd: Eiríkur Jónsson.

# Tómas gerir samning við JL

— Ég er mjög ánægður með þennan samning. Hann gefur mér tækifæri til að æfa meira, sagði borðtenniskappinn Tómas Guðjónsson úr KR sem hefur gert samning við JL-húsið sem mun styrkja Tómas veglega til æfinga og keppni á þessu móti. Tómas mun framvegis leika með auglýsingu frá JL á keppnisbúningi sínum.

Þá hefur ADIDAS-umboðið á Íslandi ákveðið að útvega Tómasi allan þann útbúnað sem hann þarf til æfinga og keppni.

Tómas er nýkominn heim frá Danmörku þar sem hann var í æfingabúðum með íslenska borðtennislandsliðinu. — Danmerkurferðin var mjög erfið. Við æfðum tvisvar á dag og þá kepptum við einnig, sagði Tómas.

— Hvað er nú framundan hjá þér?

— Næsta verkefni mitt er æfingar fyrir HM-keppnina í borðtennis sem fer fram í Gautaborg í Svíþjóð í lok mars og byrjun apríl, sagði Tómas.

-SOS

# EM í borðtennis ekki á Íslandi

Það verður ekkert úr Evrópukeppninni í borðtennis sem átti að fara fram hér á landi um næstu helgi. Þetta var C-deildarkeppnin í EM. Ástæðan fyrir því að hætt var við keppnina var að þátttakan var mjög dræm — aðeins Malta og Yersey voru búin að tilkynna þátttöku.

-SOS

Íþróttir Íþróttir Íþróttir Íþróttir

DV. FIMMTUDAGUR 14. FEBRÚAR 1985.

# Greinilegar framfarir

## — Stefán og Ragnheiður sigruðu

**FLUGLEIDAMÓTID í borðtennis fór fram um helgina. Átta bestu borðtennisleikarar landsins kepptu og fjórar bestu konurnar. Í karlaflokki sigraði Stefán Konráðsson Stjörnunni. Stefán lék til úrslita gegn Tómasi Guðjónssyni KR og var leikur þeirra félaga hörkuspennandi og vel leikinn. Stefáni tókst að ná sigri, 3—2. Var greinilegt á öllum leik þeirra félaga að þeir eru í framför.**

„Leikur þeirra er markvissari en nokkru sinni fyrr og það eru greinilega miklar framfarir hjá okkar besta borðtennisfólki. Það hefur æft vel að undanförnu og danski þjálfarinn Sten Nykvist hefur gert góða hluti með þjálfun sinni hér á landi," sagði Gunnar Jóhannsson formaður BSÍ.

Tómas Sölvason, bráðefnilegur borðtennisspilari, varð í þriðja sæti á mótinu. Tómas, sem er KR-ingur, er einn af þeim sem hefur unnið sig upp í gegnum alla unglingaflokkana og spilar nú vel í meistaraflokki.

Ragnhildur Sigurðardóttir UMSB sigraði stöllu sína Kristínu Njálsdóttur UMSB í kvennaflokki, 3—1. Ragnheiður hefur um langt árabil verið ein besta borðtenniskona landsins. Flugleiðamótið fór vel fram og var skemmtilegt í alla staði.

Þá fór fram þing Borðtennissambandsins um helgina. Gunnar Jóhannsson var endurkjörinn formaður. Veigamiklar breytingar voru gerðar á þinginu varðandi Íslandsmót og flokkakeppnir.



Morgunblaðið/Júlíus.

**● Stefán Konráðsson Stjörnunni sigraði á Flugleiðamótinu í borðtennis. Hann þótti leika mjög vel.**



Morgunblaðið/Júlíus.

**● Tómas Sölvason KR sýnir hér mikil tilþrif þar sem hann sendir kúluna yfir netið. Tómas varð í þriðja sæti.**



Morgunblaðið/Júlíus.

**Hinn keppnisreyndi KR-ingur Tómas Guðjónsson var í öðru sæti eftir að hafa tapað í úrslitunum 2—3 fyrir Stefáni.**

---

**Borðtennis:**

# Stefán sigraði

## – Ragnhildur vann kvennaflokkinn

■ Stefán Konráðsson Stjörnunni og Ragnhildur Sigurðardóttir UMSB urðu hlutskörpust á Flugleiðamótinu í Borðtennis um helgina, en þar voru mættir til leiks sterkustu borðtennisleikarar landsins. Athygli vakti í karlaflokknum að Stefán sigraði Tómas Guðjónsson KR í úrslitaleik, en Tómas hefur verið nánast ósigrandi í borðtennis undanfarin ár hér á landi.

Stefán sigraði Tómas í spennandi úrslitaleik, sem endaði 3-2. Stefán sigraði þó nokkuð örugglega í oddahrinunni, 21-9, Tómas Sölvason KR varð þriðji og Kristján Jónasson Víkingi fjórði.

Ragnhildur varð öruggur sigurvegari í kvennaflokki, önnur varð Kristín Njálsdóttir UMSB þriðja Sigrún Bjarnadóttir UMSB og fjórða Arna Sif Kjærnested Víkingi, þrefaldur sigur UMSB.



---

# Ársþing BSÍ:

# Gunnar var endurkjörinn formaður

**ÁRSÞING Borðtennissambands Íslands var haldið þann 16. des. og var Gunnar Jóhannsson endurkjörinn formaður. Aðrir í stjórn eru Gunnar Jónasson, Halldór Haralz, Guðmundur Maríusson og Stefán Stefánsson, sem er nýliði í stjórninni, en Pétur Ingimundarson gaf ekki kost á sér til endurkjörs. Í varastjórn eru Sigurður Guðmundsson, Birkir Þ. Gunnarsson og Kristín Njálsdóttir.**

Helstu breytingar sem samþykktar voru á ársþinginu voru að ársþingið skyldi framvegis haldið í maí ár hvert og að reikningsárið skyldi miðað við almanaksár í stað 1.10—30.9. Veigamikil breyting var samþykkt á fyrirkomulagi Íslandsmótsins í borðtennis en þá verður keppt í einum karlaflokki og einum kvennaflokki í stað skiptingar í meistaraflokk, fyrsta flokk og annan flokk. Bæði verður fyrirkomulagið einfaldara og með þessu gefst veikari spilurum tækifæri á að keppa við sterkari spilara. Leikinn verður einfaldur úrsláttur og sigurvegari verður væntanlega sá, sem mest úthald hefur og best er fyrirkallaður á keppnisdegi.

## Auglýsingasamningur

milli Jóns Loftssonar h/f og Tómasar Guðjónssonar, BORÐTENNIS

Jón Loftson h/f skuldbindur sig til að veita Tómasi Guðjónssyni 20.000 kr. vöruúttekt. – TUTTUGU ÞÚSUND –

Tómas Guðjónsson skuldbindur sig til að spila með JL auglýsingu á keppnisbúningi sínum í mótum þar sem hann keppir sem einstaklingur (Íslandsmót,Reykjavíkurmót,Opin punktamót,Boðsmót). Landsleikir og Flokkakeppni Íslands eru undanskilin þessu ákvæði.

Innan hálfs mánaðar frá undirritun þessa auglýsingasamnings mun Tómas dreifa mynd af sér með JL auglýsingu á alla fjölmiðla og mælast til þess að íþróttafréttamenn noti þær myndir fremur en aðrar sem til eru í myndasafni. Mun fréttatilkynning um þennan auglýsingasamning fylgja myndunum.

Myndir sem munu koma til með að birtast í blöðum og sjónvarpi eru inn í þessum samning.

TÓMAS ÚTBÝR OG KOSTAR JL AUGLÝSINGUNA (RAUTT Á HVÍTU)

Auglýsingasamningur þessi gildi til 31. jan. 1986.

JL JÓN LOFTSSON HF.
Hringbraut 121 10-600

JL Loftur Jónsson

X Tómas Guðjónsson




■ Tómas Guðjónsson

# JL styrkir Tómas

■ Einn okkar fremsti borðtennisspilari, Tómas Guðjónsson hefur fengið styrk frá JL-húsinu til að stunda æfingar og keppni. Tómas er nú að undirbúa sig fyrir þátttöku á heimsmeistaramótinu í borðtennis sem fram fer í Gautaborg í Svíþjóð. Hann er nýkominn heim úr mjög erfiðri keppnisferð með íslenska landsliðinu í borðtennis til Danmerkur. Þar var æft stíft og spilað við sterka mótherja og sagði Tómas að ferðin hefði verið mjög lærdómsrík.

Auk þess sem að JL-húsið mun styrkja Tómas þá hefur Adidas-umboðið á Íslandi útvegað honum keppnisbúnað allan.

Er vel til þess að vita að þessir aðilar sjái sér fært að styðja við bakið á afreksmönnum okkar Íslendinga.



**Charlotte Polk — spiller Europaliga mod Belgien i aften. Imens skal hendes holdkammerater i ilden mod Island i Ådalen. Foto: Fyns Presse Foto.**

# Ping-pong på islandsk i aften

## Sagaøens landshold besøger OB

Af
POUL IB PEDERSEN

Der er international bordtennis i Odense i aften. Det fynske publikum er ikke forvænt med udenlandske udøvere af spillet med den lille drilske celluloidbold, men nu byder chancen sig.

OB møder i Ådalen det islandske landshold, som er i træningslejr i København. At denne match er kommet i stand skyldes ikke mindst, at OB i denne sæson har fået islændingen Gunnar Finnbjørnsson med på holdet. Han er rangeret ind som næstbedste islænding og et oplagt emne til sagaøens landshold.

Det har heller ikke været nogen hæmsko for arrangementet, at den islandske landstræner Steen Kyst er en nær ven af flere OB-spillere, så han kender noget til deres styrke.

Det kører i olie for »de stribede« i denne sæson, hvor nedturen er vendt til succes. Holdet i 3. division fører denne række suverænt, og damerne er ligeledes placeret på førstepladsen i 2. division. Så der er noget at glæde sig over på begge fronter.

For at fuldstændiggøre afdelingens succes så vandt Fynsserieholdet i aftes over Triton og rykkede dermed op i 3. division, et fornemt resultat, der fortæller lidt om den bredde, OB har netop nu.

Det førende fynske navn, Charlotte Polk, er dog ikke med mod islændingene i aften. Hun spiller netop i aften i Europaligaen mod Belgien, og den fynske topspiller har chance for yderligere at føje gode resultater til den statistik, som fortæller, at Danmark netop mod Belgien har gode resultater. Otte ud af 10 kampe er vundet med en samlet score på 52-19, så der er grund til at tro på en ny triumf i aften.

Kampen sendes direkte i det belgiske TV fra den lille by Pepinster, og der er trods alt tale om en revanchematch for danskerne, der overraskende tabte 3-4 til Belgien sidste år i Silkeborg. Med nederlaget til Frankrig forpassede de rød-hvide endvidere muligheden for at rykke op i super- ligaen, så Charlotte Polk, Lars Hauth, Claus Sandbye og Claus Pedersen må se i øjnene, at de også næste sæson må undvære opgør mod Europas absolutte elite.

OB har til den uofficielle landskamp mod Island udtaget Knud Brunbjerg, Søren Havlit, Martin Hansen, Tommy Pedersen, Peter Jensen, Henning Nicolajsen og Jens H. Petersen hos mændene, og lader Kirsten Hechmann, Bettina Falck Schmidt, Jonna Sørensen og Inge Pedersen.

Island har ikke meget at byde på i international henseende. Nationen er rangeret ind som en af Europas svageste, så det er ikke utænkeligt, at de dygtige OBere kan tegne sig for nogle individuelle sejre. Samlet er Island nok for stor en mundfuld.



7.2.85 ODENSE

# Det battede

## OB knuste Island

OBs bordtennisspillere klarede sig fornemt, da aktørerne fra Ådalen i aftes havde besøg af den islandske brutto-landsholdstrup.

De fynske batsvingere gjorde nemlig næsten rent bord.

I såvel dame- som herrekampen sejrede OB med 14-2. Sikre sejre til værterne over en af Europas dårligste nationer.

— Men husk på, at vores bordtennisforbund først blev stiftet i 1972. Vi befinder os endnu rent spillemæssigt på yngre drenge-stadiet. Men jeg kan mærke fremgang fra dag til dag…

Sagde Islands landstræner Steen Kyst, der dog måtte se alle sine kvindelige yndlinge besejret af Jonna Sørensen og Bettina Falck Schmidt, der vandt alle deres fire kampe.

Kirsten Heckmann og Inge Pedersen tabte begge til gæsternes bedste dame.

Knud Brunbjerg og Martin Hansen indkasserede de to OB-nederlag hos herrerne, hvor Søren Havlit og Tommy Pedersen med hver fire sejre viste deres styrke.

Kampene mellem de næstbedste herrer blev lidt mere spændende

Her vandt OB med 6-3. Men det skyldtes udelukkende, at Island havde lånt Jørgen B. Jensen, der tegnede sig for alle tre sejre.

bo

ÁR ÚRKLIPPUR. bls.

1974. Færeyjarför 1
1975. Ísl. mót 2.
1976. Ísl mót 3
Reik mót
ARNAR MÓT
GUNNAR F. viðtal
BIRKIR Þ.G. VIÐTAL. 4
Hjálmtýr H. VIÐTAL
1977. UNGL. MÓT KR 5
REIK MÓT
HM '77
LANDSL. Færeyjar
Ísl-mót 6.
Stefán K. viðtal
ÚRKLIPPA ÚR ÍÞRÓTTABL. 7.
1978. Ísl. mót
Reik mót.
Landsleikur Færeyjar
AFMÆLISMÓT AKUREYRAR 8.
ARNARMÓTIÐ

VÍK
70 ára afmælismót 9.
PUNKTAMÓT KR
AFMÆLISBLAÐ KR
DÖNSK ÚRKLIPPA 10
Íþróttamenn ársins
1979 Tómas G. viðtal
ARNARMÓTIÐ 11.
Reik mót
MARAÞONMET GERPLU
LANDSLEIK WALES FÖR-EM 12
80 ára afmælism. KR
Tvíliðaleiksmót KR
Landsleikur Færeyjar
Gunnar Jóh. viðtal
Tómas G. viðtal
Ísl. mót 13.
1980 BUTTERFLY MÓT. 15
Falladir í Eyjum
Gullspaðinn
Reik mót
Guðný G. viðtal 16

---

1974

ótt frá Borðtennissambandi Íslands.

ennis verður í Færeyjum í nóvember og fer borðtennis-
a sunnudaginn 17.nóvember og kemur aftur 24.nóvember

alið þá sem fara til Færeyja.
fur H. Ólafsson Örninn
lmar Aðalsteinsson K.R.
nar Ragnarsson Örninn
Sigurðsson Í.B.K.
rgvin Jóhannesson Gerpla
tvíliðaleik: Birkir Þ. Gunnarsson Örninn
Jóhann Örn Sigurjónsson Örninn

ina S. Sveinbjörnsdóttir Gerpla
rún Einarsdóttir Gerpla
lína Guðmundsdóttir Örninn

gar: Gunnar Þór Finnbjörnsson Örninn
Jónas Kristjánsson Örninn
Hjörtur Jóhannsson Í.B.K.

gar: Hjálmtýr Hafsteinsson K.R.
Guðmundur Jóhannsson Gerpla
Tómas Guðjónsson K.R.

rður Sigurður Guðmundsson.

réttir frá Borðtennissambandi Íslands.

borðtennis fór fram sunnudaginn 13.oktober í
. Úrslit urðu að Gunnar Þór Finnbjörnsson Ernin
rð Hjálmar Aðalsteinsson K.R. Mótið var hald
. og var Birgir Árnason mótstjóri.

mótið verður haldið í Karlshamn í Svíþjóð 28.n
i Áka Lúðvíkssyni í síma 19577 á kvöldin.

ands Íslands verður haldið 9.nóvember kl.14,oo
Heiðura Leifsbúð

verður formannafundur borðtennissambanda Nor
BTÍ Sveinn Áki Lúðvíksson situr fundinn af Ís

eyjarförum mánudaginn 21.október kl.20,oo á s
Laugardal nýja húsið 1.hæð.

mæti eða boði forföll til fararstjóra í síma:2

1980 HM Júgóslavíu 16
Flokkakeppnin
1981 Ísl.mót 17.
Íþróttam. mánaðarins
Reik mót. 18.
Ísl.mót lyftingar
Gullspaðinn 19
Em. félagsliða 20
Butterfly mót
Fatlaðir til Seiss
Ragnh. Sig viðtal
1982 EM Yersey 21
ungl. ETTU G.f.
PORTIA
Tannlækner
afmælismót BTÍ
Ping pong Ólafsvík.
Ísl.-MÓTIÐ
Verðlaunaafhending. 22.
Bílpallasöfnun
Punktamót KR
Reik mót
Gullspaðinn.
1983. Forsetinn
Ármannsmótið
Punktam. UMFK
Ísl mót 23
ÍÞRÓTTAMAÐUR KR 24
VÍKINGSMÓT 25
1984 EM - 3 DEILD MALTA
ÍSLANDSMÓT '84 26


1974

étt frá Borðtennissambandi Íslands.

ennis verður í Færeyjum í nóvember og fer borðtennis-
a sunnudaginn 17.nóvember og kemur aftur 24.nóvember.

alið þá sem fara til Færeyja.
fur H. Ólafsson Örninn
lmar Aðalsteinsson K.R.
nar Ragnarsson Örninn
Sigurðsson Í.B.K.
gvin Jóhannesson Gerpla
víliðaleik: Birkir Þ. Gunnarsson Örninn
Jóhann Örn Sigurjónsson Örninn

a S. Sveinbjörnsdóttir Gerpla
n Einarsdóttir Gerpla
lína Guðmundsdóttir Örninn

r: Gunnar Þór Finnbjörnsson Örninn
Jónas Kristjánsson Örninn
Hjörtur Jóhannsson Í.B.K.

: Hjálmtýr Hafsteinsson K.R.
Guðmundur Jóhannsson Gerpla
Tómas Guðjónsson K.R.

ur Sigurður Guðmundsson.

tir frá Borðtennissambandi Íslands.

borðtennis fór fram sunnudaginn 13.oktober í
Úrslit urðu að Gunnar Þór Finnbjörnsson Erninu
Hjálmar Aðalsteinsson K.R. Mótið var hald
og var Birgir Árnason mótstjóri.

mótið verður haldið í Karlshamn í Svíþjóð 28.n
Áka Lúðvíkssyni í síma 19577 á kvöldin.

nds Íslands verður haldið 9.nóvember kl.14,oo
leiðum Leifsbúð

verður formannafundur borðtennissambanda Nor
BTÍ Sveinn Áki Lúðvíksson situr fundinn af Ís

eyjarförum mánudaginn 21.október kl.20,oo á s
Laugardal nýja húsið 1.hæð.

mæti eða boði forföll til fararstjóra í síma:2